



Ársskýrsla

KFUM og KFUK á Íslandi
Starfsárið 2019–2020





Inngangur formanns



Sólveig Reynisdóttir
formaður KFUM og
KFUK

Kæra félagsfólk,

Eins og við höfum oft heyrt í fjölmiðlum erum við að ganga í gegnum fordæmalaus tíma þar sem kórónaveira herjar á samfélög heimsins. Við höfum áhyggjur af útbreiðslu veirunnar, heilsu fjölskyldu og vina, við þurfum að forðast samverur, nánd við aðstandendur og óvissa ríkir um atvinnuástand. Þetta eru erfiðir og flóknir tímar. Þrátt fyrir það má sjá einhverja fegurð í að hægja á hraða samfélagsins og að eiga fleiri samverustundir fjölskyldu og vinum, þó þær séu stundum á bak við tölvuskjá. Hugur minn og forystu KFUM og KFUK á Íslandi er hjá félagsfólkinu okkar. Megi Guð blessa ykkur, styðja og styrkja.

Félagsstarf KFUM og KFUK á Íslandi hefur ekki farið varhluta af breyttu landslagi vegna faraldursins. Félagið hefur þurft að fresta fundum, samverum og aflýsa vetrarstarfinu. Það er sérstök upplifun að þurfa að hætta á miðri önn en við höfum reynt að nýta tæknina þar sem við höfum séð tækifærin. Má þar sérstaklega nefna verkefni undir myllumerkinu #fjarfjör. Þar hafa æskulýðsfulltrúar og leiðtogar vetrarstarfs komið sterkir inn með hugmyndir af þrautum og leikjum og deilt á samfélagsmiðla. Einnig vil ég nefna að stjórn KFUM og KFUK á Íslandi hélt í fyrsta sinn í sögu félagsins fjarstjórnarfund þar sem hver stjórnarmeðlimur sat heima við sína tölvu.

Þrátt fyrir þessa sérstöku tíma var heilmikið í gangi á síðasta starfsári. Í þessari ársskýrslu er litið yfir farinn veg síðasta starfsárs þar sem starfsfólk og fjölmargir sjálfboðaliðar lögðu hönd á plóginn í félagsstarfi KFUM og KFUK. Fyrir hönd stjórnar þakka ég þeim fyrir vel unnin og ómetanleg störf í þágu félagsins.

Eftir síðasta aðalfund tók ég við keflinu af Helga Gíslasyni sem formaður KFUM og KFUK á Íslandi. Þetta starfsár hefur í senn verið ánægjulegt en einnig verið mér mikill skóli í að máta mig við þessa nýja stöðu og átta mig á þeirri ábyrgð og áskorunum sem henni fylgir. Ég er þakklát þeim stuðningi og hvatningu sem ég hef fengið frá félagsfólki á starfsárinu.

Að lokum sendi ég kveðju og blessunaróskir til alls félagsfólks og velunnara fyrir hönd stjórnar KFUM og KFUK á Íslandi. Með von um að við stígum samhuga inn í verkefni framtíðarinnar og að börn landsins fái að njóta sumarbúðanna okkar í sumar.

Sólveig Reynisdóttir
Formaður KFUM og KFUK á Íslandi

Efnisyfirlit

1. Forysta KFUM og KFUK.....	6	9. Jól í skókassa.....	30
2. Æskulýðsstarf.....	9	10. Starfsstöðvar KFUM og KFUK.....	31
3. Leiðtogabjálfun.....	14	11. Vindáshlið.....	32
4. Leikjanámskeið.....	17	12. Vatnaskógur.....	35
5. Fjölskyldu- og fullorðinsstarf.....	18	13. Hólavatr.....	42
5.1 Sportfélag KFUM og KFUK.....	19	14. Öiver.....	44
5.2 Ljósbrott, kvennakór KFUK.....	20	15. Kaldársel.....	47
5.3 Basar KFUK.....	21	16. KFUM og KFUK á Akureyri.....	50
5.4 Karlakór KFUM.....	22	17. KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum.....	52
6. Alþjóðastarf.....	24	18. KFUM og KFUK á Suðurnesjum.....	54
7. Innlend samstarfsverkefni.....	26	19. Vinagarður.....	56
8. Útgáfu- og kynningarmál.....	28		

Nafnið segir hver við erum

KFUM og KFUK stendur fyrir Kristilegt félag ungra manna og kvenna. Við búum við þau forréttindi að nafn félagsins segir hver við erum. Hver stafur hefur sína merkingu.

K

Kristilegt

Við fræðum þátttakendur um boðskap Biblíunnar, líf og starf Jesú Krists, kennum þeim að þekkja trú sína, rækja hana og meta gildi hennar.

F

Félag

Við erum frjáls félagasamtök og störfum eftir lýðræðislegum leikreglum.

U

Ungra

Við erum æskulýðshreyfing og leggjum áherslu á að standa fyrir heilbrigðu félagsstarfi fyrir börn og ungmenni.

M/K

Manna og kvenna

Við stuðlum að mannrækt og mannúð. Við stöndum fyrir uppbyggjandi verkefnum, gagnlegum samfélaginu.



Merkið undirstrikar markmiðið

KFUM og KFUK er æskulýðshreyfing sem hefur að markmiði að stuðla að heilbrigði mannsins til líkama, sálar og anda. Þríhyrningurinn í merki félagsins undirstrikar þetta, en hliðar hans tákna líkama, sál og anda. Aðferðafræðin er aðferð Jesú Krists: Að mæta hverri manneskju af umhyggju, kærleika og virðingu.

120 ára æskulýðsfélag

KFUM og KFUK voru stofnuð 1899. Stofnandinn sr. Friðrik Friðriksson telst til merkari manna 20. aldarinnar. Mörg önnur félög eiga rætur að rekja til KFUM og KFUK og starfs sr. Friðriks, þar á meðal íþróttafélagin Valur og Haukar, karlakórinn Fóstbræður og skátastarf á Íslandi. Fjölbreytnin í starfi KFUM og KFUK er í samræmi við orð stofnandans: „Ekkert sannarlega mannlegt er óviðkomandi sönnum kristindómi.“



Stytta af sr. Friðriki Friðrikssyni stofnanda KFUM og KFUK stendur við Lækjargötu í Reykjavík.

Fjölbreytni einkennir starfið

Starf KFUM og KFUK er mjög fjölbreytt. Við eigum og starfrækjum fimm sumarþúðir, höldum úti 29 æskulýðsdeildum víðs vegar á landinu, stöndum fyrir stórum og smáum viðburðum og metnaðarfullri leiðtogaþjálfun. Þá eigum við leikskólann Vinagarð, rekum þjónustumiðstöð við Holtaveg auk þriggja félagsheimila á landsbyggðinni.



Æskulýðsstarf



Vatnaskógur



Kaldársel



Sumarþúðir



Leiðtogaþjálfun




Viðburðir




Ölver



Sæludagar



Hólavatn



Alþjóðleg hreyfing



Feringarnámskeið



Leikjanámskeið



Jól í skókassa



Vindáshlíð



Fullorðinsstarf



Leikskóli



Fyrir fjölskyldur

1. Forysta KFUM og KFUK

Aðalfundur KFUM og KFUK fór fram laugardaginn 13. apríl 2018 á Holtavegi 28 í Reykjavík. Í upphafi fundar hafði sr. Sigurður Arnarson, prestur í Kópavogskirkju, hugvekju. Fyrir fundinum lágu hefðbundin aðalfundarstörf. Á fundinum lét Helgi Gíslason af störfum sem formaður félagsins og voru honum þökkuað góð störf. Jákvæð og uppbyggileg umræða einkenndi fundinn. Fundarstjóri var Viðar Helgason og fundarritarar þau Guðrún Nína Petersen og Ingi Bogi Bogason.

Í stjórninni 2019–2020 störfuðu eftirtalin og skiptu þannig með sér verkum:

Sólveig Reynisdóttir, formaður
Stefán Jónsson, varaformaður
Guðlaug Jökulsdóttir, ritari
Sigurður Erlingsson, gjaldkeri
Blær Elíasson, meðstjórnandi
Henry Þór Gránz, meðstjórnandi
Karen Lind Ólafsdóttir, meðstjórnandi
Helga Kolbeinsdóttir, meðstjórnandi
Arna Ingólfsdóttir, varamaður
Ómar Kristinsson, varamaður

Samkvæmt lögum félagsins skal stjórnin skipuð jafn mörgum konum og körlum. Hjá félaginu hefur skapast sú hefð að varamenn eru ávallt boðaðir á fundi og eru jafnan virkir stjórnarmenn. Guðlaug Jökulsdóttir sagði sig frá stjórnarstörfum sumarið 2019 og tók Arna Ingólfsdóttir sæti hennar.

Heiðursfélagar

Heiðursfélagar KFUM og KFUK eru þau Ásgeir B. Ellertsson, Betsy R. Halldórsson, Emillía Ósk Guðjónsdóttir, Guðmundur Ómar Guðmundsson, Helga K. Friðriksdóttir og Sverrir Axelsson.

Hátíðar- og inntökufundur

Á hverju ári eru nýir félagar í KFUM og KFUK boðnir velkomnir í félagið á sérstökum hátíðar- og inntökufundi sem að þessu sinni fór fram 11. febrúar 2020 í húsi KFUM og KFUK við Holtaveg. Á þessu starfsári gengu 28 nýir félagar til liðs við félagið og voru 15 þeirra á fundinum. Dagskrá fundarins var í senn hátíðleg og skemmtileg, undir öruggri fundarstjórn Perlu Magnúsdóttur og Hákonar Arnars Jónssonar. Upphafsorð hafði Karen Lind Ólafsdóttir. Dúettinn Ég og hún var með tónlistaratriði. Hugvekju flutti Pétur Ragnhildarson. Sólveig Reynisdóttir formaður og Stefán Jónsson varaformaður buðu nýja félaga velkomna með hefðbundnum og hátíðlegum hætti. Hátíðarfundurinn var að vanda veislufundur með veglegum kvöldverði. Umsjón með fundinum var alfarið í höndum stjórnar félagsins.

Stjórnarfundir

Þegar þetta er ritað hefur stjórnin haldið 11 stjórnarfundum og er einn á dagskrá fram að aðalfundi sem boðaður hefur verið 4. apríl.

Málefni á borði stjórnar voru margvísleg, t.d.

Breytingar og viðhald félagshússins Holtavegi 28
Aukin áhersla á ungleiðtogabjálfun KFUM og KFUK
Góður gangur í æskulýðsstarfinu
Rekstur og fjármál
Samstarf félagsins við KSH, KSS og KSF
Ný persónuverndarlög
Alþjóðlegt samstarf á vegum KFUM og KFUK
Starfsmannanámskeið sumarþúða
Samfélags- og fullorðinsstarf félagsins
Verkefni hjá starfsstöðvum félagsins
Gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020
Starfsmannamál
Hátíðar- og inntökufundur KFUM og KFUK á Íslandi
Aðalfundur og fulltrúaráðsfundur KFUM og KFUK á Íslandi.

Tengiliðir við starfsstöðvar

Stjórnarfolk skipti með sér að vera tengiliðir við einstaka starfsstöðvar félagsins. Hlutverk tengiliðs er að brúa bil á milli stjórnar og viðkomandi starfsstöðvar m.a. með því að halda sambandi við stjórnarfolk viðkomandi starfsstöðvar, mæta á aðalfund hennar og miðla upplýsingum. Tengiliðir voru sem hér segir:

Ómar Kristinsson, tengiliður við Kaldársel
Sigurður Erlingsson, tengiliður við Vatnaskóg
Helga Kolbeinsdóttir, tengiliður við Vindáshlíð
Guðlaug Jökulsdóttir, tengiliður við Ölver
Stefán Jónsson, tengiliður við Hólavátn og KFUM og KFUK á Akureyri
Henry Þór Granz, tengiliður við KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum
Blær Elíasson, tengiliður við KFUM og KFUK í Keflavík
Arna Ingólfsdóttir, tengiliður við leikskólann Vinagarð

Ráð á vegum stjórnar KFUM og KFUK á Íslandi

Þrjú ráð voru virk á starfsárinu, fjármálaráð, umhverfisráð og húsráð. Sigurður Erlingsson, Stefán Jónsson og Sveinn Valdimarsson sitja í fjármálaráði sem hefur m.a. á sínu borði að formgera og gera starfsreglur fyrir varasjóð KFUM og KFUK, sem nemur rúmlega 180 milljónum. Ráðið er að skoða hentugustu leiðirnar til að halda utan um sjóðinn og laga fjárfestingarstefnuna. Ómar Kristinsson, Helgi Gíslason, Dagný Bjarnhéðinsdóttir, Ísak Henningsson og Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir sitja í umhverfisráði. Ráðið hefur bent á hvar félagið og starfsstöðvar geta bætt sig þegar kemur að umhverfismálum og gert tillögur um mótun aðgerðaáætlana í samræmi við umhverfisstefnu sem samþykkt var á aðalfundi 2017. Henry Þór Gránz, Arna Ingólfsdóttir, Björn Þór Baldursson og Geirlaugur Ingi Sigurbjörnsson hafa myndað húsráð sem hefur sinnt viðhaldi og breytingum á Holtavegi 28, sem fjallað er um á öðrum stað í þessum kafla.

Félagshúsið Holtavegi 28

Aðalstöðvar félagsins á Holtavegi 28 eru tvö hús, tengd saman með tengibyggingu sem jafnframt er anddyri að báðum hlutum. Eldra húsið var byggt 1952 og gegndi hlutverki félagsheimilis til ársins 1986 er því var breytt í skrifstofu og fundaraðstöðu fyrir félagið. Í beinu framhaldi var nýrri hlutinn byggður sem félagsheimili og tekinn í notkun árið 1994.



Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra og Sólveig Reynisdóttir, formaður KFUM og KFUK, skrifa undir samning félagsins og ráðuneytisins.



Stjórn félagsins: Sigurður Erlingsson, Blær Eliásson, Arna Ingólfssdóttir, Helga Kolbeinsdóttir, Ómar Kristinnsson, Sólveig Reynisdóttir, Stefán Jónsson og Guðlaug Jökulsdóttir. Á myndina vantar Henry Þór Gränz og Karen Lind Ólafsdóttur.



Nýjum félögum var fagnað á hátíðar- og inntökufundi KFUM og KFUK sem haldinn var 11. febrúar 2020.



Félagsheimili KFUM og KFUK við Holtaveg er miðstöð félagsins.

Eldri hlutinn er ónýtur

Eldri hluti aðalstöðva félagsins við Holtaveg 28, skrifstofuhúsnæði félagsins, hefur verið dæmdur ónýtur. Á árinu 2015 greindist myglusveppur á nokkrum stöðum í þeim hluta hússins. Í kjölfarið var skrifstofa félagsins flutt yfir í félagsheimilið og rýmið þar aðlagð breyttum þörfum. Eldra húsið hefur staðið óhreyft á starfsárinu, en það verður rífið þegar búið er að taka ákvörðun hvað verður byggt í staðinn.

Nýrri hlutinn – breytingar og viðhald

Á síðustu misserum hafa verið gerðar breytingar á aðalhlæð félagsheimilisins til að bæta starfsaðstöðu. Parketið á hæðinni var slípað og lakkad. Salnum var skipt í tvennt með fellivegg, fundarherbergi stúkað af í suðvesturenda kaffiteriunnar, kaffiterian endurhönnuð og gerð hlýleg. Þá var gömlu fundarherbergi og geymslu umbreytt í nútíma skrifstofuaðstöðu. Á starfsárinu 2019-2020 voru tæknimál í aðalsal uppfærð með nýjum skjávarpa, skjávarpatjaldi, hljóðkerfi og stýribúnaði. Keypt voru gluggatjöld í kaffiteríu, fundarherbergi og í aðalsal. Staðið var fyrir fjársöfnun fyrir nýjum stólum í aðalsal hússins. Fjöldi félagsfólks hefur gefið í söfnunina. Búið er að kaupa nýja stóla sem koma í hús sumarið 2020. Þá var endasalurinn sparslaður og málaður, en mikil og ljót sár voru þar í veggjum eftir að tæknipallur var fjarlægður. Áfram verður unnið að því að bæta starfsaðstöðu innandyra á Holtavegi 28, m.a. að gera endasalinn vistlegri og laga anddyri hússins. Að utan var hluti hússins málaður sumarið 2019 og bætt var útlýsing yfir anddyri. Þá voru gerðir veglegir fánar í sjö fánastangir sem snúa að bílastæðunum. Bætti það viðmót við aðkomu að húsinu. Umsjón með félagshúsinu á Holtavegi 28 er í höndum húsráðs sem skipað er: Henry Þór Gränz, formanni, Örn

Ingólfssdóttur, Birni Þór Baldurssyni og Geirlaugi Inga Sigurbjörnsyni, auk þess sem Tómas Torfason framkvæmdastjóri starfar með ráðinu. Auk þeirra komu eftirfarandi sjálfbóaliðar að ofanefndum verkefnum á starfsárinu: Sigurður Jóhannsson, Páll Hreinsson, Halldór Björnsson og Arnar Gauti Sverrisson sem hefur jafnframt verið sérlegur ráðgjafi um breytingar innanhúss.

Þá er rétt að minnst á framlag Alberts E. Bergsteinssonar til hússins. Albert mætir mánaðarlega til að yfirfara vatnsdælu í kjallaranum og moka út mýrrauða sem safnast þar fyrir.

Framtíðaruppbygging á lóð félagsins

Umræðan hvernig bregðast skuli við ónýta húsinu tók ekki mikið rými á starfsárinu 2019-2020. Um er að ræða stórar ákvarðanir sem lúta ekki aðeins að því að byggja nýtt hús, heldur einnig hvernig skuli fjármagna þá framkvæmd, þörf félagsins fyrir nýtt hús og mikilvægi þess að hafa tekjur til að reka þá fermetra til framtíðar. Umræðurnar hafa leitt okkur út á þá braut að skoða hvort nýta megi betur lóðina á Holtavegi 28. Sú hugmynd sem unnið hefur verið með á starfsárinu snýst um að fá að nýta hluta lóðarinnar undir íbúðir sem yrðu seldar og með því náð að fjármagna byggingu á nýju húsi í stað þess sem þarf að rífa. Þá er horft til þess að nýtt hús yrði nýtt 30–50% beint fyrir félagið en 50–70% undir tekjuberandi starfsemi á vegum þess, t.d. með ungmennahosteli og jafnvel frístundaheimili að hluta. Með því væri samhliða verið að styrkja tekjugrunn félagsins og stuðla að sjálfbærni í rekstri húsakosta á Holtavegi. Forysta félagsins hefur kynnt skipulagsyfirlidum í Reykjavík hugmyndir sínar og á í viðræðum við borgaryfirvöld um breytingar og uppfærslu á lóðarsamningi.



Á starfsárinu var samstarfið við Kristilegu skólahreyfinguna formgert í skriflegu samkomulagi. Samkvæmt því mun KFUM og KFUK styðja við skólahreyfinguna á fjölþættan hátt og skólahreyfingin starfa í takti við áherslur og stefnu KFUM og KFUK.

Samstarfið við skólahreyfinguna

Kristilega skólahreyfingin (KSH); Kristileg skólasamtök (KSS) og Kristilegt stúdentafélag (KSF) hafa átt náið samstarf við KFUM og KFUK á Íslandi um áratuga skeið. Starf KSS miðast við aldurshópinn 15-20 ára og starf KSF fyrir háskólastúdenta. Ungmennastarf skólahreyfingarinnar hefur verið það samofið starfi KFUM og KFUK, að félaginu hefur ekki þótt ástæða til að standa fyrir eigin starfi fyrir sama aldurshóp í Reykjavík.

Á síðustu misserum hefur stjórn KFUM og KFUK þótt ýmislegt benda til þess að skerpa þyrfti á samstarfinu. Því átti stjórn KFUM og KFUK samtal við forystufólk skólahreyfingarinnar um þau mál á starfsárinu. Umræðan tók bæði tíma og orku, enda voru uppi mismunandi sjónarmið sem þurfti að ræða meðal þeirra sem að málinu komu.

Niðurstaðan var skriflegt samkomulag milli aðila, sem m.a. inniheldur að KFUM og KFUK mun styðja við starf skólahreyfingarinnar á fjölþættan hátt og skólahreyfingin muni starfa í takti við áherslur og stefnu KFUM og KFUK.

Norrænn formanna- og framkvæmdastjórafundur

Árlegur fundur formanna og framkvæmdastjóra KFUM og KFUK á Norðurlöndunum var haldinn í Helsinki í Finnlandi 24. og 25. janúar 2020. Sólvieg Reynisdóttir og Tómas Torfason sóttu fundinn fyrir hönd Íslands. Tómas sótti einnig árlegan fund framkvæmdastjóra KFUM í Evrópu, sem haldinn var í Cluj í Rúmeníu 18.–20. nóvember 2019.

Persónuverndarlög

Ný persónuverndarlög snerta starfsemi KFUM og KFUK. Unnið er að því að aðlagja starfsemi félagsins nýjum reglum. Skipaður var vinnuhópur, en í honum sitja Helgi Gíslason, Alla Rún Rúnarsdóttir, Elín Hrund Garðarsdóttir, Davíð Örn Sveinbjörnsson og Nanna Guðný Siguðardóttir.

Skrifstofa KFUM og KFUK

KFUM og KFUK á Íslandi starfrækir miðlæga skrifstofu fyrir félagið á Holtavegi 28. Þar er sinnt fjármálaumsjón og bókhaldi fyrir allar starfsstöðvar og deildir sem kynntar eru í þessari skýrslu. Þaðan er einnig rekið miðlægt skráningarkerfi fyrir sumarbúðir og aðra viðburði félagsins. Þá sinnir skrifstofan margþættum verkefnum sem snúa að kynningarstarfi, þjónustu við starfsstöðvar, einkum sumarbúðir, viðburðum í félagshúsinu á Holtavegi o.fl.



Starfsmenn KFUM og KFUK áttu starfsdag í nóvember, þar sem Borgarleikhúsið var m.a. heimsótt. Myndin er tekin í einni af leikmyndum hússins.

Starfsfólk KFUM og KFUK

Starfsfólk KFUM og KFUK eru: Tómas Torfason, framkvæmdastjóri, Þröstur Árni Gunnarsson, fjármálastjóri, Klara V. Þórhallsdóttir sem sér um bókhald og rekstur, Elín Hrund Garðarsdóttir, þjónustufulltrúi, Unnur Ýr Kristinsdóttir, verkefnastjóri æskulýðssviðs og Hjördís Rós Jónsdóttir verkefnastjóri leiðtogaþjálfunar í 30% starfi. Eydis Ösp Eyþórsdóttur æskulýðsfulltrúi og svæðisfulltrúi á Norðurlandi er í 70% starfi með starfsaðstöðu á Akureyri. Þá er Gísli Stefánsson í 15% starfi með aðsetur í Vestmannaeyjum. Sumarstarfsmaður á skrifstofunni 2019 var Tinna Dögg Birgisdóttir. Á skrifstofu félagsins á Holtavegi er einnig starfsaðstaða framkvæmdastjóra Vatnaskógar, Ársæls Aðalbergssonar. Í september 2019 kom Halldór Elías Guðmundsson til liðs við starfsmannateymið í sérstök verkefni á æskulýðssviði og í tækni- og tölvumálum á skrifstofu.

Nokkrir starfsmenn sinntu hlutastörfum á æskulýðssviði veturinn 2019–2020, einkum að leiða æskulýðsdeildir sem starfræktar eru í samstarfi við sóknir, auk þess að sinna viðburðastjórnun. Gunnar Hrafn Sveinsson er í 40% starfi og Hreinn Pálsson í 20% að sinna æskulýðsstarfi í Lindakirkju, Matthías Guðmundsson er í 20% starfi við að sinna æskulýðsstarfi í samstarfi við Akranesarkirkju, Heiðar Örn Hönnuson í 20% starfi að sinna æskulýðsstarfi í samstarfi við Njarðvíkursóknir, Pétur Bjarni Sigurðarson er í 30% starfi að sinna æskulýðsstarfi í samstarfi við Grindavíkurkirkju og Njarðvíkursóknir. Guðbjörg Ylfa Hammer er í 10% starfi við að sinna æskulýðsstarfi í samstarfi við Grindavíkurkirkju. Jens Elfi Gunnarsson og Benedikt Guðmundsson og Birta Lind Guðmundsdóttir eru 15% starfi að sinna æskulýðsstarfi í samstarfi við Hveragerðiskirkju.



2. Æskulýðsstarf

Æskulýðsstarf er kjarnastarfsemi KFUM og KFUK á Íslandi. Markmið félagsins er að bjóða ungu fólki að taka þátt í að skapa jákvætt félagsstarf sem mætir hverjum einstaklingi af umhyggju og virðingu og stuðlar að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska hvers og eins. Í KFUM og KFUK fær ungt fólk tækifæri til að vaxa í vitund um sjálft sig, um aðra, um samfélagið í kringum okkur og um lífandi Guð. Með þátttöku í starfinu öðlast einstaklingar færni til að hafa áhrif til breytinga á þessum sviðum. Æskulýðsstarfinu er sinnt af sjálfbodaliðum sem hafa fengið þjálfun, fræðslu og handleiðslu. Margir þeirra hafa tekið þátt í starfinu frá því þeir voru börn en svo fengið tækifæri til að axla ábyrgð og vaxa og þroskast í hlutverki leiðtoga. Það er því mikilvægt verkefni stjórnar og starfsfólks félagsins að hlúa að leiðtogunum og veita þeim tækifæri til virkrar þátttöku í starfinu.

Vetrarstarf KFUM og KFUK starfsárið 2019-2020

Veturinn 2019-2020 voru starfræktar 26 KFUM og KFUK deildir. Starfinu var haldið uppi af 97 leiðtogum og aðstoðarleiðtogum. Í vetur hefur flottur hópur ungmenna tekið þátt í leiðtogapjálfun KFUM og KFUK fyrir 15–17 ára og hefur hluti af þeirra þjálfun farið fram í deildastarfinu. Starfið í vetur var afar blómlegt og auk vikulegra samverustunda var boðið upp á fjölbreytta viðburði fyrir þátttakendur.

Viðburðir og verkefni í æskulýðsstarfinu

Vorferð yngri deilda

Vorferð yngri deilda var farin 5.–6. apríl 2019. Öllum börnum í yngri deildum KFUM og KFUK var boðið að taka þátt í vorferðinni, sem farin var í Vatnaskóg þar sem gist var eina nótt. Um 100 þátttakendur úr starfi félagsins í Reykjavík, Keflavík, Kópavogi, Hveragerði, Grindavík og Innri- Njarðvík tóku þátt í vel heppnaðri ferð. Dagskráin var ekki af verri endanum en boðið var meðal annars upp á leiki og fjör, skemmtilega kvöldvöku, náttfatapartý, morgunstund og ævintýraratleik. Hreinn Pálsson var mótsstjóri og sá um undirbúning ásamt leiðtogum í starfi KFUM og KFUK.

Kvöldvaka sumarþjóðana

Tæplega 300 manns mættu í yndislegu veðri á Holtaveg 28 til að taka þátt í kvöldvöku sumarþjóðanna þann 23. ágúst 2019. Kvöldvakann er sameiginlegur viðburður allra sumarþjóða KFUM og KFUK og nokkurs konar uppskeruhátíð eftir sumarstarfið. Tinna Dögg Birgisdóttir æskulýðsfulltrúi hélt utan um viðburðinn og stýrði honum ásamt fjölmörgum af starfsmönnum sumarþjóðanna. Boðið var upp á sigild kvöldvökuatriði frá sumarþjóðunum, söng og gleði, kandifloss, grillaðar pylsur og ís. Hægt var að taka þátt í ýmsum leikjum og hoppukastalarnir

Hér má sjá fjölda deilda og fjölda þátttakenda í vetrarstarfi KFUM og KFUK árið 2019–2020 í samanburði við þrjú starfsár þar á undan.

	Fjöldi deilda 2016-2017	Fjöldi þátttakenda 2016-2017	Fjöldi deilda 2017-2018	Fjöldi þátttakenda 2017-2018	Fjöldi deilda 2018-2019	Fjöldi þátttakenda 2018-2019	Fjöldi deilda 2019-2020	Fjöldi þátttakenda 2019-2020
Vínadeildir (6–9 ára)	2	33	4	104	5	137	4	73
Yngri deildir (10–12 ára)	16	520	14	457	13	326	12	351
Unglingadeildir (13–15 ára)	10	413	12	452	11	307	10	380
Samtals	28	966	30	1013	29	770	26	804

sívnælu voru á sínum stað. Hljómsveit KSS spilaði fyrir söng og þeir Gunnar Hrafn Sveinsson og Hreinn Pálsson héldu uppi fjörinu. Kvöldvakan var vel heppnuð og gleðin skein úr hverju andliti.

Jól í skókassa

Líkt og fyrr ár hefur verkefnið Jól í skókassa fengið sérstaka umfjöllun í deildastarfinu. Deildirnar hafa haldið sérstaka Jól í skókassa fundi þar sem börnin fá að heyra um verkefnið, fræðast um Úkraínu og hafa svo útbúið skókassa í kjölfarið. Það hefur verið mjög góð þátttaka og 300-400 kassar hafa skilað sér úr deildum KFUM og KFUK. Nánar má lesa um verkefnið Jól í skókassa í kafla 9 í ársskýrslunni.

Hautferð Yngri deilda

Í fyrsta skipti var haldin hautferð fyrir yngri deildir KFUM og KFUK í Vatnaskógi 15.-16. nóvember. Það var nóg um að vera og allir gátu fundið eitthvað við sitt hæfi. Dagskráin var ekki af verri endanum meðan dvölinni stóð en má þá helst nefna hefðbundnar og óhefðbundnar íþróttir, hoppukastalar, leikir, kvöldvaka og margt fleira. Um 120 þátttakendur úr starfi félagsins í Reykjavík, Keflavík, Kópavogi, Hveragerði, Grindavík og Innri- Njarðvík tóku þátt í vel heppnaðri ferð. Það voru um 40 leiðtogar og aðstoðarleiðtogar sem hjálpuðu til við mótið. Þær Andrea Rut Halldórsdóttir, Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir og María Rut Arnarsdóttur voru mótsstjórar og sá um undirbúning ásamt leiðtogum í starfi KFUM og KFUK.

Miðnæturmót unglíngadeilda

Miðnæturíþróttamót unglíngadeilda KFUM og KFUK er orðinn fastur liður í starfi félagsins. Í ár var mótið haldið í Vatnaskógi dagana 16. -

17. nóvember. Rúmlega 120 manns mættu á mótið ásamt um 20 leiðtogum og skemmtu sér langt fram eftir nóttu. Dagskráin var ekki af verri endanum og gátu þátttakendur tekið þátt í ýmsum leikjum og keppnum.

Haldin voru fótboltamót, borðtennismót, pythökkímót, blakmót, billíardmót, fútbólsmót og spurningakeppni UD. Einnig voru allskonar partýleikir, spilahorn, brjóstsykursgerð, hoppukastalar og heitir pottar að ógleymdri Vatnaskógarkvöldvökunni. Þátttakendur voru þreyttir en afar sáttir þegar þeir héldu heim á leið. Viðburðurinn er orðinn órjúfanlegur þáttur í starfi unglíngadeilda KFUM og KFUK og stækkar með hverju ári. Mótið styrkir samböndin milli deildanna og eflir líkamann, sálina og andann. Mótsstjórar í ár voru þeir Ástráður Sigurðsson og Fannar Logi Hannesson, þeir sáu um allan undirbúning og mótsstjórn á mótinu.



Æskulýðsmótið Friðrik

Æskulýðsmótið Friðrik var haldið helgina 21.-23. febrúar í Vatnaskógi. Mótið er haldið fyrir unglinga í 8.-10. bekk og hefur verið órjúfanlegur hluti af deildastarfi KFUM og KFUK undanfarin ár. Að þessu sinni tóku deildir frá Fella- og Hólakirkju, Kópavogskirkju, Lindakirkju, Reykjanesbæ, Grindavík, Hveragerði, Akranesi, Vestmannaeyjum og Akureyri þátt í herlegheitunum í Svínadal. Mótsstjórar í ár voru Gunnar Hrafn Sveinsson og Hreinn Pálsson, æskulýðsfulltrúar. Margt var í boði um helgina líkt og fyrri ár. Má þar nefna frjálsan tíma, heita potta, kvöldvökur, íþróttir og leiki og spilastundir, svo fátt eitt sé nefnt. Að ógleymdu Svínadalshöllunni fræga sem var í umsjá Dj Loghan og Krilla West. Mótið gekk mjög vel fyrir sig og voru þátttakendur og leiðtogar um 120 í ár.



Vetrarferð KFUM og KFUK

Árleg vetrarferð KFUM og KFUK og KSS til Akureyrar var á dagskrá dagana 13.- 15. mars. Þar ætlaði hópur ungmenna á Akureyri undir stjórn Eyðisar Aspar Eypórsdóttur æskulýðsfulltrúa að taka á móti ungmennum af höfuðborgarsvæðinu. Því miður þurfti að afboða ferðina tveimur dögum fyrir brottför vegna Covid19 veirunnar.



Hetjan ÉG!

Á vormisseri 2020 var boðið upp á ný og vönduð námskeið fyrir krakka í 5. og 6. bekk undir heitinu Hetjan ÉG!. Markmið námskeiðsins er að miðla markmiðasetningu, félagsfærni og jákvæðri sjálfsmynd. Þá er einnig farið yfir mikilvægi þess að taka ábyrgð, hrósa og þora að takast á við áskoranir. Um er að ræða tilraunaverkefni í samstarfi við Lindakirkju annars vegar og Digranes- og Hjallakirkju hins vegar. Takmarkaður fjöldi er á hvert námskeið, sem inniheldur 8 samverur og stendur yfir í 8 vikur. Áhugavert verður að sjá hvernig til tekst.



Viðburðir leiðtoga

Keiluferð leiðtoga

Leiðtogar í starfi KFUM og KFUK gerðu sér glaðan dag í maí með því að fara í keilu og pizzu. Allir skemmtu sér vel og stóð Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir leiðtogi upp sem sigurvegari í keilumótinu. Um leið þökkum við öllum leiðtogunum fyrir frábæran vetur og óeigingjarnt starf fyrir félagið því án þeirra væri ekki hægt að halda úti því frábæra og faglega starfi sem KFUM og KFUK býður upp á.

Skipulagsfundir með forstöðufólki

Áður en deildastarfið hefst á hvorri önn fyrir sig setjast leiðtogar starfsins niður og fara yfir verkefni sem fram undan eru. Í ár voru haldnir tveir skipulagsfundir en ólíkt fyrri árum voru það eingöngu æskulýðsfulltrúar og forstöðufólk sem hittist til að ræða málin og skipuleggja starfið. Fyrri fundurinn var haldinn þriðjudaginn 27. ágúst og hinn seinni 9. janúar. Á fundunum var farið yfir fræðslufni vetrarins og dagskrártilboð kynnt, farið var yfir viðburðina fram undan og fyrri viðburðir endurskoðaðir.

Jólasamvera leiðtoga

Miðvikudaginn 18. desember var öllum leiðtogum og aðstoðarleiðtogum í deildastarfi KFUM og KFUK boðið á sérstaka jólasamveru. Tilgangurinn var að gera sér glaðan dag og fá um leið að þakka öllum leiðtogum fyrir frábært og óeigingjarnt starf fyrir félagið. Borðaður var dýrindis matur og hin árlega jóla-spurningakeppni var haldin. Kvöldið var mjög skemmtilegt og leiðtogar voru leystir út með jólagjöfum, mikilvægt er fyrir leiðtogana að



fá líka að hittast utan viðburða og eiga góða stund saman. Leiðtogarnir á Akureyri héldu einnig sérstaka jólasamveru með góðum mat og félagsskap sama kvöld og hún var haldin í Reykjavík.

Hvers virði er KFUM og KFUK mér?



Svarið við spurningunni mótast af þeirri áratuga reynslu sem ég hef af starfi KFUM og KFUK. Allt frá því að ég var lítill drengur hef ég tekið þátt í starfi félagsins, enda voru foreldrar mínir virkir þátttakendur þar og leiddu mig inn í starfið. Fyrst í sunnudagaskólann í húsi félagsins við Amtmannsstíg þar sem sögur Biblíunnar voru sagðar og útskýrðar þannig að þær festust í barnsminni. Síðan tók við þátttaka í vinadeild, yngri deild og unglingadeild á sama stað þar sem biblíufræðslan hélt áfram í umgjörð uppbyggilegs félagsstarfs. Sumarbúðirnar í Vatnaskógi komu jafnframt til sögunnar við tíu ára aldurinn og dvölin þar ávallt spennandi og ógleymanleg. Allt þetta starf mótaðist af því að sá Guðs orði í ung hjórtu, kenna bæninir og bjóða upp á skemmtilegt og þroskandi félagsstarf. Allar götur síðan hefur þátttaka í starfi félagsins verið gefandi og uppbyggileg, bæði trúarlega og félagslega. Af þessum sökum er KFUM og KFUK mér óendanlega mikils virði og ég trúi því jafnframt að starf félagsins sé einnig ómetanlegt fyrir land og þjóð vegna þess mikilvæga hlutverks að fræða börn og ungmenni um Biblíuna og kenna þeim bæninir, þannig að þau fái að kynnast frelsaranum Jesú Kristi af eigin raun. Ótal margir hafa og geta borðið vitni um það hvers virði þátttaka í starfi KFUM og KFUK hefur verið þeim, bæði trúarlega og félagslega. Þess vegna er mikilvægt að KFUM og KFUK reynist trú þeirri köllun sinni að vekja trú á Jesú Krist og kalla til þjónustu í ríki hans, ekki sist á tímum þegar trúarlegt uppeldi og fræðsla virðist hafa minnkað í samfélaginu. Sögur Biblíunnar og boðskapurinn um Jesú Krist á jafnmikili erindi við ungt fólk í dag eins og áður.

Gunnar Jóhannes Gunnarsson

Yfirlit yfir félagsdeildir, forstöðufólk og leiðtoga, veturinn 2019–2020

VD KFUM og KFUK Akranesi

Matthías Guðmundsson – Forstöðumaður
Þátttakendur á haustönn: 16
Þátttakendur á vorönn: 8

YD KFUM og KFUK Akranesi

Matthías Guðmundsson – Forstöðumaður
Sigrún Dóra Jóhannsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 20
Þátttakendur á vorönn: 11

UD KFUM og KFUK Akranesi

Matthías Guðmundsson – Forstöðumaður
Aníta Eir Einarsdóttir
Sigrún Dóra Jóhannsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 47
Þátttakendur á vorönn: 22

VD KFUM og KFUK Akureyri

Eydís Ösp Eypórsdóttir – Forstöðukona
Guðlaug Sigríður Hrafnisdóttir
Þátttakendur á haustönn: 20
Þátttakendur á vorönn: 17

YD Leikjafjör KFUM og KFUK Akureyri

Eydís Ösp Eypórsdóttir – Forstöðukona
Guðlaug Sigríður Hrafnisdóttir
Þátttakendur á haustönn: 6
Þátttakendur á vorönn: 6

UD KFUM og KFUK Akureyri/ UD Glerá

í samstarfi við Glerárkirkju
Eydís Ösp Eypórsdóttir og Sunna Krístrún
Gunnlaugsdóttir – Forstöðukonur
Guðlaug Sigríður Hrafnisdóttir
Guðlaugur Sveinn Hrafnsson
Ingimar Eydal Ingimarsson
Hugrún Birta Kristjánsdóttir
Dagbjört Lilja Björnsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 23
Þátttakendur á vorönn: 20

UD KFUM og KFUK Ásbrú

Heiðar Örn Hönnuson – Forstöðumaður
Ósk Dís Kristjánsdóttir
Pétur Bjarni Sigurðsson
Þátttakendur á haustönn: 30
Þátttakendur á vorönn: 15

Leikjafjör KFUM og KFUK í Dalvíkurkirkju

Eydís Ösp Eypórsdóttir – Forstöðukona
Elisabet Jóhannsdóttir
Guðlaug Sigríður Hrafnisdóttir
Þátttakendur á haustönn: 26
Þátttakendur á vorönn: 20

VD KFUM og KFUK Fella- og Hólakirkja

Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir
María Rut Arnarsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 20
Þátttakendur á vorönn: 17

Leikjafjör KFUM og KFUK Fella- og Hólakirkju

Marta Andrésdóttir
Ásgeir Ólafsson
Þátttakendur á haustönn: 15
Þátttakendur á vorönn: 15

UD KFUM og KFUK Fella- og Hólakirkju

Ásta Guðrún Guðmundsdóttir
– Forstöðukona
Pétur Ragnhildarson – Forstöðumaður
Ásthildur Ben Davíðsdóttir
Bjarkey Rúna Jóhannsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 11
Þátttakendur á vorönn: 17

YD KFUM og KFUK í Grindavík

Herborg Jóhannesdóttir og Guðbjörg Ylfa
Elvudóttir -Forstöðukonur
Æsa María Steingrimsdóttir
Aþena Þórdís Ásgeirsdóttir
Kristjana Sigríður Hjartardóttir
Gunnar Þór Snæberg Valdimarsson
Agnar Ingi Guðmundsson
Aþena Þórdís Ásgeirsdóttir
Ágústa María Olsson
Flóvent Rígved
Helgi Guðmundsson
Jón Andri
Þátttakendur á haustönn: 27
Þátttakendur á vorönn: 23

UD KFUM og KFUK í Grindavík

Herborg Jóhannesdóttir og Guðbjörg Ylfa
Elvudóttir – Forstöðukonur
Pétur Bjarni Sigurðarson
Þátttakendur á haustönn: 33
Þátttakendur á vorönn: 28

YD KFUM og KFUK í Hveragerði

Pétur Bjarni Sigurðsson – Forstöðumaður
Birta Lind Guðmundsdóttir
Jens Elí Gunnarsson
Benedikt Guðmundsson
Thelma Rós Arnardóttir
Þátttakendur á haustönn: 15
Þátttakendur á vorönn: 12

UD KFUM og KFUK í Hveragerði

Pétur Bjarni Sigurðsson – Forstöðumaður
Birta Lind Guðmundsdóttir
Jens Elí Gunnarsson
Benedikt Guðmundsson
Thelma Rós Arnardóttir
Þátttakendur á haustönn: 25
Þátttakendur á vorönn: 20

YD KFUM og KFUK í Innri Njarðvík

Heiðar Örn Hönnuson – Forstöðumaður
Pétur Bjarni Sigurðsson
Ósk Dís Kristjánsdóttir
Bergþóra Sif Árnadóttir
Þátttakendur á haustönn: 42
Þátttakendur á vorönn: 30

VD KFUM og KFUK Hátúni (Reykjanesbæ)

Brynja Eiríksdóttir – Forstöðukona
Björn Kristinn Jóhannesson
Þátttakendur á haustönn: 17
Þátttakendur á vorönn: 17

YD KFUM Hátúni (Reykjanesbæ)

Sveinn Valdimarsson – Forstöðumaður
Adam Sveinsson
Ólafur Þór Gunnarsson
Ragnar Snær Sigurðsson
Einar Sæþór Ólafsson
Þátttakendur á haustönn: 25
Þátttakendur á vorönn: 25

YD KFUK Hátúni (Reykjanesbæ)

Sigurbjört Kristjánsdóttir – Forstöðukona
Helga Sveinsdóttir
Bergrún Dögg Bjarnadóttir
Helga Vigdís Thordersen
Lilja Þorsteinsdóttir
Elfa Magnúsdóttir
Esther Gustavsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 69
Þátttakendur á vorönn: 58



UD KFUM og KFUK Hátúni (Reykjanesbæ)

Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir –
Forstöðukona
Birta Rún Benediktsdóttir
Einar Sæþór Ólason
Ragnar Sigurðsson
Ólafur Þór Gunnarsson
Blær Elíasson
Helga Sveinsdóttir
Eliza Liv Taylor
Bergrún Dögg Bjarnadóttir
Þátttakendur á haustönn: 37
Þátttakendur á vorönn: 39

UD KFUM og KFUK í Kópavogskirkju

Fannar Logi Hannesson og Ástráður
Sigurðarson – Forstöðumenn
Eva Sigurðardóttir
Birna Sigurðardóttir
Marta Karítas Ingibjartsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 26
Þátttakendur á vorönn: 15

YD KFUM í Lindakirkju

Gunnar Hrafn Sveinsson – Forstöðumaður
Róbert Ingi Þorsteinsson
Sr. Guðni Már Harðarson
Jakob Freyr Einarsson
Þátttakendur á haustönn: 40
Þátttakendur á vorönn: 20

YD KFUK í Lindakirkju

Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir og Andrea Rut
Halldórsdóttir – Forstöðukonur
Kistrún Lilja Gísladóttir
María Rut Arnarsdóttir
Sigríður Sól Ársælsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 52
Þátttakendur á vorönn: 46

UD KFUM og KFUK í Lindakirkju (UD Kaktus)

Gunnar Hrafn Sveinsson og Hreinn Pálsson
– Forstöðumenn
Andrea Rut Halldórsdóttir
Ísak Jón Einarsson
Kistrún Lilja Gísladóttir
Veigar Máni Sævarsson
Þátttakendur á haustönn: 120
Þátttakendur á vorönn: 40

Leikjafjör KFUM og KFUK í Ólafsfjarðarkirkju

Eydís Ösp Eypórsdóttir – Forstöðukona
Elisabet Jóhannsdóttir
Guðlaug Sigríður Hrafnadóttir
Þátttakendur á haustönn: 14
Þátttakendur á vorönn: 10

UD KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum (ÆsLand)

Gísli Stefánsson – Forstöðumaður
Ásgeir Þór Þorvaldsson
Gabriel Guðmundsson
Rósa Kristín Friðriksdóttir
Sandra Dögg Valgeirsdóttir
Jóhannes Þór Jóhannesson
Guðný Emilíu Tórshamar
Per Henrik Guðbrandsson
Arnar Gauti Egilsson
Sigurlás Hafsteinsson
Snorri Rúnarsson
Trausti Mar Sigurðarson
Veigar Máni Vattnes Sævarsson
Þátttakendur á haustönn: 20
Þátttakendur á vorönn: 20



Frá leiðtogabjálfun fyrir 15–17 ára sem fram fór í Vindáshlíð 20.–22. september 2019.

3. Leiðtogabjálfun

KFUM og KFUK vill vera vettvangur þar sem ungt fólk fær tækifæri til að vaxa, þroskast og eflast sem einstaklingar. Þess vegna leggur félagið mikla áherslu á metnaðarfullt fræðslustarf og bjálfun til þess að undirbúa leiðtoga félagsins á sem bestan hátt til að sinna starfi með börnum og unglingum á vettvangi deildastarfsins og sumarbúðanna. KFUM og KFUK hefur það hlutverk að efla ungt fólk til líkama, sálar og anda. Sem kristlegt félag leitast KFUM og KFUK við að efla trúarþroska ungs fólks og sjálfsmynd þeirra sem kristinna einstaklinga. Leiðtogabjálfun KFUM og KFUK tekur einnig mið af því að á hverju ári þarf félagið hóp af ungu fólki til að starfa á vettvangi þess. Sem starfsmenn í sumarbúðum, leiðtogar í æskulýðsstarfi, verkefnastjórar í viðburðum eða til að taka sæti í stjórnun og nefndum. Leiðtogabjálfun KFUM og KFUK skapar góðan grunn til frekari starfa á vettvangi félagsins.

Uppbygging leiðtogabjálfunarinnar

Leiðtogabjálfun KFUM og KFUK byggir á fjórum þáttum sem leggja grunninn að hlutverki og markmiði félagsins og koma fram í nafni þess. Bókstafurinn K tákna að við erum kristlegt félag með það aðalmarkmið að boða fagnaðareriðið um Jesú Krist. Þess vegna er einn af grunnþáttum fræðslustarfsins að fræða um líf og starf Jesú Krists, bænaliíf og helgihald. Bókstafurinn F tákna að við leggjum áherslu á fræðslu um félagsstarf og almenna félagsmálafræðslu. Bókstafurinn U tákna að KFUM og KFUK er félag fyrir ungt fólk og leggur mikið upp úr því að leiðtogar í barna- og unglingastarfi séu búnir undir hlutverk sitt. Bókstafirnir M og K tákna að KFUM og KFUK er mannræktarhreyfing fyrir fólk á öllum aldri þar sem mannúðar- og samfélagsmál eru í brennidepli.

Samstarf um leiðtogabjálfun 2019-2020

KFUM og KFUK er hluti af Æskulýðsvettvanginum (ÆV) ásamt Bandalagi íslenskra skáta (BÍS), Slysavarnafélaginu Landsbjörgu og Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ). Tilgangur ÆV er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum barna og ungmenna auk þess að stuðla að samræðu og samstarfi aðildarfélaganna á sviði leiðtogabjálfunar og fræðslu- og forvarnarmála. Má hér sérstaklega nefna Verndum þau námskeiðið og netnámskeið í barnavernd.

KFUM og KFUK leggur mikla áherslu á að allt starfsfólk og sjálfboðaliðar félagsins sækja Verndum þau námskeiðið annað hvert ár. Á námskeiðinu er farið yfir helstu einkenni og afleiðingar ofbeldis og vanrækslu í garð barna og hvernig bregðast skuli við ef grunur um slíkt kemur upp í starfinu. Á starfsárinu voru haldin níu Verndum þau námskeið á vegum Æskulýðsvettvangsins, þar af voru tvö þeirra haldin í húsi KFUM og KFUK við Holtaveg 28 og eitt húsi KFUM og KFUK í Reykjanesbæ.

Æskulýðsvettvangurinn fór af stað með nýtt verkefni á starfsárinu, netnámskeið í barnavernd. Námskeiðinu, sem er fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða í íþrótt- og æskulýðsstarfi, er ætlað að veita fræðslu og stuðla að forvörnum í barnaverndarmálum á Íslandi og gera umhverfi barna og ungmenna sem sækja félagsstarfið öruggara. Á námskeiðinu er farið yfir mismunandi birtingarmyndir ofbeldis, eineltis og annars áreitis sem börn og ungmenni geta orðið fyrir og hvernig bregðast skuli við ef slíkt kemur upp í starfinu. Námskeiðið fer fram á netinu og þurfa þátttakendur að svara spurningum tengdum efninu rétt til að geta klárað námskeiðið.

Námskeið á starfsárinu 2019-2020

Leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK fyrir 15-17 ára

Leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK fyrir 15-17 ára ungmenni samanstendur af fjórum helgarsamverum á tveggja ára tímabili auk verklegrar þjálfunar milli leiðtogaheganna. Fræðslan á leiðtogahegnum byggir á grunnstoðum leiðtogaþjálfunar KFUM og KFUK, K=kristin fræðsla, F=félagsmálafræðsla, U=ungmennalýðræði og M/K=mannrækt. Hjördís Rós Jónsdóttir heldur utan um leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK fyrir 15-17 ára en hún hefur fengið til liðs við sig frábæra einstaklinga sem styðja við þjálfunina með einum eða öðrum hætti. Á starfsárinu voru haldnar tvær leiðtogaheglar.

Vindáshlið 20.-22. september 2019, leiðtogaþjálfun I og III

Fyrri leiðtogaheglin var haldin í Vindáshlið dagana 20.-22. september. Þar var boðið upp á tvö námskeið, leiðtogaþjálfun I (fyrir þá sem voru að stíga sin fyrstu skref í leiðtogaþjálfuninni) og leiðtogaþjálfun III (fyrir lengra komna). Námskeiðin hófust á sameiginlegum samhringingi og kennslu í leikjum sem Gunnar Hrafn Sveinsson sá um. Eftir það var öll fræðsla námskeiðanna tvískipt og þátttakendur fengu fræðslu úr öllum fjórum grunnstoðum leiðtogaþjálfunar KFUM og KFUK. Um kennslu á námskeiðunum sáu þau: Ásgeir Pétursson, Guðni Már Harðarson, Hjördís Rós Jónsdóttir, Unnur Ýr Kristinsdóttir og Sigurður Gunnarsson. Þátttakendur á námskeiðunum voru 34 talsins.

Vatnaskógur 24.-26. janúar 2020, leiðtogaþjálfun II og IV

Siðari leiðtogaheglin var haldin í Vatnaskógi dagana 24.-26. janúar og var hún með svipuðu sniði og sú fyrri, þ.e. boðið var upp á tvö námskeið, leiðtogaþjálfun II og leiðtogaþjálfun IV. Arnar Ragnarsson sá um fyrsta fyrirlesturinn þar sem hann hvatti þátttakendur til að víkka þægindarammann með því að fara út fyrir hann annað slagið og setja sér markmið. Aðrir fyrirlesarar á námskeiðunum voru: Gunnar Hrafn Sveinsson, Eydís Ösp Eypórsdóttir, Halldór Elías Guðmundsson, Hjördís Rós Jónsdóttir, Jón Ómar Gunnarsson og Unnur Ýr Kristinsdóttir. Þar sem þátttakendur í leiðtogaþjálfun IV voru að klára sína síðustu leiðtogaheglu, var mikið um verklega þjálfun fyrir þá í þetta skipti. Meðal verkefna sem þau þurftu að sinna var að undirbúa og kenna leiki og flytja hugleiðingu fyrir framan hóp. Auk fræðslunnar gafst þátttakendum svo

tækifæri á að spreyta sig á ýmsum verkefnum, kynnst nýjum vinum og efla sig sem einstaklinga. Þátttakendur á námskeiðunum voru 30, þar af voru 15 þeirra að útskrifast úr leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK fyrir 15-17 ára.

Leiðtogaþjálfun fyrir 18+

KFUM og KFUK bauð einnig upp á leiðtogaþjálfun fyrir leiðtoga sem lokið höfðu leiðtogaþjálfun fyrir 15-17 ára og fyrir þá sem voru 18 ára eða eldri. Námskeiðið var haldið í Vatnaskógi dagana 24.-26. janúar. Halldór Elías Guðmundsson hélt utan um námskeiðið en hann sá einnig um fræðsluna auk Arnars Ragnarssonar, Hjördísar Rósar Jónsdóttur, Jóns Ómars Gunnarssonar og Unnur Ýrar Kristinsdóttur. Þátttakendur á námskeiðinu voru 20 talsins.

Fræðslukvöld leiðtoga

Föstudaginn 4. október hélt KFUM og KFUK fræðslukvöld fyrir leiðtoga í deildastarfi félagsins. Fræðslukvöldinu var ætlað að veita leiðtogum þjálfun og ný verkfæri til að nýta í starfinu og þá sérstaklega fyrir þá sem ekki höfðu farið í gegnum leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK fyrir 15-17 ára. Pétur Ragnhildarson fjallaði um kristilega fræðslu og hugleiðingagerð og Gunnar Hrafn Sveinsson og Unnur Ýr Kristinsdóttir sáu um leikjakennslu.

Leiðtogaráðstefnan GLS

Leiðtogaráðstefnan Global leadership summit (GLS) var haldin í Háskólabíói dagana 1.-2. nóvember. Ráðstefnunni er ætlað að veita leiðtogum innblástur með góðum og uppbyggilegum fyrirlestrum en til þess eru fengnir úrvals fyrirlesarar. Auk erlendu fyrirlesaranna voru í ár sex Íslendingar með örfyrirlestur um íslensku þjóðgildin. Líkt og fyrri ár tók starfsfólk KFUM og KFUK þátt í ráðstefnunni auk nokkurra stjórnarmeðlima úr stjórnunum félagsins.

Viðburðastjórnunarnámskeið

17. september var haldið kvöldnámskeið fyrir þá leiðtoga sem stýra áttu viðburðum á vegum félagsins þetta starfsárið. Farið var yfir helstu atriði viðburðastjórnunnar, skipulag, undirbúning, tímaáætlun, fjármál og fleiri atriði sem skipta máli þegar halda á viðburð. Umsjón með námskeiðinu hafði Tómas Torfason en hann sá einnig um kennslu á því.



Vorið 2019 var boðið upp á tvö námskeið í uppbyggilegum og stórskemmtilegum hópleikjum. Kennari á námskeiðunum var Dr. Jim Cain, bandarískur leikjasérfræðingur sem skrifað hefur fjöldann allan af bókum og ritum um hópleiki og hvernig maður fer að því að byggja upp öflug teymi.



Öllum þeim sem hugðust starfa sem aðstoðarforingjar í sumarbúðum félagsins var boðið á námskeið 29. maí. Þar var farið yfir helstu atriði sem fylgja því að starfa í sumarbúðum, siðareglur félagsins, barnaverndarmál og viðbrögð við því sem getur komið upp á. Hjördís Rós Jónsdóttir kenndi á námskeiðinu.

Gítarnámskeið

Á vormánuðum bauð KFUM og KFUK tilvonandi starfsfólki sumarþúðanna og félagsfólki á öllum aldri á gítarnámskeið. Á námskeiðinu gafst þátttakendum tækifæri til að kynna hljóðfærinu og læra nokkra hljóma. Kennari á námskeiðinu var Hannes Guðrúnarson, gítarkennari og tónlistarmaður. 10 þátttakendur nýttu sér þetta frábæra námskeið.

Samráðsfundur forstöðufólks

Starfsfólk æskulýðssviðs KFUM og KFUK ásamt forstöðufólki deildanna hittast tvisvar sinnum á ári til að fara yfir starfið og hvað fram undan er auk þess að meta þá viðburði sem þegar hafa átt sér stað. Fyrri samráðsfundurinn var haldinn 27. ágúst og sá síðari 9. janúar. Fundir sem þessir eru afar mikilvægir fyrir starf félagsins og dýrmtætt að hafa vettvang þar sem starfsfólk og forstöðufólk getur rætt saman og skipulagt deildastarfið.

Hvers virði er KFUM og KFUK mér?

Ég tel mig virkilega lánsama, því ég hef þekkt starf KFUM og KFUK síðan ég var einungis nokkurra ára gömul. Það mætti því segja að í um fjórðung af öld hefur félagið gefið mér óteljandi gleðistundir, tækifæri til vaxtar, góðar fyrirmyndir, hvatningu, vettvang til að láta ljós mitt skína, hlýjar samverustundir, fræðslur og ótal hláturmilda daga í sumarþúðum félagsins. Í KFUM og KFUK hef ég fengið tækifæri til að starfa í uppbyggjandi og skemmtilegu samfélagi við einstaklinga á öllum aldri. Bæði sem nemandi og leiðbeinandi. Í deildastarfinu hef ég til að mynda lært að taka ábyrgð, sýna þolinmæði og búa til leik og fjör úr nánast öllu. Ég er þakklát fyrir að geta tekið þátt í að hafa áhrif á líf þeirra barna og unglinga sem sækja starfið með fræðslu og uppbyggjandi samfélagi. Í starfinu fá þau að heyra að þau skipta máli og að þau eru einstök. Að bjóða upp á slíkt ókeypis starf fyrir börn og unglinga er samfélaginu ómetanlegt. Að fá að vera hluti af slíku starfi, fyrir mig persónulega, þykir mér afar dýrmtætt. Í félagsstarfinu hef ég jafnframt öðlast þá þekkingu að ég er hluti af stórrí heild KFUM og KFUK, sem er starfrækt víða um heiminn.

Saman vinnum við öll að því að gera heiminn að betri stað, sem ég trúi einmitt að sé tilgangur lífsins. Það er mér því ómetanlegt að vera hluti af slíkri heild. Einn mikilvægasti heildarboðskapurinn sem ég hef lært til þessa er: „Hér situr enginn á bekknun, hér eru allir inn á og fá að spila með“. Þetta eru orð sem mér finnst einkenna starfið okkar og boðskapur þeirra hefur stimplast vel inn hjá mér. Ég hef lært hve gífurlega miklu máli það skiptir að taka vel á móti fólki, hvetja það áfram og hjálpa þeim að líða vel, nákvæmlega eins og þau sjálf eru. Hér fá allir að taka þátt! Þessi boðskapur endurspeglar í þeim góða anda sem mér finnst svo sannarlega ríkja í starfinu sem félagið býður upp á. Náungakærleikurinn er nefnilega númer 1, 2 og 3. Ég get með sannni sagt að KFUM og KFUK og gildi félagsins eru mér gífurlega mikils virði.

Perla Magnúsdóttir



Leikjanámskeið með Jim Cain

KFUM og KFUK bauð upp á tvö námskeið í uppbyggilegum og stórskemmtilegum hópleikjum. Kennari á námskeiðunum var Dr. Jim Cain, bandarískur leikjasérfræðingur sem skrifað hefur fjöldann allan af bókum og ritum um hópleiki og hvernig maður fer að því að byggja upp öflug teymi. Námskeiðin fóru að mestu leyti fram í gegnum leik og verklega kennslu. Námskeiðin tvö voru haldin 22. og 23. mars á Holtavegi 28. Tæplega 60 þátttakendur nýttu sér námskeiðin.

Námskeið fyrir starfsfólk í sumarstarfi

Á hverju ári býður KFUM og KFUK upp á námskeið og fræðslu sem undirbýr starfsfólk sem ætla að starfa í sumarþúðum félagsins og á leikjanámskeiðum þess fyrir þau verkefni sem þeirra bíða. Boðið var upp á nokkur slíka námskeið í ár.

Námskeið fyrir sumarþúðastarfsfólki

Dagana 5.-6. júní var haldið námskeið fyrir starfsfólk sumarsins. Námskeiðið var haldið í Vatnaskógi og hafði Halldór Elías Guðmundsson yfirlýsningu með því. Á námskeiðinu var farið yfir hvað það þýðir að starfa í sumarþúðum, ábyrgð, væntingar og skyldur frá margvíslegum hliðum. Á námskeiðinu í ár var sérstök áhersla á trúarlega upplifun og fræðslu.

Námskeið fyrir aðstoðarforingja

Öllum þeim sem hugðust starfa sem aðstoðarforingjar í sumarþúðum félagsins var boðið á námskeið 29. maí. Þar var farið yfir helstu atriði sem fylgja því að starfa í sumarþúðum, siðareglur félagsins, barnaverndarmál og viðbrögð við því sem getur komið upp á. Hjördís Rós Jónsdóttir kenndi á námskeiðinu.

Samráðsfundur forstöðufólks

29. maí var haldinn samráðsfundur forstöðufólks sumarþúðanna. Á fundinum gafst forstöðufólki sumarsins tækifæri til að ræða saman um áskoranir í starfinu, auk þess að deila reynslu og lausnum hvert með öðru. Góðar umræður sköpuðust og var fundurinn vel heppnaður. Það er dýrmtætt fyrir forstöðufólk sem er að stíga sín fyrstu skref að læra af þeim sem eldri og reyndari eru.

Skyndihjálpar og brunavarnir

Á hverju ári fara starfsmenn sumarsins í gegnum námskeið í skyndihjálpar og brunavörnum. Í ár var námskeiðið haldið þann 17. maí að Holtavegi 28. Líkt og undanfarin ár sáu þeir Jón Pétursson slökkviliðsmaður og Kristján Sigfússon bráðataeknir um kennsluna og fengu þeir til liðs við sig Pál Ágúst Þórarinsson.



4. Leikjanámskeið

Leikjanámskeið KFUM og KFUK voru haldin á þremur stöðum sumarið 2019, í Lindakirkju í Kópavogi, í Hátúni 36 í Reykjanesbæ og í Grindavíkirkirkju. Markmið leikjanámskeiðanna er að bjóða börnum á aldrinum 6-9 ára upp á metnaðarfullt sumarstarf þar sem áhersla er lögð á aukinn þroska líkama, sálar og anda. Mikið er lagt upp úr því að mæta hverju barni á eigin forsendum svo það fái að njóta sín sem best. Á námskeiðunum er unnið með kristið siðferði í hugsunum, orðum og gjörðum og sérstök áhersla á vináttu, kærleika og virðingu. Börnin fá daglega kristilega fræðslu, syngja kristilega söngva, biðja bænir og taka þátt í leikjum og styttri ferðalögum.

Í Lindakirkju í Kópavogi voru haldin sex leikjanámskeið sumarið 2019. Námskeiðin voru frá kl. 9–16 en húsið opnaði kl. 8:30. Dagskráin var fjölbreytt og skemmtileg en hefðbundinn dagur á leikjanámskeiðinu byrjar á leikjum og upphafsstund í Lindakirkju þar sem er sungið og hlýtt á hugleiðingar og dæmisögur úr Guðs orði. Eftir nestispásum morguninn var jafnan farið í skemmtilegar ferðir á hina ýmsu staði og komið til baka um þrjú leytið. Á föstudögum var síðan góðri viku lokið með því að fara á sumarhátíð á Holtavegi 28, en þar var boðið upp á grillaðar pylsur, andlitsmálningu og hoppukastala. Á leikjanámskeiðunum starfaði forstöðukona, tveir starfsmenn eldri en 18 ára og tveir aðstoðarleiðtogar sem Vinnuskóli Kópavogs lagði til. Þátttakendur námskeiðanna voru 125 talsins og var biðlisti á öll námskeiðin.

Starfsfólk leikjanámskeiðanna sótti ýmis undirbúningsnámskeið áður en sumarstarfið hófst. Lesa má nánar um þau í kaflanum um fræðslustarf. Eftirfarandi störfuðu á leikjanámskeiðum KFUM og KFUK í Lindakirkju sumarið 2019: Unnur Rún Sveinsdóttir, Agnes Porkelsdóttir, Ríkarður Estherarson, Jakob Freyr Einarsson, Kristrún Lilja Gísladóttir, Eva Sigurðardóttir, Sigríður Sól Ársælsdóttir.

Í Reykjanesbæ voru haldin fjögur leikjanámskeið sumarið 2019. Námskeiðin voru frá kl. 9–16 en húsið opnaði kl. 8:30. Leikjanámskeiðin gengu mjög vel og gaman að sjá að bæði leiðtogar og börn settu svip sinn á bæinn í byrjun sumars. Einnig var mikil ánægja foreldra með námskeiðin og mörg barnanna að koma í annað og þriðja skipti. Starfsfólkið hélt úti virkri fésbókarsíðu á netinu svo foreldrar gátu fylgst vel með hvað var að gerast. Á leikjanámskeiðunum störfuðu þrjú forstöðumenn og tíu ungmenni. Þátttakendur á námskeiðunum voru samtals 100.

Eftirtaldir störfuðu á Leikjanámskeiðum KFUM og KFUK í Reykjanesbæ sumarið 2019: Jóhanna María Kristinsdóttir, Íris Guðnadóttir, Aron Bjarki Róbertsson, Eliza Liv Taylor, Ragnar Snær Sigurðsson, Ólafur Þór Gunnarsson, Elísabet María Kristinsdóttir, Bergrún Dögg Bjarnadóttir, Þórunn Friða Unnarsdóttir, Helga Rut Guðjónsdóttir, Arnþór Ingi Arnarsson, Jón Arnar Birgisson og Eypór Ingi Brynjarsson

Í Grindavík var haldið eitt leikjanámskeið sumarið 2019. Námskeiðið var frá kl. 9–16 en húsið opnaði kl. 8:30. Leikjanámskeiðið gengu mjög vel og gaman að sjá að bæði leiðtogar og börn settu svip sinn á bæinn í byrjun sumars. Mikil ánægja var meðal foreldra og börnin skemmtu sér vel. Á leikjanámskeiðunum störfuðu tveir forstöðumenn. Þátttakendur á námskeiðunum voru samtals 15.

Eftirtaldir störfuðu á Leikjanámskeiðum KFUM og KFUK í Grindavík sumarið 2019: Guðbjörg Ylfa Elvudóttir, Herborg Jóhannesdóttir og Blær Eliasson.



5. Fjölskyldu- og fullorðinsstarf

Fjölskyldu- og fullorðinsstarf á vegum KFUM og KFUK á Íslandi er mikilvægur þáttur í starfi félagsins sem safnar saman fólki á öllum aldri. Þar er áhersla lögð á að efla einstaklingana til líkama, sálar og anda, styrkja tengsl fjölskyldna og samfélag félagsfólks með margvíslegum hætti. Leitast er við að bjóða upp á uppbyggilega dagskrá og samverustundir fyrir ólíka aldurshópa.

Fjölskyldustarf í sumarbúðum KFUM og KFUK

Stærstur hluti starfsemi sumarbúða KFUM og KFUK fer fram í dvalarflokkum fyrir börn og unglinga á sumrin en á öðrum árstímum er einnig boðið upp á styttri flokka fyrir fjölskyldufólk og fullorðna. Á liðnu starfsári voru haldnir feðgaflokkar, feðginaflokkur, mæðgnaflokkur, fjölskylduflokkar, Heilsudagar karla og kvennaflokkur auk fjölskylduhátíðarinnar Sæludaga í Vatnaskógi. Fjölskyldutilboð sumarbúðanna fóru fram í Vatnaskógi, Vindáshlíð og Ölveri. Hér fyrir neðan má sjá þátttökutölur:

Feðgaflokkur Vatnaskógi 2019	102
Fjölskylduflokkar Vatnaskógi vor 2019	46
Heilsudagar karla Vatnaskógi 2019	50
Mæðgnaflokkur Vindáshlíð 2019	62
Kvennaflokkur Vindáshlíð haust 2019	34
Sæludagar Vatnaskógi 2019	1.200

Sæludagar í Vatnaskógi

Skógarmenn stóðu fyrir Sæludögum, vímalausri hátíð fyrir alla fjölskylduna um verslunarmannahelgina 1.–5. ágúst 2019. Um 1.200 manns heimsóttu Vatnaskóg þessa helgi. Markmiðið með dagskrá hátíðarinnar var að höfða til sem flestra aldurshópa. Meðal dagskrárlíða voru tónleikar með Páli Óskari Hjalmtýssyni, vatnafjör, Vatnaskógarkvöldvökur, fræðslustundir, bænastundir, íþróttir og margt fleira. Fjöldi starfsmanna og sjálfbóðaliða sem kom að hátíðinni hjóp á tugum. Af stökum viðburðum í starfi KFUM og KFUK teljast Sæludagar í Vatnaskógi til þeirra umfangsmestu. Nánar er fjallað um Sæludaga í kaflanum um starfið í Vatnaskógi.

Fullorðinsstarf karla og kvenna að vetri

Yfir vetrarmánuðina eru haldnir vikulegir fundir í fullorðinsstarfi hjá aðaldeildum félagsins, AD KFUM og AD KFUK, í húsi félagsins við Holtaveg. Áralöng hefð er fyrir þessum fundum og form þeirra er nokkuð fastmótað. Umfjöllunarefni fundanna er þó fjölbreytt og margt spennandi sem ber á góma. Á fundina koma ýmsir gestir sem upplýsa og fræða félagi um áhugaverð málafni.

Aðaldeild KFUK heldur fundi á þriðjudögum. Líkt og síðustu tvö ár hófust fundir kl. 17:00 með kaffisopa og samveru í kaffiteríu félagsheimilisins við Holtaveg. Fundarefni og dagskrá hófst síðan um 17:30 og stóð til u.þ.b. 18:30. Þetta nýja fundarform og fundartími hefur tekist vel. Sigrún Gísladóttir, Dagný Bjarnhéðinsdóttir, Sólbjörg Linda Reynisdóttir og Arna Ingólfsdóttir hafa verið í forsvari fyrir hópinn á starfsárinu.

5.1 Sportfélag KFUM og KFUK

Á aðalfundi KFUM og KFUK 13. apríl 2019 var óformlegur útivistarhópur félagsins, sem þá kallaðist "Ferðir/útvist/hreyfing", festur í sessi með formlegum hætti og þriggja manna stjórn skipuð til að leiða hópinn.

Stjórnarfundir í Sportfélaginu voru þrjár á árinu 2019 og var sá fyrsti haldinn 29. apríl, en þá skipti stjórnin þannig með sér verkum:

Pétur Ásgeirsson, formaður

Anna Magnúsdóttir, ritari

Hallgerður Bjarnhéðinsdóttir, gjaldkeri

Á fyrsta stjórnarfundinum var einnig ákveðið að hópinn tæki upp

nafnið Sportfélag KFUM og KFUK og síðar var Alfreð Ingvar Pétursson fenginn til að hanna logo með nafninu.

Sportfélag KFUM og KFUK hefur fyrst og fremst auglýst viðburði sína í samnefndum Facebook-hópi. Hin

nýskipaða stjórn uppfærði nafn, útlit og lýsingu þessa Facebook-hóps með áherslu á að allir væru velkomnir á viðburði hópsins, jafnt félagsmenn í KFUM og KFUK sem og annað áhugafólk um útvist. Einnig var ákveðið að auglýsa viðburðina að auki í netfréttum (tölvupósti til félagsmanna).

Seinni tveir stjórnarfundirnir á árinu voru mestmegnis notaðir til að skipuleggja dagskrá fram í tímann.

Á árinu 2019 stóð Sportfélagið (og forveri þess) fyrir 10 gönguferðum og 4 hjólaferðum, eða samtals 14 viðburðum. Að meðaltali mættu 11-12 þátttakendur á hvern viðburð, minnst 6 manns en mest 17.

Átta af ferðunum voru innan eða rétt við mörk höfuðborgarsvæðisins og fimm ferðir voru annars staðar á suðvesturhorni landsins. Það voru gönguferðir í Hvalfirði, á Reykjanesi, á Lyngdalsheiði og Þingvöllum. Ein ferð, sú fjölmennasta, var farin á Vestfjörðum, þar sem hjóluð var Vesturgatan svokallaða 17. ágúst og gist á Þingeyri. Áramótaferð sem fara átti í Vindáshlíð var felld niður vegna dræmrar skráningar.

Leitast er við að hafa sumar af ferðum Sportfélagsins á einhvern hátt tengdar kristilegum viðburðum, t.d. var gengið yfir í Vindáshlíð í guðspjónustu og kaffisölu þar 1. júní.

Þá hefur í ferðunum skapast hefð fyrir því að deila út spjöldum með ritningarversum og bænum. Einn göngufélaginn fann upp nýyrðið "sálgæti" yfir þessi spjöld (með vísun í það að gjarnan er boðið upp á sálgæti í nestistímum á fjöllum).

Með þessu kristilega ívafi hefur hópinn svolitla sérstöðu í flóru göngu- og ferðaklúbba.

Fjöldi þátttakenda í Facebook-hópnum er 381 þegar þetta er skrifað. Í hópnum má finna marga virka félagsmenn í KFUM og KFUK auk einstaklinga sem hafa engin tengsl haft við félagið áður

og svo allt rófið þar á milli, því margir hafa sem börn eða unglingar verið þátttakendur í starfinu.

Starf KFUM og KFUK snýr að því að byggja fólk upp til líkama sálar og anda og í sumarbúðum og barnastarfi hafa íþróttir og hreyfing skipað stóran sess, en stundum verið vöntun á slíku í fullorðinsstarfi í gegnum tíðina. Það er því að mati stjórnar Sportfélagsins ánægjulegt að þetta verkefni hafi verið formgert og fest í sessi á síðastliðnum aðalfundi. Ekki verður annað séð en að almenn ánægja sé með starfsemi Sportfélagsins og þakkar stjórnin fyrir sig og horfir björtum augum fram á veginn.





5.2 Ljósbrót, kvennakór KFUK

Kvennakórinn Ljósbrót er að ljúka sínu 4. starfsári. Á aðalfundi sem haldinn var að heimili Elínar Einarsdóttur 5. febrúar 2019 var ákveðið að í stjórn kórsins sætu; Dagný Bjarnhéðinsdóttir formaður, Elín Einarsdóttir gjaldkeri og Þórunn Arnardóttir ritari. Árgjald var ákvarðað 10.000 krónur á önn. Kórinn hefur nú fengið bankareikning sem er í vörslu KFUM og KFUK á Íslandi. (0133-15-200401 kt. 690169-0889). Fram að því var notast við reikning á nafni gjaldkera kórsins.

Stjórnandi kórsins eins og þrjú undanfarin ár er Keeth Reed. Í kórnum syngja rúmlega 20 konur og hefur þeim heldur fjölgað á árinu. Árið 2019 kom kórinn fram 9 sinnum; þrisvar á atburðum tengdum KFUM og KFUK, þrisvar á atburðum tengdum SÍK, í Tómasarmessu, á hjúkrunarheimilinu Sólvangi og við útför félagskonu.

Æfingar eru á miðvikudögum kl. 17-18:15 í Aðalstöðvum KFUM og KFUK við Holtaveg. Samskiptavefurinn Facebook er notaður til að koma upplýsingum til kórfélaga og þar eru geymdar hljóðskrár þeirra verkefna sem kórinn fæst við hverju sinni. Kórfélagar undirbúa æfingar með stuðningi þessara skráa. Kórinn hefur notið þess að Keeth Reed hefur útsett og samið tónlist sérstaklega fyrir kórinn. Æfingar eru metnaðarfullar og rík áhersla lögð á raddbeitingu og túlkun. Hverri æfingu líkur með bænastund.

Kvennakórinn Ljósbrót er vettvangur fyrir konur á öllum aldri til að fást við tónlist, njóta hennar og vaxa upp í aukinni færni á flutningi kórtónlistar. Það liggur í eðli allrar iðkunar tónlistar, að finna sér áheyrendur, viðburði til að stefna að, markmið. Sem starfsgrein undir hatti KFUM og KFUK á Íslandi er nærtækt að markmiðin tengist markmiðum KFUM og KFUK. Kórinn er ungur og á eftir að marka sér nánari stefnu að þessu leiti. Verður það eitt af viðfangsefnum næstu stjórnar.



Friðrikskapella varð 25 ára á starfsárinu. Þar eru haldnar bænasmverur í hádeginu á mánudögum yfir vetrartímann.

Aðaldeild KFUM heldur fundi á fimmtudögum. Á bilinu 40–60 karlar sækja fundina. Skipulag fundanna veturinn 2019–2020 var í höndum Árna Sigurðssonar, Ársæls Aðalbergssonar, Gunnars Jóhannesar Gunnarssonar sem leiðir hópinn, Inga Boga Bogasonar og Ólafs Sverrissonar.

Sameiginleg verkefni aðaldeildanna

Sameiginleg verkefni aðaldeildanna voru þrjú á haustmisseri. Hr. Karl Sigurbjörnsson var gestur á sameiginlegum fundi 10. október og sagði frá upplifun sinni af Ísrael. Þann 7. nóvember var Kristniðóssambandið sótt heim í tilefni af 90 ára afmæli. Ragnar Gunnarsson framkvæmdastjóri tók á móti fundarmönnum. Þá var aðventufundurinn 5. desember sameiginlegur að vanda.

Að vori 2020 voru tveir sameiginlegir fundir auk sameiginlegs hátíðar- og inntökufundar félagsins sem fram fór 11. febrúar. Þann 16. janúar var sameiginlegur fundur helgaður starfi KFUM og KFUK í Kópavogi. Þá var Gunnars Bjarnasonar minnst á sameiginlegum fundi 5. mars, þar sem Stefán Örn Stefásson fór yfir nokkur af þeim verkefnum sem Gunnar stýrði. Þegar þetta er ritað stendur fyrir dyrum sameiginleg vorferð 30. apríl.

Pakklæti til sjálfboðaliða

Lögð er áhersla á að ábyrgð og umsjón viðburða í fjölskyldu- og fullorðinsstarfi KFUM og KFUK sé í höndum sjálfboðaliða. Flestir viðburðir fullorðinsstarfsins hafa orðið að veruleika fyrir tilstilli, frumkvæðis- og vinnu sjálfboðaliða úr röðum félagsfólks. KFUM og KFUK á Íslandi færir þeim kærar þakkir fyrir óeigingjarnt og alúðlegt starf í þágu félagsins og ómetanlegt framlag til þess.

5.3 Basar KFUK

Basar KFUK er árlegur jólabasar sem haldinn er laugardaginn fyrir fyrsta sunnudag í aðventu. Markmiðið er fjáröflun fyrir ýmis verkefni félagsins KFUM og KFUK. Hlutverk stjórnarinnar er að koma að undirbúningi og framkvæmd Basars KFUK. Í stjórn verkefnisins eru þær Bára Sigurjónsdóttir formaður, Anna Elísa Gunnarsdóttir gjaldkeri, Berglind Ósk Einarsdóttir ritari og Hildur Þóra Hallbjörnsdóttir meðstjórni. Úr stjórn gekk María Sighvatsdóttir en hún verður áfram í baklandi Basarsins. Stór hópur af sjálfboðaliðum koma saman og starfa með stjórn í undirbúningsnefnd. Í þeim hópi er Anna Magnúsdóttir, Betsy Halldórsson, Hanna Jósafatsdóttir og Hildur Björg Gunnarsdóttir. Arna Mariudóttir Auðunsdóttir sá um að hanna fallegar auglýsingar sem voru hengdar upp víðs vegar í bænum og vöktu mikla athygli á samfélagsmiðlum.

Basar KFUK var í þetta sinn haldinn á laugardeginum 30. nóvember 2019. Skemmtilegt er að segja frá því að basarinn var haldinn í 110. skiptið, en sá fyrsti var haldinn árið 1909. Þann 5. desember, á aðventufundi KFUM og KFUK, stóð stjórn verkefnisins fyrir happaðrætti með glæsilegum vinningum af basarum. Á skrifstofu félagsins eru handverkin til sölu út desembermánuð, og gefur þetta fólki kost á að taka þátt í fjáröfluninni ef að það komst ekki á sjálfan basardaginn að versla.

Basarinn var glæsilegur að vanda og hvert sem augað leit mátti sjá gullfallagt handverk og girnilegt bakkelsi. Síðustu ár hefur sú skemmtilega hefð myndast að sjálfboðaliðar séu í jólalegum peysum eða svuntum og það var ánægjulegt að sjá að ekki var vikið frá þeirri nýju hefð í ár. Úrval af umhverfisvænum vörum eykst með hverju árinu. Í ár ákvað stjórn Basarsins að styrkja sérstaklega verkefnið Töskur með tilgang, sem er á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar. Keyptar voru handsaumaðar fjölnota töskur úr endurunni efni og voru þær seldar á Basarum. Töskurnar eru saumaðar af erlendum konum sem koma til Íslands í hælisleit, en Hjálparstarf kirkjunnar stýrir verkefninu. Allur ágóði af sölu taskanna rennur í verkefnið sjálft og til kvennanna sem sauma þær. Vöflulykt angaði um félagshúsið þökk sé þeim frábæru sjálfboðaliðum sem tóku að sér kaffisölu. Margir litu við og sýndu stuðning í verki og kaupum. Fjáröflunin stóðst væntingar stjórnar og lagt var til að láta ágóða basarsins renna til leikskóla félagsins, Vinagarðs, vegna afstaðinna framkvæmda við leikskólalóð.

Stjórn verkefnisins vill þakka öllum þeim sem lögðu Basar KFUK lið á árinu með því að leggja fram handverk og heimagert góðgæti. Einnig viljum við þakka öllum þeim sem komu og tóku þátt. Basarinn er ekkert án sjálfboðaliðanna. Það gladdi okkur mikið að sjá þær vönduðu vörur sem voru gefnar á basarinn, og ekki síður að sjá ánægju þeirra sem keyptu einstakar, handgerðar jólagjafir.

Basar stjórn þakkar fyrir árið og erum við fullar tilhlökkunar fyrir næsta basar.



5.4 Karlakór KFUM

Látnir kórfélagar á árinu:

Sr. Sigurður Pálsson, doktor í menntunarfræðum, fæddur 19. september 1936, dáinn 2. mars 2019.
Sigurvin Bjarnason, flugstjóri, fæddur 22. júlí 1955. Lést af slysförum 27. júlí 2019.

Starfið

Æfingar voru vikulega eins og áður í aðalstöðvum KFUM & K við Holtaveg. Æfingar hófust að loknu hæfilegu jólafríi. Starfið á vormisseri 2019 tók helst mið af fyrirhugaðri ferð kórsins til Færeyja og undirbúningi vortónleika. Laufey Geirlaugsdóttir hélt áfram í hlutverki listræns stjórnanda og Ásta Haraldsdóttir var meðleikari kórsins. Bjarni Gunnarsson hljóp í skarðið sem undirleikari þegar á þurfti að halda. Þau Ásta og Bjarni sáu um útsetningar, þegar þeim var ekki til að dreifa.

Kórinn hóf starf sitt ári 2009 og var af því tilefni blásið til tíu ára afmælishátíðar 21. febrúar. Þar rakti Guðmundur Ingi Leifsson lauslega tilurð kórsins og félagar tóku lagið. Viðstöddum var boðið upp á marsípanköku og kaffi í lokin skv. fyriræmælum ritara, sem var fjarstaddur.

Ársfundur kórsins var haldinn mánudaginn 25. mars eftir stutta æfingu. Guðlaugur Gunnarsson, ritari flutti skýrslu stjórnar. Þórarinn Björnsson, gjaldkeri, lagði fram reikninga kórsins og voru þeir samþykktir samhljóða. Árgjald var ákveðið 26.000 krónur, Framlag til starfsstöðva KFUM & K var ákveðið 100.000 krónur og skyldi renna til sumarbúðanna í Vatnaskógi. Aðstöðugjald vegna starfseminnar var ákveðið krónur 300.000. Ingi Bogi Bogason formaður kórsins til þriggja ára gekk úr stjórninni lögum samkvæmt og hlaut miklar þakkir fundarmanna með dynjandi lófaklappi. Sigurbjörn Sveinsson var kjörinn í stjórn í stað Inga Boga. Guðlaugur Gunnarsson tók við formennskunni en Sigurbjörn varð ritari stjórnar. Þórarinn Björnsson var gjaldkeri áfram.

Kórinn tók þátt í tónleikum Skógarmanna 25. apríl ásamt öðrum. Vortónleikar kórsins voru haldnir á Holtavegi 1. maí að viðstöddu fjölmenni. Var gerður góður rómur að söng kórsins og haft á orði að framfarir hefðu orðið nokkrar síðasta áratuginn.

Ferð til Færeyja

Einn af föstum liðum í starfsemi Karlakórs KFUM er söngferð til útlanda þriðja hvert ár. Ingi Bogi Bogason fyrrum formaður kórsins gerði grein fyrir henni í fréttabréfi KFUM & K.

“Í byrjun júní sl. hélt kórinn í fjögurra daga ferð til Færeyja. Í för voru makar og aðrir dyggir stuðningsmenn kórsins sem fylgja honum að jafnaði hvert fótmál. Í hópnum voru alls 81 maður og kona.

Farið var vítt og breitt um eyjarnar þessa fáu daga og kom kórinn fram á mörgum stöðum.

Þátttaka í menningarnótt í Færeyjum

Föstudaginn 7. júní, en þá var menningarnótt í Þórshöfn, söng kórinn fáein lög undir beru lofti í miðbænum: í Sloans-garði og á tröppum samkomuhússins Ebenezers. Um kvöldið var síðan húsfyllir í Ebenezer, þar sem fóru fram tónleikar Karlakórs KFUM og færeysks bræðrakórs. Rólant í Skorini bauð fólk velkomið, Alexander

Samuelsen stjórnaði dagskránni og Svenning av Lofti sagði frá sambandinu milli sr. Friðriks Friðrikssonar og William G. Sloan. Þorgils Hlynur Þorbergsson flutti ávarp á færeysku fyrir hönd kórfélaga og söng að auki einsöng, „Draumalandið“ eftir Sigfús Einarsson við ljóð Davíðs Stefánssonar. Saman sungu kórarinn svo „Þakkarbæn“ og „Ó, þá náð að eiga Jesú“, það seinna á íslensku, dönsku og færeysku. Góður rómur var gerður að söng Karlakórs KFUM og skein gleði og vinarþel úr hverju andliti.

Eftir tónleikana voru Íslendingarnir leiddir að hlaðborði sem sló út hverja meðal-fermingarveislu.

Skoðunarferð um Færeyjar

Laugardaginn 8. júní var lagt í skoðunar- og söngferð um eyjarnar og m.a. komið við í Saksun og Gjógv (Gjá).

Færeyjar eru iðjagrænar en samt virðist náttúruferar vera einhæfara en á Íslandi. Eyjarnar eru vaxnar grasi í öllum hlíðum en það er afar snögg, væntanlega vegna ofbeitar. Lynggróður, runnar og tré eru sjaldséð nema við og í bæjum. Lítið verður vart fjölbreytilegra mófugla. Stærsta villta spendýrið er héri.

Dugnaður Færeyinga er alls staðar sýnilegur. Vegakerfið er nýtiskulegt með fjölda jarðganga og byggingariðnaður blómstrar. En þótt þeir byggi mörg ný hús sjá Færeyingar líka sóma sinn í að halda vel við gömlum byggingum. M.a. er aðáunarvert hve mikla virðingu Færeyingar sýna klassískum, lágreistum byggingum í miðbæ Þórshafnar.

Stansað var í Götu og sungið þar í kirkju. Seinni hluta dags var samvera í húsi KFUM/KFUK í Klakksvík og sungin þar nokkur lög. Eftir tónleika var kór og stuðningsmönnum og –konum enn boðið til kaffis. Á leiðinni heim á hótél sagði Þórarinn Björnsson frá tengslum sr. Friðriks við Færeyjar.


Hvítasunnudagurinn

Á hvítasunnudag, 9. júní, var komið að hápunkti ferðarinnar. Um morguninn mættu kórfélagar til messu í Vesturkirkjunni í Þórshöfn og sungu þar nokkur lög. Þarna var skírd lítil stúlka sem tók hressilega undir íslenska kórsönginn.

Eftir hádegðið var ekið til þess sögufræga staðar, Kirkjubæjar. Staðarkirkjan þar, Ólafskirkjan, er fyrrverandi dómkirkja, að uppruna til frá 12. öld. Auk hennar eru rústir stærri kirkju í hágotneskum stíl, yfirleitt kölluð Rústin, sem átti að verða dómkirkja. Það var hátíðleg stund þegar Laufey leiddi karlakórinn í söng í Rústinni. „Heyr, himna smiður“ hljómaði milli völdugra veggja. Segja má að þarna hafi síðasta bæn Kolbeins Tumasonar frá 1208 fengið þann umbúnað sem henni ber.

Eftir hádegðið voru svo vel sóttir tónleikar í Hoyvíkur kirkju í Þórshöfn þar sem Karlakórinn flutti dagskrá laga við góðar undirtektir. Að loknum tónleikum var svo að venju boðið upp á kaffi og ríkulegt veisluborð.

Það er þakkarvert hve þessi Færeyjaför Karlakórs KFUM gekk vel og greiðlega. Það er ekki einfalt verk að skipuleggja ferðalag sem þetta svo öllum líki. Hópurinn sýndi í þetta sinn, sem endranær, vinar- og bræðraþel í öllum athöfnum. Við Kórbræður finnum að við njótum blessunar og friðar í samræmi við yfirskrift hvítasunnudags úr



Jóhannesarguðspjalli: „Frið læt ég yður eftir, minn frið gef ég yður.“ Ómetanlegur stuðningur var af eiginkonum og velunnurum kórsins sem voru með í för. Ólafur Jóhannsson og Ingi Gunnar Jóhannsson eiga þakkir skildar fyrir skipulagningu, elju og úthald. Laufey Geirlausdóttir, kórstjóri, fær þakkir fyrir að halda kórnum við efnið og ná því besta úr honum við framandlegar aðstæður. Bjarni Gunnarsson, meðleikari að þessu sinni, fær sinn skerf af þökkum fyrir að hlaupa í skarð Ástu Haraldsdóttur og æfa með okkur alla söngdagskrána. Svo ber að þakka leiðsögumanninum, Maigun Solmunde, en hún lauk upp augum okkar fyrir undrum og dýrð Færeyja. (Þessi endursögn er byggð í stórum dráttum á samantekt Ólafs Jóhannssonar um ferðina.)”

Æfingar hófust að nýju 16. september. Sungið var í KFUM-messu í Keflavíkurkirkju 13. október. Æfingabúðir voru í Vindáshlíð 8.-9. október og var dagskrá jólatónleika þar í brennidepli. Jólatónleikar fóru síðan fram á Holtavegi 11. desember og var aðsókn með ágætum.

Margir hafa lagt okkur lið við tónleika, umgjörð þeirra og framkvæmd. Skógarmenn hafa séð um kaffið, þær mæðgur Helga Vilborg og Margrét Helga aðstoðuðu okkur á jólatónleikunum með söng og hljóðfæraleik og svo þeir Jóhannes Sigurðsson og Pétur Ragnarsson sem aðstoðuðu okkur við gerð aðgöngumiða á vor- og jólatónleikum

Viðburðaskrá kórsins í krónólógískri röð

- 21. febr. (fi) – Sungið á 10 ára afmælisfundi félagsins á Holtavegi
- 10. mars (su) – Sungið á Kristniðboðsviku á Háaleitisbraut
- 21. mars (fi.) – Sungið við útför Birnu Þóru Guðbjörnsdóttur í Hafnarfjarðarkirkju, móður Rúnars Egilssonar.
- 25. mars (má) – Ársfundur kórsins
- 27. mars (mi) – Sungið á söngsamkomu SÍK á Háaleitisbraut
- 25. apríl (fi) – Sungið á tónleikum Skógarmanna KFUM á sumardaginn fyrsta á Holtavegi
- 1. maí (mi) – Vortónleikar kórsins á Holtavegi – Heyr himna smiður
- 3. maí (fö) – Sungið við útför Petrínu Helgu Steinarsdóttur í Grensáskirkju
- 17. maí (fö) – Sungið í 70 ára afmæli Kára Geirlaugssonar í safnaðarheimili Vídalínskirkju
- 24. maí (fö) – Sungið við útför Hilmars Guðjónssonar í Grafarvogskirkju
- 7.-10. júní Færeyjaferð um hvítasunnuna
- 2. ág. (fö) – Sungið við útför Hafdísar Hannesdóttur í Digraneskirkju
- 15. ág. (fi) – Sungið við útför Sigurvins Bjarnasonar í Hallgrímskirkju
- 13. okt. (su) – Sungið við KFUM og KFUK guðspjónustu í Keflavíkurkirkju
- 31. okt. (fi) – Sungið á Herrakvöldi Skógarmanna KFUM á Holtavegi
- 8.-9. nóv. (fö-lau) – Æfingabúðir í Vindáshlíð
- 4. des. (mi) – Sungið á aðventukvöldi í Friðrikskapellu
- 5. des. (fi) – Sungið á aðventufundi KFUM og KFUK á Holtavegi
- 11. des. (mi) – Jólatónleikar kórsins á Holtavegi – Hvað gerir jólin svona eintök?

6. Alþjóðastarf

Alþjóðastarf er mikilvægur þáttur í starfsemi KFUM og KFUK á Íslandi. Eitt af markmiðum KFUM og KFUK á Íslandi er að félagsfólk upplifi að þeir eru hluti af stærrri heild á alþjóðavísu. Unnið er í samstarfi við önnur KFUM og KFUK félög, bæði í Evrópu og á heimsvísu, ásamt sérstöku norrænu samstarfi. Þar að auki tekur félagið þátt í ýmsum æskulýðs- og leiðtogaverkefnum sem tengjast öðrum félagasamtökum. Það alþjóðastarf sem KFUM og KFUK á Íslandi tekur þátt í er því fjölbreytt og á sér stað bæði á innlendum og erlendum vettvangi.

NCYC fundur í Lapplandi

Nordic Child and Youth Committee er ráð innan KFUM og KFUK félaga á Norðurlöndum sem skipuleggur norræn UD mót félaganna, sem eru haldin á tveggja til þriggja ára fresti. Markmið nefndarinnar er að efla samskipti milli Norðurlandanna og veita upplýsingar um stöðu æskulýðsmála í hverju aðildarfélagi. 6.–9. september 2019 var haldinn fundur á vegum NCYC, að þessu sinni í Tievatupa í Lapplandi í Finnlandi, þar sem næsta norræna ungmennamót verður haldið 13.–18. júlí 2020. Gísli Stefánsson sótti fundinn en hann situr í NCYC nefndinni fyrir hönd KFUM og KFUK á Íslandi ásamt Eydísi Ösp Eypórsdóttur.

Norrænn formanna- og framkvæmdastjórnfundur

Árlegur fundur formanna og framkvæmdastjóra KFUM og KFUK á Norðurlöndunum var haldinn í Helsinki í Finnlandi 24. og 25. janúar 2020. Sólveig Reynisdóttir og Tómas Torfason sóttu fundinn fyrir hönd Íslands. Tómas sótti einnig árlegan fund framkvæmdastjóra KFUM í Evrópu, sem haldinn var í Cluj í Rúmeníu 18.–20. nóvember 2019.

KFUM í Evrópu

KFUM og KFUK á Íslandi er fullgildur aðili að KFUM í Evrópu, samtökum KFUM félaga í Evrópu. Félagið tekur virkan þátt í starfi samtakanna á fjölbreyttan hátt, meðal annars með því að sækja ráðstefnur, námskeið og aðalfundi.

Aðalfundur KFUM í Evrópu 2019

Aðalfundur KFUM í Evrópu var haldinn 23.–27. maí 2019. Fundurinn var haldinn í smábænum Sanary-Sur-Mer, skammt frá Toulon í Suður-Frakklandi. Um 103 fulltrúar sóttu fundinn frá 23 aðildarfélögum. Fulltrúar KFUM og KFUK á Íslandi á fundinum voru Sólveig Reynisdóttir formaður og Unnur Ýr Kristinsdóttir æskulýðsfulltrúi.

Fundur framkvæmdastjóra KFUM í Evrópu

Árlegur fundur framkvæmdastjóra KFUM í Evrópu var haldinn Cluj í Rúmeníu 18.–20. nóvember 2019. Tómas Torfason framkvæmdastjóri KFUM og KFUK á Íslandi sótti fundinn.

Heimssamband KFUK

KFUM og KFUK á Íslandi hefur til margra ára verið fullgildur aðili að heimssambandi KFUK. Fyrir nokkrum árum ákvað heimssamband KFUK að endurskoða aðildargjald og olli það miklum mótbyr hjá fjölmörgum aðildarþjóðum meðal annars okkur á Íslandi. Hefur ekki verið leyst úr því máli. Þar til komin er ásættanleg lausn fyrir okkur hér á Ísland lýtur KFUM og KFUK á Íslandi ekki á sig sem aðila að heimssambandi KFUK.



Framkvæmdastjórnar YMCA í Evrópu hittast einu sinni á ári. Í þetta sinn fór fundurinn fram í Cluj í Rúmeníu.



Unnur Ýr Kristinsdóttir og Sólveig Reynisdóttir voru fulltrúar Íslands á aðalfundi KFUM í Evrópu sem fram fór í smábænum Sanary-Sur-Mer, skammt frá Toulon í Suður-Frakklandi.

Heimssamband KFUM

KFUM og KFUK á Íslandi er ekki fullgildur aðili að heimssambandi KFUM. Þrátt fyrir það hefur félagið verið velkomið að senda fulltrúa í verkefni á vegum heimssambandsins. Ekkert slíkt verkefni var þó á á starfsárinu, enda var megin áherslan bæði hjá KFUM í Evrópu og heimssambandi KFUM á 175 ára afmælishátíðina í London. Næsta heimsþing KFUM verður haldið í Árósum í Danmörku sumarið 2022. Hefur KFUM og KFUK í Danmörku væntingar til góðar þátttöku frá Norðurlöndunum.

Samstarf við KFUM í Úkraínu

KFUM og KFUK á Íslandi á gott samstarf við KFUM í Úkraínu í gegnum verkefnið Jól í skókkassa. Er komið nánar inn á það samstarf í kafla 9 sem tileinkaður er verkefninu.



40 ungmenni ásamt farfarstjórum tóku þátt í 175 ára afmælishátíð YMCA í London 4.–7. ágúst.

YMCA 175

Afmælishátíð í London 4.–7. ágúst 2019

Sunnudagsmorguninn 4. ágúst síðastliðinn hélt 40 manna hópur af ungmönnum og farfarstjórum til London til þess að taka þátt í afmælisviðburði KFUM í Evrópu. Þetta var fjöggra daga hátíð þar sem fagnað var 175 ára afmæli KFUM í Evrópu. Það voru um 3000 manns sem voru á hátíðinni frá um 100 löndum. Á hátíðinni var margt í boði fyrir alla, má þá helst nefna alla frægu og áhrifamiklu fyrirlesarana frá öllum heimshornum sem kynntu þau mál sem brenna á ungu fólki í dag. Viðburðinum var skipt upp í nokkur svæði og var eitt af þeim kallað Heilsu og hreysti þar sem hægt var að taka þátt í allskonar leikjum og íþróttum, það sló í gegn hjá ungmennunum frá Íslandi. Síðan var svokallað Sögu svæði þar sem búið var að draga fram sögu KFUM og var mjög áhugavert. Síðan voru fyrirlestrar haldnir á mismunandi svæðum í viðburðarhöllinni. Á hverju kvöldi var síðan endað á stórri kvöldvöku, þar sem leikinn voru leikrit, tónlistarmenn komu fram og einnig voru ræðumenn sem töluðu um mismunandi málefni hverju sinni. Íslenski hópurinn gisti á hosteli sem var um klukkutíma í burtu frá sjálfum viðburðinum og við ferðuðumst á milli staða með lestum sem var ævintýri fyrir alla. Dagarnir voru oft mjög langir en við reyndum að vera duglega að brjóta þá upp með stoppa á mismunandi stöðum í London, má þá helst nefna Science, British museum, heimsókn til drottningarinnar og einnig var í boði smá verslunartími fyrir þá sem vildu. Hópurinn var til fyrirmyndir hvar sem við vorum, framtíð KFUM og KFUK er björt með allt þetta frábæra unga fólk innanborðs.

Hvers virði er KFUM og KFUK mér?



Ég hef átt kost á því að kynnst starfsemi KFUM og KFUK frá því ég fyrst man eftir mér og má kannski segja að án þeirra væri ég ekki hér til að svara þessari spurningu. Foreldrar mínir kynntust einmitt gegnum æskulýðsstarfsemi félaganna. Ég fór ungur með þeim í KFUM og KFUK sem ég síðar var svo virkur bæði sem félagi í starfinu og síðar leiðtogi. Vatnaskógur á sérstaklega stóran stað í hjarta mínu en ég hef komið þangað árlega síðan ég fæddist. Ég byrjaði á að koma með pabba sem var foringi þar og einnig á Sæludaga og fjölskylduflokka, síðan sem drengur í dvalarflokka, matvinnungur og að lokum sem starfsmaður. Skemmtileg staðreynd að ég hef átt fleiri afmæli í Vatnaskógi en annars staðar! Hvort sem það er að sigla út á Eyrarvatn, ganga um skóginn, taka þátt í kvöldvökum eða eiga stund í Kapellunni er Vatnaskógur ekki bara staður heldur eins og heil veröld þar sem hægt er að sækja frið, næringu og samfélag. Þegar ég lít þó til baka þá er það kynni mín af dvalargestum og samstarfsfólki mínu sem stendur upp úr. Í gegnum starfsemi KFUM og KFUK hef ég fengið að kynnst mörgum af mínum bestu vinum og fengið leiðsögn góðra fyrirmynda sem hafa gefið mér gott veganesti út í lífið. Það er mér ómetanlegt.

Ástráður Sigurðsson

7. Innland samstarfsverkefni

KFUM og KFUK á Íslandi á samstarf við fjölmarga aðila innanlands. Í kaflanum er greint frá helstu samstarfsaðilum og samstarfsverkefnum á starfsárinu.

Æskulýðsvettvangurinn

KFUM og KFUK á Íslandi, Bandalag íslenskra skáta, Ungmennafélag Íslands og Slysavarnafélagið Landsbjörg mynda saman samstarfsvettvang undir heitinu Æskulýðsvettvangurinn (ÆV). Þetta samstarf má rekja til ársins 2007, en formlig stofnun ÆV fór fram 2012 þegar ÆV fékk lög og kennitölu og réði til sín starfsmann. Stjórn ÆV á starfsárinu skipuðu þau Auður Þorsteinsdóttir formaður (UMFÍ), Tómas Torfason (KFUM og KFUK), Kristinn Ólafsson (BÍS) Gunnar Stefánsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg). Sema Erla Serdar er framkvæmdastýra ÆV, starfshlutfall hennar er 80% síðan sumarið 2019.

Tilgangur og markmið ÆV er að stuðla að samræðu og samstarfi aðildarfélaganna á sviði leiðtogaþjálfunar, fræðslu- og forvarnarmála, útbreiðslu og kynningar og á öðrum sviðum eftir því þurfa þykir. Gildi ÆV eru vellíðan, velferð og öryggi.

Hvers virði er KFUM og KFUK mér?

Ástin og lífið!

Í gegnum KFUM og KFUK kynntist ég Guði, mínum bestu lífstíðarvinum og eiginmanninum, þannig að ég get varla ímyndað mér hvernig líf mitt hefði verið án KFUM og KFUK. Þarna var bæði mitt skemmtanalið og mín sumarvinna á unglingsárum, þarna hef ég þroskast trúarlega og félagslega og fengið að æfa mig að stjórna viðburðum og bera ábyrgð. Eins og þetta allt sé nú ekki nóg, þá var það líka Rúna ráðskona í Kaldárseli sem kenndi mér að skúra - og hvaða frekari leiðsögn út í lífið er þá hægt að biðja um?! Svona snertir starf KFUM og KFUK marga fleti lífsins. Seinna fékk ég að reyna hvað það er frábært að ala upp börnin mín í KFUM og KFUK og þar hafa þau fengið jafndýrmætt vegahesti og ég. Ég hef bæði fengið að njóta sem þátttakandi og gefa af mér sem leiðtogi í fjölbreyttu starfi félaganna. Gefa og þiggja, þannig á það að vera og þannig gengur dæmið upp. Ég ráðlegg öllum að biðja ekki eftir því að seinna gefist hentugur tími til þátttöku í félagsstarfinu, heldur vera bara með. Fyrir mér er þetta ástin og lífið! Ég bið að Drottinn blási næstu kynslóðum í brjóst frumkvæði til góðra verka í KFUM og KFUK. Hlutverk félaganna í nútíð og framtíð með sinn trúarlega boðskap er jafnvel mikilvægara en nokkru sinni fyrr.

Anna Magnúsdóttir



Siðareglur

ÆV stendur að útgáfu siðareglna um samskipti og siðareglna um rekstur og ábyrgð. Eru þær hugsaðar fyrir starfsfólk og sjálfbóðaliða í starfi aðildarfélaganna. Tilgangurinn með þeim er að gefa starfsfólki og sjálfbóðaliðum ramma til þess að starfa innan, bæði til þess að tryggja velferð og öryggi barna og ungmenna sem taka þátt í starfinu og til þess að tryggja fagmennsku í starfi.

Verndum þau

Á árinu 2019 voru auglýst og skipulögð sjö Verndum þau námskeið víðs vegar um landið. Alls sóttu um 350 manns námskeiðin. Ólög Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, höfundar bókarinnar Verndum þau, voru kennarar á námskeiðunum. Verndum þau fjallar um hvernig bregðast á við grun um vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og unglingum. KFUM og KFUK krefst þess að þeir sem starfa með börnum og unglingum á vettvangi félagsins hafi sótt námskeiðin nýlega.



Fagrð í meðferð kynferðisbrota

Aðildarfélag ÆV eiga með sér samráð þegar kemur að þessum viðkvæma málaflokki og hefur starfrækt sérstakt fagrð til að koma að slíkum málum. Áfram verður unnið að þróun þessa samstarfs til að tryggja góð og fagleg viðbrögð og vinnubrögð þegar upp kemur grunur um kynferðisbrot á vettvangi aðildarfélaganna.

Viðbragðsáætlun

ÆV hefur gefið út viðbragðsáætlun þar sem finna má verkferla sem félög skulu fylgja þegar upp koma atvik eða áföll sem kunna að hafa áhrif á starf félags. Dæmi um atvik sem viðbragðsáætlunin nær til eru agabrot, ávana- og vímuefnanotkun, einelti, kynferðisbrot, alvarleg veikindi, áföll, slys og andlát.

Sakavottorð

KFUM og KFUK (ásamt öðrum aðildarfélagum ÆV) gera þá kröfu til sjálfbóðaliða og starfsmanna sem starfa með börnum og ungmennum á vettvangi félagsins að þeir skili inn samþykkt fyrir því að félagið sækir upplýsingar um þau úr sakaskrá. Eitt af verkefnum ÆV er að þrýsta á stjórnvöld að gera þetta ferli einfaldara og skilvirkara, t.d. með rafrænum lausnum.

Átak gegn einelti

Eitt af verkefnum ÆV er útgáfa á aðgerðaráætlun gegn einelti og annari óæskilegri hegðun. Tilgangurinn er að stuðla að því að allir geti notið sín á jákvæðan hátt innan þess góða starfs sem aðildarfélag ÆV standa fyrir. Hægt er að tilkynna eineltismál til fagrðs Æskulýðsvettvangsins sem getur aðstoðað með úrlausn þess.



KFUM og KFUK á náíð samstarf við Kristilega skólahreyfinguna, einkum KSS, þegar kemur að ungmennastarfi.



Ekkert hatur

Ekkert hatur – orðum fylgir ábyrgð er eitt af verkefnum ÆV. Verkefninu er ætlað vekja athygli á hatursorðræðu á netinu, verkja ungt fólk til umhugsunar og hvetja það til að bregðast við. Verkefnið stendur fyrir jafnrétti, virðingu, mannréttindum og fjölbreytileika. Því er beint gegn einelti, hatursorðræðu, kynþáttafordómum og mismunun á netinu.

Kristileg skólahreyfing

Kristilega skólahreyfingin (KSH); Kristileg skólasamtök (KSS) og Kristilegt stúdentafélag (KSF) hafa átt náíð samstarf við KFUM og KFUK á Íslandi um áratuga skeið. Starf KSS miðast við aldurshópinn 15-20 ára og starf KSF fyrir háskólastúdenta. Ungmennastarf skólahreyfingarinnar hefur verið það samofið starfi KFUM og KFUK, að í félaginu hefur ekki þótt ástæða til að standa fyrir eigin starfi fyrir sama aldurshóp í Reykjavík.

Á síðustu misserum hefur stjórn KFUM og KFUK þótt ýmislegt benda til þess að skerpa þyrfti á samstarfinu. Því átti stjórn KFUM og KFUK samtal við forystufólk skólahreyfingarinnar um þau mál á starfsárinu. Niðurstaðan var skriflegt samkomulag milli aðila, sem m.a. inniheldur að KFUM og KFUK mun styðja við starf skólahreyfingarinnar á fjölbættan hátt og skólahreyfingin muni starfa í takti við áherslur og stefnu KFUM og KFUK (sjá einnig í kafla 1).

Útgáfa fræðsluefnis um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Á starfsárinu hefur félagið átt samstarf við fræðsluvið biskupsstofu um útgáfu á fræðsluefni sem tengir saman kristna trú og gildi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, sjá www.heimsmarkmidabokin.is. Um er að ræða efni sem gefið var út í Noregi í samvinnu KFUM og KFUK þar í landi, norsku þjóðkirkjunnar og fleiri aðila. Sr. Sindri Geir Óskarsson hefur unnið að málinu fyrir hönd KFUM og KFUK og Magnea Sverrisdóttir djákni að hálfu fræðsluviðsins. Sjá nánar á www.heimsmarkmidabokin.is.



Í samstarfi við fræðsluvið biskupsstofu hefur KFUM og KFUK unnið að útgáfu efnis um tengsl heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna við kristna trú og kristin gildi. Efnið er nú aðgengilegt á netinu: www.heimsmarkmidabokin.is

Þjóðkirkjan

KFUM og KFUK á Íslandi á gott samstarf við marga söfnuði þjóðkirkjunnar um barna- og æskulýðsstarf (sjá nánar kafla 2). Leikjanámskeið í Kópavogi voru haldin í samstarfi við Lindakirkju. Þá á félagið mikið samstarf við söfnuði þjóðkirkjunnar um fermingarnámskeið í Vatnaskógi (sjá kafla 11).

Friðrikskapella á Hlíðarenda

Friðrikskapella er eitt af samstarfsverkefnum, en hún er í sameiginlegri eigu KFUM og KFUK á Íslandi, Karlakórsins Fóstbræðra, Knattspyrnufélagsins Vals og Skátasambands Reykjavíkur. Í Friðrikskapellu eru haldnar hádegissamverur á mánudögum yfir vetrarmánuðina. Þá er kapellan nýtt fyrir margskonar viðburði eða samverur. Fulltrúi KFUM og KFUK í kapellunefnd er Kári Geirlaugsson.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og sveitarfélög

KFUM og KFUK á Íslandi á gott samstarf við mennta- og menningarmálaráðuneytið, sérstaklega íþróttá- og æskulýðsdeildina. Valgerður Þórunn Bjarnadóttir og Óskar Ármannsson eru tengiliðir ráðuneytisins við félagið. Þjónustusamningur er á milli KFUM og KFUK á Íslandi og mennta- og menningarmálaráðuneytisins af hálfu ríkisins. KFUM og KFUK á einnig samstarf við fjölmörg sveitarfélög. Þjónustusamningur er á milli KFUM og KFUK og Reykjavíkurborgar. Þá er einnig þjónustusamningur á milli KFUM og KFUK í Reykjanesbæ og Reykjanesbæjar og milli félagsins á Akureyri og Akureyrarbæjar.

8. Útgáfu- og kynningarmál

Útgáfu- og kynningarmálum KFUM og KFUK sinna bæði starfsmenn félagsins og sjálfboðaliðar. Fjölbreyttir miðlar eru nýttir til að koma á framfæri því fjölbreytta starfi sem félagið býður upp á. Þannig hefur vægi samfélagsmiðla aukist ár frá ári. Hluti af kynningarstarfinu er unnið í þágu félagsins í heild, meðan annað snýr að afmörkuðum starfsstöðvum, verkefnum eða viðburðum. Stundum snýr kynningarstarf að afmörkuðum hópi, t.d. félagsfólki KFUM og KFUK, en í öðrum tilfellum er horft til breiðari hóps almennings, t.d. þegar við gefum út kynningarblað fyrir sumarþúðirnar.

Fréttabréf

Fréttabréf KFUM og KFUK kom þrisvar sinnum út á starfsárinu, í júní, í september og í byrjun janúar. Fréttabréfið var sent út til allra félagsmanna KFUM og KFUK, margra kirkna, æskulýðssamtaka á landinu, alþingismanna og borgar- og bæjarfulltrúa og fleiri velunnara. Rafrænar útgáfur má skoða á slóðinni <http://issuu.com/kfumkfuk>. Í fréttabréfinu er bæði greint frá liðnum viðburðum í starfi félagsins og dagskrá komandi vikna og mánaða kynnt.



Ársskýrsla

Vorið 2019 kom ársskýrsla KFUM og KFUK á Íslandi út fyrir starfsárið 2017–2018 og var send til félagsfólks ásamt boðsbréfi fyrir aðalfund KFUM og KFUK. Stuttu síðar var hún einnig send til velunnara félagsins. Rafrænar útgáfur af ársskýrslum síðustu ára má skoða á slóðinni <http://issuu.com/kfumkfuk>.

Vefsvæði og aðrir samskiptavefir

Félagið heldur úti öflugum vefsvæði á slóðinni www.kfum.is. Fyrir utan heimasíðuna sem birtist á www.kfum.is, samanstendur svæðið af átta sjálfstæðum vefsíðum fyrir starfsstöðvar og verkefni innan félagsins. Ríflega 80 einstaklingar koma að því að skrifa fréttir og upplýsingar inn á vefsvæðið. Halldór Elías Guðmundsson heldur utan um vefsvæði félagsins.

Heimasíðan er tengd við samfélagsmiðlana Twitter og Facebook. Fréttir sem birtast á heimasíðu félagsins birtast þannig samstundis sem „tvít“ á twitter.com/KFUM_KFUK og er að öðru jöfnu dreift á Facebook síðu félagsins. Fréttir á heimasvæðum einstakra starfsstöðva eru oftast nær birtar á Facebook síðum viðkomandi starfsstöðva.

Facebook síðu KFUM og KFUK á Íslandi birtir fréttir og myndir úr starfinu ásamt því að kynna sérstaka viðburði. Síðan er með rúmlega 2250 fylgjendur. Umsjón er að mestu leyti í höndum Elínar Hrundar Garðarsdóttur. Félagið notar Facebook mikið sem verkfæri í samskiptum við félagsfólk og almennig. Þannig eru margir hópar, starfsstöðvar og verkefni með sínar eigin Facebook síður. Þá eru smáskilaboð í Facebook orðin mjög algeng í samskiptum og hafa að nokkru leyti tekið við hlutverki tölvupóstsins.

KFUM og KFUK notar vef YouTube til að birta myndbönd, vef issuu.com til birtingar á útgefnu prentefni og myndir frá starfi félagsins eru birtar á vefnum Flickr: <http://www.flickr.com/photos/kfum-kfuk-islam/>. Hægt er að nálgast myndböndin, prentefnið og ljósmyndirnar í gegnum heimasíðu félagsins.

Jafnframt heldur félagið úti vefsíðunni www.sumarfjor.is sem er sérsmíðuð skráningarsíða fyrir viðburði og starfsemi á vegum félagsins.

KFUM og KFUK notar einnig samfélagsmiðillinn Instagram til að kynna starfið, undir heitinu [kfumkfukiceland](http://www.kfumkfukiceland.com). Hann má sjá á slóðinni <http://instagram.com/kfumkfukiceland>.

Efnisveita og handbók sumarþúða

Í starfi KFUM og KFUK er fræðsluefni fyrir æskulýðsstarf mikið notað og má nálgast það slóðinni www.kfum.is/efnisveita. Þar eru hugmyndir fyrir fundi, verkefni, hugleiðingar, leikir og fleira efni frá árunum 2007 til dagsins í dag.

Handbók sumarþúðanna er á slóðinni www.kfum.is/handbok. Þar má nálgast fjölbreyttar upplýsingar og fræðslu fyrir starfsfólk sumarþúðanna.



Hugleiðingar fyrir barna- og unglingastarf

Á starfsárinu var tekin saman mappa með 41 hugleiðingu til að nota í deildarstarfi og sumarþúðum félagsins á árinu 2020. Hugleiðingarnar eru allar byggðar upp á svipaðan hátt. Þær byrja með lestri á Biblíutexta eða Biblíusögu sem er fylgt á eftir með einfaldri útskýringu eða túlkun á sögunni. Hver hugleiðing endar svo á einfaldri bæn. Í möppunni er jafnframt að finna einfalt form fyrir helgistundir í deildarstarfi. Við val á biblíutextum og skrif á hugleiðingum var stuðst við fræðsluefni KFUM og KFUK í sumar- og vetrarstarfi síðastliðin 15 ár. Þá var lögð áhersla á það við hönnun og framsetningu möppunnar að auðvelt væri að bæta við hugleiðingum og skipta út efni ef þarf. Verkefnið var unnið af Halldóri Elíasi Guðmundssyni djákna og æskulýðsfulltrúa KFUM og KFUK.

Kvöldsögur og gátlisti

Fyrir sumarið 2019 var endurútgefið efnið Kvöldsögur og gátlisti frá árinu 2013. Heftið er gert fyrir sumarþúðir félagsins. Þar er að finna 18 sögur til að segja börnum fyrir svefninn, auk gátlista með þeim atriðum sem yfirfara þarf með börnunum fyrsta kvöldið í sumarþúðunum. Efnið í heftinu kemur víða að. Jóhann Þorsteinsson dró það saman auk þess að vera höfundur gátlistans sem hann byggir á áralangri reynslu úr sumarþúðastarfi..



Netfréttir

Í upphafi hverrar viku eru yfir vetrarmánuðina sendar út netfréttir um starf félagsins og viðburði sem eru á döfinni í fullorðins- og æskulýðsstarfi. Fréttirnar eru sendar með tölvupósti til allra þeirra sem hafa skráð sig á netfangalista í gegnum heimasíðu félagsins. Notast var við netpóstkerfið MailChimp til að halda utan um sendingar á netfréttunum. Netfréttir eru sendar á 580 netföng. Umsjón með netfréttum hefur Elín Hrund Garðarsdóttir.

Kynning á sumarstarfi KFUM og KFUK

Fyrir fyrsta skráningardag 2020 var gefið út 16 síðna sumarþúðablað þar sem sumarþúðir og leikjanámskeið á vegum félagsins sumarið 2020 voru kynnt. Safnað var auglýsingum og styrkjum frá ýmsum fyrirtækjum til að greiða fyrir útgáfu blaðsins. Blaðið var prentað í 78.000 eintökum og dreift á öll heimili á höfðuborgarsvæðinu og á Akranesi, Akureyri og í Grindavík. Auk þess var blaðið sent í pósti til skráðra þátttakenda í starfinu sem búsett eru í öðrum pósthúsum.


Rafræna útgáfa af blaðinu er hægt að nálgast á issuu.com/kfumkfuk. Samhliða útgáfu- og umfangsmikillar dreifingar sumarþúðablaðsins var auglýst bæði í sjónvarpi og útvarpi. Punginn af útgáfu sumarþúðablaðsins 2020 og samræmda sumarþúðaauglýsinga var í höndum Ársæls Aðalbergssonar og Tómasar Torfasonar. Auk þeirra komu Guðni Már Harðarson, Sigurður Grétar Sigurðsson, Jón Ómar Gunnarsson og Eydís Ösp Eypórsdóttir að söfnun auglýsinga og styrkaraðila fyrir blaðið.

Í framhaldi af samræmdum sumarþúðakynningum hafa stjórnir einstaka sumarþúða haldið úti kynningarstarfi fyrir sínar sumarþúðir, einkum á samfélagsmiðlum, en einnig með útgáfu einfaldra bæklinga, markpósti eða beinna auglýsinga í sínu nærumhverfi.

Annað almennt kynningarstarf

Á sumrin gefur Vatnaskógur út bækling vegna Sæludaga um verslunarmannahelgina, sem var prentaður í 2.000 eintökum. Bæklingurinn var sendur til félagsfólks og forráðamanna barna í sumarstarfi félagsins.

Bæklingur um verkefnið Jól í skókassa var gefinn út af stjórn verkefnisins. Honum var dreift víðsvegar um landið en rafræna útgáfa af bæklingnum má sjá á heimasíðu félagsins: <https://www.kfum.is/skokassar/skokassar/prentefni-jola-i-skokassa/>



9. Jól í skókassa

Verkefnið Jól í skókassa er hluti af starfi KFUM og KFUK á Íslandi. Verkefnið er góðgerðarstarf sjálfbóðaliða og snýst um að safna jólagjöfum fyrir börn og unglinga í Úkraínu sem búa við fátækt, veikindi, erfiðar aðstæður eða líða á annan hátt fyrir aðstæður sínar.

Stjórn verkefnisins var skipuð eftirfarandi aðilum á starfsárinu:

Björgvin Þórðarson, formaður
Mjöll Þórarinsdóttir, gjaldkeri
Hreinn Pálsson, ritari
Ingibjörg Valgeirsdóttir, meðstjórnandi
Áslaug Björgvinsdóttir, meðstjórnandi

Helstu verkefni stjórnar á árinu var undirbúningur fyrir söfnun jólagjafanna, móttaka á jólagjöfum, samskipti við fjölmiðla og annars konar kynning á verkefninu, samskipti við sjálfbóðaliða, styrktaraðila verkefnisins, tengiliði verkefnisins á landsbyggðinni sem og í Úkraínu. Einnig skýrslugerð í tengslum við flutning jólagjafanna og önnur tilfallandi verkefni.

Að verkefninu kom fjöldi sjálfbóðaliða, líkt og undanfarin ár. Mestur fjöldi sjálfbóðaliða tók þátt í yfirferð jólagjafa viku fyrir lokaskiladag, sem og á lokaskiladeginum þann 9. nóvember 2019. Þá var fjöldinn allur af sjálfbóðaliðum á landsbyggðinni sem sá um að taka á móti gjöfum og koma þeim til Reykjavíkur. Starfsmenn Þjónustumiðstöðvarinnar gegndu jafnframt viðamiklu hlutverki í að taka á móti jólagjöfum, svara spurningum og sinna móttöku á leikskóla- og grunnskólabörnum sem komu færandi hendi með jólagjafir.

Söfnun gjafa

Árið 2019 var sextánda árið í röð sem jólagjöfum var safnað fyrir munaðarlaus og fátæk börn í Úkraínu. Lokaskiladagur gjafa í Reykjavík í húsi KFUM og KFUK á Holtavegi var laugardagurinn 9. nóvember 2019, en fyrir þann tíma var hægt að koma kössum til skila víða um land. Eins og fyrri ár gekk verkefnið mjög vel.

Alls söfnuðust 4.656 kassar. Öllum skókössum var pakkað á bretti og komið fyrir í stórum gámi. Mánudaginn 11. nóvember 2019 var gámurinn sóttur og hófst þá ferðalag gámsins frá húsi KFUM og KFUK við Holtaveg til Kirovohrad í suðurhluta Úkraínu. Eins og áður gaf Flytjandi flutning á kössum til Reykjavíkur og Eimskip gaf gáminn og flutning hans til meginlands Evrópu.

Útdeiling gjafa til barna í Úkraínu

Sendinefndin í ár voru þau Arna Ingólfssdóttir, Páll Hreinsson og fyrir hönd stjórnar jól í skókassa Hreinn Pálsson. Þau afhentu gjafirnar m.a. á munaðarleysingjaheimilum, til barna einstæðra mæðra, fjölskyldna sem búa við bágar aðstæður og til fatlaðra barna.

Ferðasögu hópsins má nálgast á Facebook síðu verkefnisins sem og á heimasíðu félagsins, www.kfum.is/skokassar

Fulltrúar KFUM og KFUK í Úkraínu tóku svo við frekari dreifingu jólagjafanna og sáu um að koma þeim í réttar hendur.



4.656 gjafir komu í hús. Hjá þessari fjölskyldu er þátttaka í verkefninu árlegur viðburður.



Höfuðstöðvum KFUM og KFUK við Holtaveg er breytt í vöruhús í eina viku, þar sem sjálfbóðaliðar yfirfara hvern kassa og ganga frá þeim á vörubretti.



Fulltrúar verkefnisins fylgja gjöfunum eftir með heimsókn til Úkraínu. Á myndinni er Hreinn Pálsson að afhenda börnum sína pakka.




10. Starfsstöðvar KFUM og KFUK

KFUM og KFUK á Íslandi er eitt félag. Allir félagar eru skráðir í sama félagið óháð búsetu eða hvaða þætti starfsins þeir taka þátt í. Innan félagsins starfrækjum við níu starfsstöðvar sem eru sjálfstæðar rekstrareiningar sem halda sinn aðalfund og hafa sína eigin stjórn. Þessu má líkja við handboltadeild og knattspyrnudeild innan íþróttafélags. Það sem gerir KFUM og KFUK þó frábrugðið íþróttafélögum hvað þetta varðar er hve mikið starf heyrir beint undir félagið sjálft og þar með aðalstjórn félagsins.

Starfsstöðvarnar níu skiptast í fimm sumarþúðir, einn leikskóla og þrjú félög utan höfuðborgarsvæðisins. Í köflum 11-19 í þessari skýrslu er að finna skýrslu hverrar starfsstöðvar fyrir sig.

Sameiginlegt starf sumarþúða

Sumarþúðirnar fimm eiga með sér margskonar samstarf. Fjórir samráðsfundir formanna sumarþúða voru haldnir á starfsárinu. Samstarfið nær til skipulags og samþættingar starfsins, t.d. skráninga í dvalarflokka, skilmála og skráningarkerfis. Það nær til ráðninga- og starfsmannamála, námskeiða og þjálfunar starfsfólks og þeirra faglegu krafna sem félagið gerir til starfsmanna sinna. Þá er mikið samstarf þegar kemur að öryggismálum og miðlun þekkingar. Samstarfi í kynningarmálum er mikið, en því eru gerð skil í kafla 8.



Innan félagsins starfrækjum við níu starfsstöðvar sem eru sjálfstæðar rekstrareiningar sem halda sinn aðalfund og hafa sína eigin stjórn.

Sem dæmi um samstarfið var sl. vetur ákveðið að færa dvalarflokkinn „Stelpur í stuði“ úr Vindáshlið yfir í Ölver fyrir sumarið 2020. Flokkurinn sem er sérstaklega fyrir stúlkur með ADHD og skildar raskanir er fámennari en hefðbundnir dvalarflokkar. Ætla má að hann passi betur inn í Ölver, sem er minni staður og heldur betur utan um fámennari hóp en Vindáshlið.



11. Vindáshlíð

Stjórn og stjórnarstörf

Aðalfundur

Aðalfundur Vindáshlíðar 2019 var haldinn í húsi KFUM og KFUK við Holtaveg 28, þriðjudaginn 19. mars. Fundargestir voru 26. Fundarstjóri var Gísli Davíð Karlsson og fundarritari var Anna Elísa Gunnarsdóttir.

Stjórn Vindáshlíðar á starfsárinu skipuðu:

Signý Gyða Pétursdóttir, formaður
Sólborg Linda Reynisdóttir, varaformaður
Gerður Rós Ásgeirsdóttir, gjaldkeri
Áslaug Haraldsdóttir, varagjaldkeri
Hildur Margrét Mortensdóttir, ritari
Ester Helga Harðardóttir, vararitari
Pálína Axelsdóttir Njarðvík, kynningarfulltrúi

Skoðunarmenn reikninga voru kosin Ásta Þorbjörnsdóttir og Guðrún Nína Petersen.

Á starfsárinu voru haldnir 11 stjórnarfundir: sjö í húsi KFUM og KFUK á Holtavegi og fjórir í heimahúsum. Þá er ótalið allar þær umræður og samskipti sem fram hafa farið á facebook síðu stjórnar. Þar voru stjórnarkonur til taks allan sólarhringinn.

Helstu verkefni stjórnar

Almenn stjórn sumarbúðastarfsins er mikið verk og allt unnið í sjálfböðavinnu. Meðal verka eru rekstur og viðhald húsakynna, ráðningar starfsfólks, skipulag sumarstarfs og almennur stuðningur við það, kaffisala, kvennaflokkur, og mæðgnaflokkur svo nokkur atriði séu nefnd. Þetta árið var mikil vinna lögð í ráðningar, stúlkur komu í ráðningarviðtöl sem voru að sækja um starf hjá Vindáshlíð í fyrsta skipti. Þegar stúlkur komu að skrifa undir ráðningarsamninga var boðið upp á veitingar.

Starfmenn

Haustið 2019 var Þorbjörg Skúladóttir ráðin til að sjá um þríf eftir útleigur og að sinna útköllum ef þess hefur þurft til. Enginn verkefnastjóri var í launuðu starfi á starfsárinu.

Starfsemi - sumarstarf

Lýsing sumarstarfs

Daglega var boðið upp á gönguferðir og nánasta umhverfi Vindáshlíðar skoðað. Í hverjum flokki er keppt í brennó og í lokin stendur eitt herbergi eftir sem brennómeistarar. Einnig er keppt í öðrum íþróttum og leikjum. Margvísleg leiktæki eru í Vindáshlíð sem stúlkurnar sækja í og vinsælt

er að útbúa svokölluð vinabönd. Herbergin skiptast samkvæmt hefðum á að sjá um kvöldvökur og er jafnan glatt á hjalla. Mikið er sungið í Vindáshlíð, bæði á kvöldvökum og öðrum skipulögðum stundum. Auk þess eru sungnir fánasöngur, borðsöngur fyrir máltíðir og kvöldsöngur fyrir svefninn.

Einu sinni í flokk er guðspjónusta í Hallgrímskirkju í Vindáshlíð og taka allar stúlkur þátt í undirbúningi hennar með ýmsum hætti. Á hverjum degi er biblíulestur og fræðsla úr Bibliúnni.

Hver foringi hefur umsjón með einu herbergi og kallast bænakona.

Hver bænakona ber ábyrgð á sínu herbergi og er uppálagt að fylgjast sérstaklega vel með stúlkunum í því herbergi.

Ævintýra og óvissuflokkar eru haldnir 3–4 sinnum yfir sumarið. Þeir eru ætlaðir eldri stúlkum. Reynt er að hafa þessa flokka ófyrirsjáanlega og spennandi fyrir stúlkurnar.

Sumarið 2019 voru þrjú ævintýraflokkar, einn óvissuflokkur og einn flokkur sem nefndur var Skapandi stelpur. Í þeim flokki var lögð áhersla á sköpun og listir. Stelpur í stuði er flokkur sem haldin var í fyrsta skipti í Vindáshlíð þetta sumarið. Flokkurinn er sérstaklega að stúlkum á aldrinum 10–12 ára með athyglisbrest, óvirkni og skyldar raskanir.

Flokkar sumarins voru

Flokkur	Tímabil	Aldur	Dagar	Fjöldi	Skýring
1.	11. júní – 15. júní	9–11	5	82	
2.	16. júní – 21. júní	11–13	6	85	Ævintýraflokkur
3.	24. júní – 29. júní	10–12	6	82	
4.	1. júlí – 6. júlí	12–14	6	84	Ævintýraflokkur
5.	8. júlí – 13. júlí	14–17	6	24	Unglingaflokkur
6.	15. júlí – 20. júlí	9–11	6	83	
7.	22. júlí – 27. júlí	10–12	6	79	
8.	29. júlí – 1. ágúst	10–12	4	13	Stelpur í stuði *
9.	6. ágúst – 10. ágúst	9–11	5	85	
10.	12. ágúst – 16. ágúst	11–13	5	83	Ævintýraflokkur
11.	30. ágúst – 1. sept.	18–99	3	34	Kvennaflokkur
13.	7. sept. – 9. sept.	6–99	3	62	Mæðgnaflokkur

Samtals 796 stelpur, 125% nýting. Miðað við að fullur flokkur sé fyrir 80 manns. Árið á undan sóttu 625 stúlkur Vindáshlíð.

Starfsmenn

Forstaða: Guðlaug María Sveinbjörnsdóttir, Hanna Lára Baldvinsdóttir, Hildur Margrét Mortensdóttir, Kristín Sveinsdóttir og Ólöf Birna Sveinsdóttir

Ráðskonur: Aldís Helga Björgvinsdóttir, Berglind Elva Sigvaldadóttir, Bryndís Schram Reed, Dagný Dögg Sigurðardóttir og Halldóra Guðjónsdóttir.

Foringjar: Andrea Anna Arnardóttir, Aþena Vigdís Eggertsdóttir, Birta Lind Guðmundsdóttir, Bryndís Schram Reed, Edda Ýr Guðmundsdóttir, Elísa Sif Hermannsdóttir, Elizabeth Björk Ásgeirsdóttir, Ella María Georgsdóttir, Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir, Hanna Lára Baldvinsdóttir, Helga Sóley Björnsdóttir, Hildur Iðunn Sverrisdóttir, Hildur Margrét Mortensdóttir, Hulda Guðlaugsdóttir, Ísabella Rós Þorsteinsdóttir, Jóhanna Steina Matthíasardóttir, Kristjana Guðbjartsdóttir, Lilja Maren Elíasdóttir, Margrét Stella Kaldalóns Sigurðardóttir, María Rut Arnarsdóttir, Marta Kristín Friðriksdóttir, Rebekka Ýr Guðbjörnsdóttir, Sóley Adda, Steinunn Lóa Lárusdóttir, Thelma Rós Arnardóttir og Þóra Birgisdóttir.



Aðstoðarforingjar sumars voru: Ásta Ísabella Kent, Alice Viktoría Kent, Arndís Möller, Dagný Guðmundsdóttir, Helga Kristinsdóttir, Margrét María, Svanhildur Reynisdóttir og Thelma Rós Arnardóttir.

Ekki má gleyma öllum þeim sjálfboðaliðum sem komu og hjálpuðu í vinnuflokkum til þess að undirbúa sumarstarfið.

Viðburðir

Kvennaflokkur

Kvennaflokkur var haldinn 30. ágúst til 1. september. Tekið var á vel á móti þeim konum sem að mættu og boðið til kvöldverðar. Á samverustund um kvöldið talaði Dagný Dögg til kvennanna, eftir það var kvöldkaffi með allskonar góðgæti og svo kvöldstund sem var haldin uppi í kirkju. Á laugardeginum kom Þóra Björg Sigurðardóttir og sagði frá lokaverkefni sínu „Vertu trú“ sem að fjallar um konurnar sem voru kallaðar af Guði til að stofna sumarúðir í Vindáshlíð. Hefðbundin dagskrá tók svo við. Á sunnudeginum var haldin messa í Hallgrímskirkju í umsjá Helgu Soffíu Konráðsdóttur.

Mæðgnaflokkur

Þann 6.–8. september var mæðgnaflokkur í Vindáshlíð. Hanna Lára Baldvinsdóttir hélt utan um dagskrá og var forstöðukona þessa helgina. Leikir, útivera, kvöldvökur og margt fleira var á dagskrá. Starfsfólk var: Andrea Anna Arnardóttir, Berglind Elva Sigvaldadóttir, Hildur Margrét Mortensdóttir, María Kristín Friðriksdóttir og Pálína Axelsdóttir Njarðvík.

AD-KFUK

Þann 1. október 2019 var fyrsti fundur vetrarins í AD KFUK haldinn í Vindáshlíð. Sú góða hefð hefur ríkt í allmörg ár. Fundurinn var vel sóttur gekk vel.

Jólatréssala

Jólatréssala Vindáshlíðar var haldin þann 7. desember í Vindáshlíð frá klukkan 13:00-16:00. Boðið var upp á veitingar og var mikil og góð stemming meðal gesta.

Ýmsir viðburðir í starfi Vindáshlíðar

Árshátíð Hlíðarmeyja

Árshátíð Hlíðarmeyja var haldin þann 9. febrúar frá klukkan 13:00–14:30. Þar mætti starfsfólk sumarsins og hélt uppi dagskrá með stúlkunum. Dregið var í happdrætti og Ester Helga sá um hugleiðingu. Boðið var upp á léttar veitingar í lokin.

Vinnuflokkar

26.–27. apríl var haldin bókunarhelgi þar sem að sjálfböðaliðar komu og bökðu fyrir kaffisölu Vindáshlíð, ásamt því að sinna allskonar verkefnum sem þurfti að græja fyrir sumarið. Boðið var upp á mat og þeir sem vildu gistu eina nótt.

Vinnuflokkur var haldinn þann 11. maí. Margt þurfti að yfirfara fyrir sumarið og sérstök áhersla var lögð á útisvæði Vindáshlíðar. Við viljum þakka öllum fyrir sem að komu og hjálpuðu til. Stjórnin kann að meta alla hjálpinu.



Kaffisala

Kaffisala Vindáshlíðar var haldin þann 1. júní 2019. Þeir sem höfðu tekið þátt í fjáröflun fyrir Vindáshlíð í gegnum Karoline-fund var boðið á kaffisölu án endurgjalds. Við upphaf kaffisölnnar var guðspjónusta sem Helga Kolbeinsdóttir hélt utan um. Kaffisalan var vel sótt.

Útleigur

Vindáshlíð hefur verið leigð út til 11 hópa á starfsárinu. Hefur það gengið mjög vel.

Gjafir og styrkir

Vindáshlíð hefur verið svo blessuð að fá gjafir og styrki þetta árið eins og önnur.

Framkvæmdir

Merktar voru nýjar töskur og bolir fyrir sumarið. Gólfíð í matsalnum var bónað.

Svo má ekki gleyma ýmsum minni hlutum t.d. hurðarhúnum sem hafa verið lagaðir á vinnudögum og á sumrin.

Lokaorð

Hlíðarstjórn færir þakkið fyrir fyrirbærni og góðar gjafir og þakkar öllum sem tekið hafa þátt í starfi Vindáshlíðar á liðnu starfsári með einum eða öðrum hætti. Það er okkur meira virði en orð fá lýst. Guð launi ykkur allan velvilja og hlýjan hug til Vindáshlíðar.



Kaffisala Vindáshlíðar sem haldin var 1. júní 2019 var vel sótt.



12. Vatnaskógur

Ársskýrsla þessi er yfirlit yfir starfsemi Skógarmanna KFUM árið 2019

Samkvæmt lögum Skógarmanna KFUM (2. og 3. grein) eru markmið Skógarmanna þessi:

„Að leiða fólk til trúar á Jesú Krist og vinna að útbreiðslu ríkis hans á grundvelli KFUM. Að afla fjár í Skálasjóð Skógarmanna KFUM til hagsbóta fyrir starfið í Vatnaskógi. Að vinna að og efla áhuga á skógrækt í Vatnaskógi“.

Leiðir að markmiðum eru samkvæmt lögum Skógarmanna KFUM (4. grein) þessi:

„Skógarmenn KFUM vinna að markmiðum sínum með skipulögðum dvalarflokkum, mótum, útgáfu- og fræðslustarfi, fundahöldum, fjáröflun, skógrækt og á annan þann hátt sem stjórnin ákveður hverju sinni í samræmi við markmið þessara laga“

Aðalfundur Skógarmanna KFUM var haldinn 28. mars 2019.

Stjórn Skógarmanna var þannig skipuð á starfsárinu:

Ólafur Sverrisson, formaður
Sigurður Grétar Sigurðsson, varaformaður
Páll Skaftason, gjaldkeri og fulltrúi stjórnar KFUM og KFUK á Íslandi
Nanna Guðný Sigurðardóttir, ritari
Björgvin Hansson, varagjaldkeri
Davíð Örn Sveinbjörnsson, meðstjórnandi
Jón Ómar Gunnarsson, meðstjórnandi
Gunnar Hrafn Sveinsson 1. varamaður og vararitari
Ögmundur Ísak Ögmundsson 2. varamaður

Páll Hreinsson og Sigurður Pétursson gáfu ekki kost á sér að þessu sinni en þeir höfðu setið í stjórn í áratugi. Páll frá 1997 og Sigurður frá 1991 og er þeim þakkað frábært framlag til starfsins.

Skoðunarmenn reikninga eru:

Kári Geirlaugsson (fulltrúi KFUM og KFUK á Íslandi)
Bjarni Árnason

Stjórnin hélt 10 fundi á árinu: 16. janúar, 19. febrúar, 19. mars, 10. apríl, 18. maí, 13. júní, 22. ágúst, 25. september, 22. október, 18. nóvember og 16. desember.

Starfsmenn

Fastir starfsmenn voru þeir Ársæll Aðalbergsson framkvæmdastjóri og Þórir Sigurðsson staðarráðsmaður. Sigurður Jóhannesson var sjálfboðaliði allt árið. Auk þeirra starfaði fjöldi fólks með einum eða öðrum hætti fyrir Skógarmenn árið 2019.

Framkvæmdir

Í upphafi ársins var lokið við innréttingar og tækjakaup í þvott húsi Birkiskála. Einnig var gerð breyting á tveimur herbergjum í eldri hluta hússins og í lok ársins var arni komið fyrir í sal. Endurnýjun á salernum í elsta hluta hússins hófst í lok árs og lauk í upphafi 2020. Þá var vinnu frestað við lóð sunnan við húsið til vorsins 2020.

Nýir rafstrengir voru lagðir til að bæta rafmagn á tjaldflötum og víðar. Aðrar framkvæmdir sem tengdust viðhaldi á staðnum voru; nýr pallur var byggður við Lerkiskála, þakrennur voru endurnýjaðar á íþróttahúsi og Lerkiskála auk þess sem farið var í nauðsynlegar viðgerðir í tengslum við þakrennuskiptin. Þá var almennu viðhaldi sinnt; hús máluð, unnið við skógrækt ofl.



Nýr gufu- og bakaraofn var keyptur um sumarið 2019. Nokkrir starfsmenn og velunnarar söfnuðu fyrir honum og fengu söluaðila ofnsins tilveita mjög góð kjör.



Kassabílar, meira en 25 ár síðan kassabílar voru smíðaðir af Þóri Sigurðssyni og fóru að renna um hlöð og stíga Vatnaskógar.



Bryggjustemning.

Nýr ofn í eldhúsið

Nýr gufu- og bakaraofn var keyptur um sumarið. Um er að ræða fullkominn og afkastamikinn ofn sem mun bæta tækjakost eldhússins til mikilla muna enda voru ofnar eldhússins komnir til ára sinna en sá eldri var meira en 30 ára gamall og virkaði ekki sem skyldi. Skógarmenn höfðu ekki gert ráð fyrir þessum útgjöldum og hófu nokkrir starfsmenn og velunnarar söfnun á samfélagsmiðlum og fengu söluaðila ofnsins tilveita mjög góð kjör. Með þessum hætt tókst að safna fyrir nýjum ofni og gott betur.

Nýr Matskáli

Nú stendur yfir hugmyndvinna að nýjum Matskála í Vatnaskógi. Skógarmenn hafa fengið Guðmund Gunnlaugsson arkitekt til að vinna að hönnun hins nýja húss og er sú vinna langt komin. Gert er ráð fyrir að ný matskálinn verði staðsettur fyrir framan núverandi Matskála með góðu útsýni yfir Eyrarvatn. Unnið er að breytingu á deiliskipulagi í samráði við Hvalfjarðarsveit. Skógarmenn leita nú leiða til að fjármagna verkefnið.

Sumarstarf

Dvalarflokkar sumarsins 2019 voru:

Fl.	Tímabil	Aldur	Dagar	Fjöldi	
1	8.–12. júní	10–12	5	30	Gauraflokkur
2	13.–17. júní	9–11	5	100	
3	18.–23. júní	10–12	6	99	
4	24. –29. júní	12–14	6	86	Ævintýraflokkur I
5	1. – 5. júlí	9–11	5	85	
6	8.–12. júlí	10 – 12	5	102	
7	13.–18. júlí	12–14	6	83	Ævintýraflokkur II
8	19.–24. júlí	10–12	6	68	Blandaður flokkur
9	25. –30. júlí	10–12	6	50	
10	6.– 9. ágúst	9–11	4	49	
12	12.– 18. ágúst	6–99	2	40	Unglingaflokkur


Fjöldi dvalargesta í dvalarflokkum sumarsins var 792 en þeir voru 778 árið áður.

Aðrir viðburðir – flokkar á vegum Skógarmanna

Viðburður	Tímabil	Aldur	Dagar	Fjöldi
Fjölskylduflokkur I	8. – 10. febrúar	0–99 ára	2	91
Fjölskylduflokkur II	29. – 31. mars	0–99 ára	2	46
Feðginaflokkur	26. – 28. apríl	6–99 ára	2	21
Feðgaflokkur I	9. – 11. ágúst	6–99 ára	2	26
Fjölskylduflokkur III	23. – 25. ágúst	0–99 ára	2	féll niður
Feðgaflokkur II	30. ág. –1. sept.	6–99 ára	2	102
Karlaflokkur	6. – 8. sept.	18–99 ára	2	50

Fjöldi dvalargesta á þessum viðburðum var 362 en var 240 í fyrra.

Heildarfjöldi dvalargesta í sumarstarfi og nefndum viðburðum Skógarmanna var því samtals 1154 samanborið við 1018 árið áður.



Nú stendur yfir hugmyndvinnu að nýjum Matskála í Vatnaskógi. Skógarmenn hafa fengið Guðmund Guðnlaugsson arkitekt til að vinna að hönnun hins nýja húss og er sú vinna langt komin. Gert er ráð fyrir að nýi matskálinn verði staðsettur fyrir framan núverandi Matskála með góðu útsýni yfir Eyrarvatn.

Sumarbúðastarfsfólk

Forstöðumenn:

1. Flokkur: Ásgeir Pétursson og Styrmir Magnússon
2. Flokkur: Ársæll Aðalbergsson og Pétur Ragnarsson
3. Flokkur: Hreinn Pálsson
4. Flokkur: Hreinn Pálsson
5. Flokkur: Ársæll Aðalbergsson og Jón Ómar Gunnarsson
6. Flokkur: Halldór Elías Guðmundsson
7. Flokkur: Halldór Elías Guðmundsson
8. Flokkur: Hreinn Pálsson og Gríma Katrín Ólafsdóttir
9. Flokkur: Halldór Elías Guðmundsson
10. Flokkur: Halldór Elías Guðmundsson
12. Flokkur: Benjamín Sveinbjörnsson og Hreinn Pálsson

Eldhússtjórn:

1. Flokkur: Valborg Rut Geirsdóttir
2. Flokkur: Ingibjörg L Friðriksdóttir
3. Flokkur: Ingibjörg L Friðriksdóttir
4. Flokkur: Ingibjörg L Friðriksdóttir
5. Flokkur: Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson
6. Flokkur: Valborg Rut Geirsdóttir
7. Flokkur: Valborg Rut Geirsdóttir
8. Flokkur: Gunnar Hrafn Sveinsson
9. Flokkur: Ingibjörg L Friðriksdóttir
10. Flokkur: Ingibjörg L Friðriksdóttir
12. Flokkur: Ingibjörg L Friðriksdóttir

Forstöðumenn í öðrum viðburðum voru þeir Ársæll Aðalbergsson og Hreinn Pálsson.



Pallur rifinn við Lerkiskála – eitt af verkefnum í Karlaflokki.



Unnið við að brýna hnífa – eitt af verkefnum í Karlaflokki

Aðrir starfsmenn

Ástráður Sigurðsson (1 flokkur),
Baldur Ólafsson (3 flokkar),
Bára Sigurjónsdóttir (1 flokkur),
Benedikt Guðmundsson (4 flokkar),
Birna Júlía Björnsdóttir (5 flokkar),
Daði Rúnar Jónsson (1 flokkur),
Dagur Adam Ólafsson (6 flokkar),
Davíð Guðmundsson (6 flokkar),
Eiríkur Skúli Gústafsson (2 flokkar),
Fannar Hannesson (7 flokkar),
Friðrik Páll Ragnarsson Schram (6 flokkar),
Gestur Danielsson (8 flokkar),
Gríma Katrín Ólafsdóttir (1 flokkur),
Guðbjörg Ýr Hilmarsson (1 flokkur),
Gunnar Hrafn Sveinsson (9 flokkar),
Hákon Arnar Jónsson (8 flokkar),
Hjalti Jól Magnússon (5 flokkar),
Hreinn Pálsson (5 flokkar),
Ísak Jón Einarsson (7 flokkar),
Jakob Viðar Sævarsson (4 flokkar),
Jens Elí Gunnarsson (3 flokkar),
Jóna Alla Axelsdóttir (1 flokkur),
Matthías Guðmundsson (5 flokkar),
Mirra Kristín Ólafsdóttir (1 flokkur),
María Rut Arnarsdóttir (1 flokkur),
Ólafur Long (1 flokkur),
Pétur Sigurðsson (1 flokkur),
Salóme Pálsdóttir (6 flokkar),
Tinna Dögg Birgisdóttir (1 flokkur),
Þórdís Hafþórsdóttir (2 flokkar),
Þráinn Andreusson (5 flokkar),

Í Gauraflokki störfuðu sem sérfræðingar:

Guðrún Ásta Bergsteinsdóttir félagsráðgjafi,
Pétur Óli Pétursson aðstoðarmaður,
Sigurbjörg Fjölfnisdóttir sálfræðingur,
Tómas Kristjánsson sálfræðingur,
Þorsteinn Otti Jónsson meðferðarráðgjafi.

Forstöðumenn flokksins voru félagsráðgjafarnir Styrmir Magnússon og Ásgeir Pétursson sem jafnframt var verkefnastjóri.

Ráðsmenn og vinnumenn:

Auk þeirra Sigurðar og Þóris sem áður eru nefndir komu þeir Fannar Hannesson, Gunnar Hrafn Sveinsson, Hákon Arnar Jónsson og Matthías Guðmundsson að viðhaldi og umhirðu staðarins hluta af sumri. Þá sá Albert E. Bergsteinnsson um slátt á staðnum í sjálfböðavinnu.

Sjálfböðaliðar:

Nokkrir af áður nefndum starfsmönnum voru sjálfböðaliðar, en starfsmenn fyrri ára og fleiri velunnarar Skógarmanna hafa komið og stutt við starfið með sínu vinnuframlagi. Einnig komu ungmenni að ýmsum verkum eins og t.d. uppvaski og umhirðu staðarins í sjálfböðavinnu. Þá eru ótaldir þeir sjálfböðaliðar sem komið hafa í vinnuflokka og unnið við nýbygginguna, skógrækt og fleira.

Viðburðir í starfi Skógarmanna

Sæludagar

Að venju stóðu Skógarmenn fyrir Sæludögum, vímulasri hátíð fyrir alla fjölskylduna um verslunarmannahelgina. Um 1200 manns heimsóttu Vatnaskóg þessa helgi. Markmiðið með dagskrá hátíðarinnar var að höfða til sem flestra aldurshópa og meðal annarra skemmti hinn landspekki söngvari Páll Óskar Hjálmtýsson. Ögmundur Ísak Ögmundsson stýrði undirbúningi hátíðarinnar. Fjöldi starfsmanna og sjálfboðaliða sem kom að hátíðinni hjólp á tugum og ljóst er að þessi stærsti árlegi viðburður Skógarmanna hefur fyrir löngu fest sig í sessi sem valkostur fyrir fjölmarga um verslunarmannahelgina.

Karlaflokkur

Helgina 6. til 8. september var Karlaflokkur í Vatnaskógi. Að venju var lögd áhersla á heilbrigði líkama, sálar og anda. Á föstudagskvöldinu kom Jóhannes Þór Skúlason framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar og fjallaði um horfur í ferðaþjónustu á Íslandi. Á laugardegnum var biblíulestur í umsjón sr. Ólafs Jóhannssonar. Að loknum biblíulestri var vinnutími í þágu Vatnaskógar. Meðal verkefna má nefna skógrækt og trjáklippingar á svæðinu, pallur var rifinn við Lerkiskála og lóð hreinsuð fyrir sunnan Birkiskála. Lokið var við að mála kjallara Gamla skála, gert við þakrennur og útljós, smíðaðar nýjar göngubrýr, sagaður eldiviður, þrifið, myndir skannaðar ofl. Á sunnudeginum var haldið í messu í Hallgrímskirkju í Saurbæ þar sem Práinn Haraldsson sóknarprestur nýs prestakalls Garða- og Hvalfjarðarprestakalls þjónaði. Alls tóku 50 karlmenn þátt í Karlaflokki 2019 auk nokkurra gesta sem heimsóttu staðinn þessa daga.

Gauraflokkur

Gauraflokkur fyrir drengi sem eru greindir með óvirkni, athyglisbrest eða skyldar raskanir var haldinn í 13. sinn. Í ár voru 30 drengir í flokknum. Að venju voru mun fleiri starfsmenn en í hefðbundnum flokki, auk sérmenntaðra starfsmanna og var dagskráin í samræmi við þarfir drengjanna.

Leikskólar

Í maí komu fjölmargir leikskólahópar í dagsferð eða til gistingar í eina til tvær nætur og nutu dagskrár sem starfsmenn Skógarmanna skipulögðu og stýrðu. Alls komu 591 leikskólabörn vorið 2019.

Kynningarstarf


Sameiginlegt blað sumarþúða KFUM og KFUK var gefið út í tengslum við fyrsta skráningardag sem var þann 5. mars 2019 (sjá nánar í kafla 8 um útgáfu og kynningarstarf).

Stínusjóður

Skógarmenn starfrækja Stínusjóð til minningar um Kristínu Guðmundsdóttur ráðskonu í Vatnaskógi til áratuga. Sjóðurinn hefur það hlutverk að styðja við börn sem ekki hafa tök á að fara í Vatnaskóg vegna fjárhagsaðstæðna heima fyrir. Framlög í sjóðinn hafa í flestum tilvikum komið frá einstaklingum og er það mikið þakkarefni. Í ár fengu 3 börn og ein fjölskylda dvöl í Vatnaskógi að gjöf fyrir tilstilli sjóðsins.

Þakkargjörðarhátíð

Í lok starfsársins 2019, þann 22. nóvember, var starfsfólki ársins boðið í kvöldverð og dagskrá í Vatnaskógi þar sem því var þakkað fyrir vinnuframlag sitt.



Skógarhöggsmenn í Karlaflokki.

Fermingarnámskeið og skálaleiga

Fermingarnámskeið

Um haustið og veturinn komu hópar tilvonandi fermingabarna á fermingarnámskeið.

Námskeiðin voru allt frá því að vera dagsnámskeið til fimm daga námskeiða. Námskeiðin voru í umsjón Skógarmanna en prestar og/eða starfsmenn sóknanna aðstoðuðu við dagskrá og fræðslu.

Árið 2019 komu samtals 2293 unglingar á 35 námskeið.

Forstöðufólk á námskeiðum haustsins voru Hreinn Pálsson, Magnús Magnússon, Sigurður Grétar Sigurðsson og Ársæll Aðalbergsson sem einnig sá um undirbúning og skipulag.

Fastir starfsmenn á fermingarnámskeiðunum voru Dagur Adam Ólafsson, Rebekka Ýr Guðbjörnsdóttir, Tinna Dögg Birgisdóttir, Viktoría Ásgeirsdóttir og Práinn Andreuson.

Starfsmenn í eldhúsi á fermingarnámskeiðunum voru Ragnheiður Guðmundsdóttir og Valborg Rut Geirsdóttir.

Skálaleiga

Hluti af starfi Skógarmanna er móttaka hópa í Vatnaskógi.

Hópar sem komu árið 2019:

Skólar af höfuðborgarsvæðinu: Nokkrir skólar komu og tóku þátt í dagskrá sem var í umsjá starfsmanna Vatnaskógar.

KFUM og KFUK: Landsmót æskulýðsstarfsins (Friðriksmót).

Miðnæturíþróttamót, haust- og vorferð yngri deilda starfsins og leiðtoganámskeið.

Viðburðir á vegum safnaða Þjóðkirkjunnar: Febrúarmót ÆSKR og fleiri hópar úr safnaðarstarfi kirkjunnar.

Kristileg skólasamtök: Vor- og haustskólámót.

Aðrir hópar: Fjölmargir aðrir hópar, kirkjur, ungmennastarf skólar ofl.



Myndir frá Sæludögum um Verzlunarmannahelgina 2019.

Fjáröflun – styrkir

Kaffisala og tónleikar

Kaffisala til styrktar Skálasjóði var haldin á Sumardaginn fyrsta. Fjölmargir komu og studdu við framkvæmdir í Skóginum, ýmist með því að gefa veitingar á kaffisöluna eða með því að greiða fyrir aðgang að kaffihlaðborðinu. Um kvöldið voru haldnir styrktar tónleikar fyrir Skálasjóð. Fram komu söngvarinn Valdimar og Karlakór KFUM.

Línuhappdrætti Skógarmanna

Á Sæludögum um verslunarmannahelgina hófst sala á „línun“ í línuhappdrætti Skógarmanna til stuðnings Skálasjóði eins og tíðkast hefur undanfarin ár. Sölulok og útdráttur vinninga fór fram í Karlaflokki en þá höfðu tæplega 400 línur verið seldar.

Herrakvöld KFUM

Herrakvöld KFUM var haldið 31. október. Meðal þeirra sem komu fram var Karlakór KFUM undir stjórn Laufeyjar Geirlausdóttur og hinir landspekkta söngvarar Ragnar Bjarnason og Þorgeir Ástvaldsson. Séra Grétar Halldór Gunnarsson flutti hugvekjju og þeir Gunnar M Sandholt og Sigurbjörn Sveinsson stjórnðu kvöldinu. Allur ágóði rann í Skálasjóð Vatnaskógar.

Stuðningur/styrkir:

- Kirkjuráð
- Nokkrir söfnuðir Þjóðkirkjunnar
- Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkurborgar
- Velferðarráðuneytið
- Forvarnasjóður Embættis Landlæknis
- Gjafir einstaklinga með mánaðarlegum framlögum og einnig einstakar gjafir vegna sumarbúða með sérparfir

Eignarhaldsmál

Enn er unnið að því að fá eignarhaldsmál Vatnaskógar á hreint. Fyrir hönd stjórnarinnar hefur Davíð Örn Sveinbjörnsson lögræðingur leitt þá vinnu og er stjórn Skógarmanna vongóð um að málin skýrist og fari í farsælan farveg.

Annað

Skógarmenn sömdu við Veiðifélagið Sporðablik um einkarétt á veiði í sunnanverðu Eyrarvatni vegna ársins 2019.

Lokaorð

Þegar lítið er yfir liðið starfsár þá er mikið að þakka fyrir. Hún er í raun stórmerkileg sú gróska sem er í sumarbúðastarfi KFUM og KFUK. Ef lítið er yfir síðustu ár þá hefur sumarbúðum á Íslandi fækkað eða ásókn í þær dregist verulega saman. Það virðist því að starfsumhverfi sumarbúða sé nokkuð brothætt en á sama tíma dafna sumarbúðir KFUM og KFUK og fjöldi barna sjaldan verið fleiri.

Það er óhætt að segja að starfið í Vanaskógi hafi dafnað árið 2019. Fjöldi þátttakenda í sumarstarfinu jókst lítillega á milli ára enn eitt árið, fjöldinn á fermingarnámskeiðum stóð nánast í stað en flestir fermingarhópar landsins koma á námskeið í Vatnaskógi. Auk þess koma fjölmargir aðrir hópar, langmest börn og unglingar og njóta aðstöðunnar í Vatnaskógi. Það hafa margir átt uppbyggilegar gleðistundir í Skóginum góða.

Stjórn Vatnaskógar er afar þakklát fyrir velvilja í garð starfsins, stuðning, gjafir og styrki sem einstaklingar, félag og opinberir aðilar hafa veitt starfinu. Þökkum líka fyrir framlag frábærra starfsmanna og sjálfbóðaliða



Á leið í helgistund í Hallgrímskirkju í Saurbæ.



Gönguferð í fjölskylduflokki í febrúar 2020.



Efri hæð íþróttahússins alltaf vinsæl.

fyrir starfið í Vatnaskógi. Án alls þessa væri ómögulegt að þjónusta þá þúsundir einstaklinga sem um staðinn fara á hverju ári. Þökkum einnig þeim sem biðja fyrir Vatnaskógi og starfinu þar. Það er ekki að ástæðulausu að vernd og blessun Guðs hefur verið yfir starfinu frá upphafi. Höldum áfram með bæn og trú að vopni. Skógarmenn! Áfram að markinu!

13. Hólavatn

Stjórn og stjórnarstarf

Aðalfundur Hólavatns var haldinn 11. mars 2019.

Stjórn Hólavatns á starfsárinu skipuðu:

Sunna Krístrún Gunnlaugsdóttir, formaður
Guðlaugur Sveinn Hrafnsson, gjaldkeri
Herdís Helgadóttir, ritari
Ída Hlín Steinþórsdóttir, meðstjórnandi
Þórður Danielsson, meðstjórnandi
Jón Ómar Gunnarsson, varamaður
Pétur Ragnhildarson, varamaður

Skoðunarmenn reikninga voru:

Gísli Örn Bjarnhéðinsson
Þorsteinn Arnórsson

Fjöldi stjórnarfunda á árinu var 8 og fóru 7 fram í félagsheimilinu í Sunnuhlíð og einn í Ránargötu 26.

Auk þess sótti formaður sameiginlega formannafundi sumarbúðanna í Reykjavík.

Verkefni stjórnar snéru aðallega að undirbúningi og skipulagi sumarstarfsins, framkvæmdum og viðhaldi á staðnum. Nokkuð vel gekk að fá starfsfólk í flestar stöður. Dræm skráning í flokka sumarsins var áhyggjuefni, sérstaklega framan af, en lágmarksfjöldi náðist að lokum í alla flokka og sumir flokkar voru nærri fullir.

Starfsmenn sumarið 2019:

Forstaða: Auður Pálsdóttir, Helga Vilborg Sigurjónsdóttir, Herdís Helgadóttir, Pétur Ragnhildarson, Sunna Krístrún Gunnlaugsdóttir, Thelma Ýr Birgisdóttir, Þóra Jenný Benónýsdóttir.

Ráðskonur: Bárá Dís Sigmarsdóttir, Birna Dís Vilbertsdóttir, Dagbjört Lilja Björnsdóttir, Hugrún Birta Kristjánsdóttir, Ída Hlín Steinþórsdóttir.

Foringjar: Bárá Dís Sigmarsdóttir, Bogi Benediktsson, Dagbjört Lilja Björnsdóttir, Drea Marie Fosse, Guðlaug Sigríður Hrafnisdóttir, Guðlaugur Sveinn Hrafnsson, Hugrún Birta Kristjánsdóttir, Ingimar Baddi Eydal, Ída Hlín Steinþórsdóttir, Íris Andrésdóttir, Lára Rut Björgvinsdóttir, Marie-Louise Bourquin, Marta Andrésdóttir, Trausti Jónsson, Þórður Danielsson. Aðstoðarforingjar: Elísabet Eik Jóhannsdóttir, Þóra Kolbrún Jóhannsdóttir, Dóróthea Örnólfsdóttir.



Sumarstarf á Hólavatni 2019

Flokkar sumarsins 2019 voru:

Flokkur	Dagsetning	Aldur	Kyn	Fjöldi
1 Frumkvöðlaflokkur	06.06-08.06.	7-9	Öll	23
2 Stúlknaflokkur	10.06-14.06.	8-11	Kvk	28
3 Stúlknaflokkur	17.06-21.06	8-11	Kvk	13
4 Drengjaflokkur	24.06-28.06	8-11	Kk	21
5 Ævintýrafl. blandaður	01.07-05.07	12-14	Öll	22
6 Ævintýrafl. stúlkna	08.07-12.07	11-14	Kvk	28
7 Stúlknaflokkur	15.07-19.07	9-12	Kvk	21
8 Meistaraflokkur	22.07-26.07	13-16	Öll	11

Yfirlit starfs

Sumarið 2019 var boðið upp á átta dvalarflokka. Aðsókn var minni en undanfarin ár og sérstaklega var lítil aðsókn í 3. flokk. Ráðist var í mikla kynningarvinnu á samfélagsmiðlum til að reyna að auka skráningu og einnig var sent út dreifibréf til allra barna sem höfðu dvalið á Hólavatni árið áður.

Starfsfólk sumarsins var að stórum hluta vant fólk sem þekkir vel til starfsins en einnig komu margir nýir að starfi Hólavatns svo segja má að sumarið hafi verið góð blanda af vönu fólki og nýju. Líkt og síðustu ár var ánægjulegt að nokkrir af foringjum sumarsins hafa tekið virkan þátt í starfi félagsins á norðurlandi um nokkurra ára skeið og eru því ávöxtur af þeirri leiðtogaupþyngingu sem unnið hefur verið að með markvissum hætti síðastliðinn áratug.

Heilt yfir má segja að sumarið hafi gengið vel, börnin ánægð og engin slys. Við sem störfum í stjórn Hólavatns sjáum vel hve mikils virði það er þegar áhugasamt ungt fólk gefur kost á sér til sumarstarfa á Hólavatni og erum við öllu þessu góða fólki þakklát fyrir þeirra störf fyrir Hólavatn.

Árleg kaffisala

Árleg kaffisala sumarbúðanna Hólavatni fór fram sunnudaginn 18. ágúst kl. 14.30–17.00. Fjöldmargt var í boði fyrir alla fjölskylduna, útileiktæki, bátar o.fl. Ánægjulegur dagur fyrir alla vini og velunnara Hólavatns og mikilvægur þáttur í fjáröflun fyrir staðinn.

Aðrir liðir í starfi Hólavatns

Fermingarnámskeið

Í ágúst var boðið upp á þrjú fermingarnámskeið, en tveir hópar komu frá Glerárkirkju en einn frá Laugalandsprestakalli í Eyjafjarðarsveit. Starfsmenn á námskeiðunum voru Eydis Ösp Eypórsdóttir, Bárá Dís Sigmarsdóttir, Ída Hlín Steinþórsdóttir og Guðlaug Sigríður Hrafnisdóttir. Auk þess voru sr. Gunnlaugur Garðarsson og Sunna Krístrún Gunnlaugsdóttir frá Glerárkirkju og sr. Jóhanna Gísladóttir frá Laugalandsprestakalli. Mikil ánægja er með þessu námskeið og standa vonir til að hægt verði að bjóða fleiri söfnuðum á Eyjafjarðarsvæðinu að koma með hópa í framtíðinni.



Frá árlegri kaffisölu á Hólavatni 18. ágúst 2019.

Framkvæmdir

Á starfsárinu þurfti að ráðast í ófyrirséðar framkvæmdir á vesturvegg í matsal, vegna leka. Einnig var skorsteinninn klæddur að utan.

Fjáröflun

Á uppstigningardag, 30. maí, kom hópur frá öldungaráði FBE (Félagi byggingamanna í Eyjafirði) við á Hólavatni í sinni árlegu vorferð. Stjórn Hólavats sá um að undirbúa kaffihlaðborð þar sem hópurinn hafði pantað kaffiveitingar. Hópurinn var ánægður með heimsóknina og dagurinn var góð fjáröflun fyrir starfið á Hólavatni.

Lokaorð

Í Sálmi 37, 5. versí, segir:

Fel Drottni vegu þína og treyst honum, hann mun vel fyrir sjá.

Á Hólavatni fá börn ekki aðeins tækifæri til að eignast nýja vini og skapa góðar minningar, heldur einnig til að kynna Jesús Kristi og því öryggi sem fylgir því að þekkja hann. Markmið starfsins er að vekja trú á Krist og kalla til þjónustu í ríki hans, efla trúarlíf og siðferðiskennd og hlúa að andlegri, líkamlegri og félagslegri velferð hvers einstaklings. Í sumarbúðunum gefst einstakt tækifæri til að segja börnum og unglingum frá Jesú og sýna kærleika hans í verki með því að mæta öllum með kærleika og án mismununar. Við biðjum þess að Drottinn leiði allt starf á Hólavatni því hans áætlun er ætíð sú besta.





14. Ölver

Stjórn og stjórnarstarf

Aðalfundur

Aðalfundur Ölvers var haldinn miðvikudaginn 8. mars 2019 að Holtavegi 28, Reykjavík. Á fundinum fóru fram hefðbundin aðalfundarstörf og var góð mæting á fundinn. Fundarstjóri var Anna Guðný Hallgrímsdóttir og fundarritari Pórhildur Einarsdóttir. Ársskýrsla og endurskoðaðir reikningar voru lagðir fram til umræðu og afgreiðslu. Fjárhags- og starfsáætlun var kynnt af Ernu Björk Harðardóttur gjaldkera. Í kjörstjórn sátu þær Petra Eiríksdóttir og Pórhildur Einarsdóttir. Kosið var um tvo í aðalstjórn og tvo í varastjórn. Tveir núverandi stjórnarmeðlimir voru kosnir áfram í stjórn og tveir nýir stjórnarmeðlimir kosnir inn í varastjórn. Fráfarandi stjórnarmeðlimum var þakkað fyrir vel unnin störf og voru þeir leystir út með gjöfum

Stjórn

Stjórn Ölvers á starfsárinu 2019-2020 var þannig skipuð:

- Erla Björg Káradóttir, formaður.
- Alla Rún Rúnarsdóttir, varaformaður.
- Aníta Eir Einarsdóttir, ritari.
- Erna Björk Harðardóttir, gjaldkeri.
- Hrafnhildur Garðarsdóttir, meðstjórnandi.
- Heiðrún Ólöf Jónsdóttir, vararitari.
- Kristbjörg Heiðrún Harðardóttir, varagjaldkeri.

Skoðunarmenn reikninga starfsárið 2019-2020 voru Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir og Drífa Kristín Sigurðardóttir.

Stjórnarfundir á starfsárinu voru sjö talsins og voru haldnir 25. mars 2019, 10. apríl 2019, 5. maí 2019, 11. september 2019, 7. nóvember 2019, 22. janúar 2020 og 12. febrúar 2020.

Helstu verkefni stjórnar

Stjórnin sá um skipulagningu sumarstarfsins. Í því fólst meðal annars að undirbúa staðinn, kaupa aðföng, setja saman flokkaskrá, fá tilboð frá ýmsum stöðum, panta mat, ráða starfsfólk, setja upp vinnuskipulag svo fátt eitt sé nefnt.

Framkvæmdir

Framkvæmdir héldu áfram þetta árið og var unnið að endurnýjun á starfsmannagangi á efri hæðinni, verkinu lauk um vorið og vakti mikla lukku meðal starfsmanna. Bænaver var minnkað til þess að hægt væri að stækka Brekkurver, skipt var um gólfefni, nýjar hurðar settar upp, allt rýmið málað, skápnur í Reyniveri var snúið við og er hann nú opnanlegur fram á gang og einnig voru smíðaðir rúmbotnar bæði í Kletta- og Brekkurver, samtals fjögur rúm. Keyptar voru nýjar dýnur í öll rúmin á starfsmannaganginum. Þetta krafðist mikillar vinnu og er stjórnin virkilega þakklát fyrir alla þá hjálp sem hún fékk við að gera þetta að veruleika. Stjórnin réð Jón Jóhannsson smið í verkið og fékk hann aðra smiði og verktaka sér til aðstoðar. Geirlaugur Ingi Sigurbjörnsson sá um rafmagnnið.

Þá vill stjórnin koma sérstökum þökkum til Kára Geirlaugssonar og Rúnars Ívarssonar fyrir þá aðstoð og vinnu sem þeir lögðu til við framangreindar framkvæmdir.

Í janúarmánuði 2020 hófst svo vinna við að bæta og gera upp salernisaðstöðu starfsmanna á efri hæðinni og er áætlað að þeirri vinnu ljúki fyrir vorið.

Hitaveitumál

Stjórn Ölvers hefur í gegnum tíðina rekið hitaveitu í hjáverkum fyrir sumarþúðirnar og sumarþústaðabyggðina fyrir neðan svæði sumarþúðanna. Síðustu tvö ár hefur farið mikil vinna í það að endurnýja samning Ölvers við Orkuveituna þar sem fyrri samningur var runninn út. Í fyrstu reyndu fulltrúar Ölvers að fá Orkuveituna til að taka þetta yfir en úr varð að gerður var 5 ára samningur þar sem Ölver mun halda áfram að reka umrædda veitu.

Búið er að leggja mikla vinnu í að endurhugsa hitaveitumálin og er enn unnið að því að koma þessum málum í ferli og farveg til framtíðar. Skrifstofa KFUM&KFUK á Íslandi hefur verið stjórninni og velunnurum innan handar og aðstoðað við ferlaskipun og að aðgreina hitaveituna frá sumarþúðarekstrinum.

Unnið er að því að koma á nýjum samningum við sumarþústaðaeigendur á svæðinu, greiða úr ofangreindum breytingum og halda áfram því góða samstarfi sem hefur verið milli hagsmunasamtaka sumarþústaðaeigenda og sumarþúðanna síðustu ár. Það er kominn tími á ákveðnar framkvæmdir á svæðinu, hugsanlega þarf að skipta um hluta úr stærstu lögninni og gera aðrar breytingar á næstu árum. Það er því mikilvægt að gott samstarf ríki á milli framangreindra aðila.

Haustið 2019 réð Ölver Karl Inga Sveinsson hjá Kalman ehf. til tímabundinna starfa til að sjá um hitaveituna og vera til taks varðandi hitaveitumálin þar sem þörf var á sérfræðipækningu. Karl hefur reynst stjórninni afskaplega vel og vonast stjórnin eftir því að samstarfið muni halda áfram komandi ár.

Stjórnin er bjartsýn á að hitaveitumálin verði komin í farveg til framtíðar innan tíðar.

Að framangreindu virtu vill stjórnin koma sérstökum þökkum til Ingólfs Þorbjörnsson en hann hætti fromlega störfum við hitaveitu Ölvers vorið 2019. Ingólfur vann ötulllega að hitaveitumálum fyrir Ölver í áratugi og á hann bestu þakki fyrir. Þá hafa Hafsteinn Kjartansson og Guðni Már Harðarson verið stjórninni innan handar varðandi hitaveituna, sem og önnur mál og verkefni stjórnar, og vill stjórn þakka þeim sérstaklega fyrir óeigingjarnt starf og einstaka ráðgjöf.



Mikil gleði ríkir á kvöldvökum í Ölveri en þar skiptast stelpurnar á að skemma hver annari.

Sumarstarfið

Flokkar

Það voru samtals 411 börn sem dvöldu í Ölveri sumarið 2019. Fjölbreytni var í flokkakránni til að stuðla að því að allir gætu fundið eitthvað við sitt hæfi. Flokkaskráin er alltaf til endurskoðunar og er endurmetin eftir ár hvert. Þjakka- og krílaflokkarnir fyrir yngstu börnin voru á sínum stað og gengu þeir mjög vel þó skráning hefði mátt vera betri. Boðið var uppá sérstakt tilboð í krílaflokk sem yfirylltist eftir það. Fókusflokkur var haldinn í fjórða skiptið og var hann vel sóttur af 11-13 ára stelpum. Ævintýraflokkarnir sívinsælu voru þrjár talsins og leikjaflokkarnir voru einnig þrjár, einum fleiri en árið áður. Prófað var í fyrsta skipti að bjóða upp á 4 daga leikjaflokk. Aðsókn í leikjaflokkana var aðeins dræmari en hún hefur verið síðustu ár en á móti kemur að boðið var upp á fleiri slíka. Unglingaflokkurinn fyrir 13-16 ára stelpur var einnig vel heppnaður og ágætlega sóttur. Ákveðið var að bæta 16. aldursárinu við. Í fyrsta skiptið var því boðið upp á flokka fyrir stelpur frá 6-16 ára aldurs. Við þökkum fyrir hvert einasta dýrmæta barn sem hjá okkur dvaldi.

Flokkar	Tímabil	Aldursbil	Fjöldi	Nýting
1. Ævintýraflokkur	7.–13. júní	10–12 ára	47	102%
2. Listaflokkur	14.–19. júní	9–12 ára	48	104%
3. Leikjaflokkur 1	20.–23. júní	8–10 ára	32	70%
4. Leikjaflokkur 2	24.–28. júní	8–10 ára	46	100%
5. Ævintýraflokkur	1.–7. júlí	10–12 ára	49	107%
6. Leikjaflokkur	8.–12. júlí	8–10 ára	30	65%
7. Unglingaflokkur	15.–21. júlí	13–16 ára	31	67%
8. Fókusflokkur	23.–28. júlí	11–13 ára	33	100%
9. Krílaflokkur	29. júlí–1. ág.	6–9 ára	35	117%
10. Ævintýraflokkur	6.–11. ágúst	10–12 ára	46	100%
11. Flokkur	15.–18. ágúst	6–9 ára	16	53%

Starfsmenn

Starfsfólk Ölvers vann frábært starf í sumar, líkt og önnur sumur. Það er lán Ölvers að hafa fengið til liðs við sig framúrskarandi starfsfólk, sem sá til þess að dvöl barnanna varð skemmtileg, lærdómsrík og eftirminnileg. Forstöðukonur og forstöðumenn sumarsins voru Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir, Hjördís Rós Jónsdóttir, Erla Björg Káradóttir, Mjöll Þórarinsdóttir, Gríma Ólafsdóttir, Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir, Alla Rún Rúnarsdóttir, Rósa Jóhannesdóttir og Guðni Már Harðarson.

Ráðskonur voru Bryndís Böðvarsdóttir, Erla Björg Káradóttir, Erna Björk Harðardóttir, Heiðrún Ólöf Jónsdóttir, Guðrún Ósk Gunnarsdóttir, Ásta Haraldsdóttir, Hrafnhildur Garðarsdóttir, Jóhanna Elísa Skúladóttir og Rósa Jóhannesdóttir.

Foringjar voru Fanney Rún Ágústsdóttir, Hrafnhildur Emma Björnsdóttir, Lilja Maren Elíasdóttir, Sólveig Rún Rúnarsdóttir, Messiana Halla Kristinsdóttir, Íris Rós Ragnhildardóttir, Marta Ragnhildardóttir, Krístrún Guðmundsdóttir, Krístrún Guðnadóttir, Anna Pálsdóttir, Kristín Helga Ágústsdóttir, Sigrún Þorsteinsdóttir, Andrea Rut Halldórsdóttir, Mirra Kristín Ólafsdóttir, Erna Björk Harðardóttir, Gertruda Paceviciute, Sandra Björk Jónasdóttir, Viktoría Ásgeirsdóttir, Agnes Sveinbjörnsdóttir, Helga Bryndís Einarsdóttir og Aldís Ísabella Fannarsdóttir.

Aðstoðarforingjar voru Marta Karítas Ingibjartsdóttir, María Margrét Gísladóttir, Helga Vigdís Thordersen, Lilja Þorsteinsdóttir, Sólrún Dögg Jósefsdóttir, Kolfína Dröfn Helgadóttir, Rebekka Rán Guðnadóttir, Hrafnhildur Guðmundsdóttir, Esja Sigurðardóttir, Sara Elísabet Guðmundsdóttir, Matthildur María Jónsdóttir, Þórdís Birta Jónsdóttir,



Ölversmeyjar að útbúa góðgæti fyrir stelpurnar í flokknum.



Á góðviðrisdögum er gaman að busla í læknum.

Anna Birna Kjartansdóttir, Sigríður Sól Ársælsdóttir, Eva Sigurðardóttir, Birta Líf Hannesardóttir, Katrín Hekla Magnúsdóttir, Theodóra Brynja Sveinsdóttir, Þórdís Katla Sværissdóttir, Krístrún Lilja Gísladóttir, Nanna Birgisdóttir Hafberg, Birta Freysdóttir og Monika Sól Ívardsdóttir.

Ýmsir viðburðir í starfi Ölvers

Kvöldverður fyrir starfsmenn sumarsins

Þetta árið bauð stjórnin starfsfólki sumarsins upp á kvöldverð með austurlensku þema í höfuðstöðvum KFUM/KFUK á Holtavegi 28. Boðið var upp á indverskan mat frá Bombay Bazar og ís í eftirrétt. Eftir máltíðina kom Björk María Kristbjörnsdóttir danskennari og kenndi smá „Jallabina“. Starfsfólkið var svo leyst út með gjöfum og knúsi í lokin. Þetta kvöld var virkilega skemmtilegt og gaman að geta þakkað frábæra starfsfólkinu okkar fyrir virkilega vel unnin störf.

Kaffisala

Fámennt en góðmennt var á kaffisölunni í ár, en um 100 manns mættu þann 25. ágúst 2019. Gul veðurviðvörðun hafði verið gefin út á svæðinu sem setti strik í reikninginn. Kaffisölunefnd síðustu ára sá um kaffisöluna en hana mynda Erla Björg Káradóttir, Hrafnhildur Garðarsdóttir, Erna Björk Harðardóttir, Alla Rún Rúnarsdóttir, Kristbjörg Heiðrún Harðardóttir og Irena Jóhannsdóttir. Í hópinn bættist Heiðrún Ólöf Jónsdóttir. Ásamt þeim sáu velunnarar Ölvers um að kaffiborðið væri hið glæsilegasta og þökkum við framlag allra sem lögðu hönd á plóg. Allt gekk þetta mjög vel þrátt fyrir vonskuveður og var það álit manna að kaffisalan hafi verið einstaklega notaleg þetta árið.

Vetrarleiga

Fyrri hluta starfsársins var staðurinn að mestu lokaður fyrir útleigur vegna framkvæmda. Einhverjar útleigur voru þó þrátt fyrir framkvæmdir og var þá reynt að hafa staðinn eins huggulegan og hægt var miðað við aðstæður. Vorið var þétt bókað og það sama má segja um haustið. Vetrarleigan hefur aukist jafnt og þétt í Ölveri og því ber að fagna. Þuríður Þórðardóttir hefur haft umsjón með vetrarleigunni eins og fyrri ár er í október var tekin sú ákvörðun að greiða fyrir þríf á staðnum. Var Lilja Sævarsdóttir ráðin í starfið en Þuríður hefur haldið áfram að annast eftirlit á staðnum ásamt Hafsteini Kjartanssyni. Eiga þau dýpsta þakklæti fyrir ómetanlegt starf og umhyggju fyrir staðnum.

Fjárafilanir og gjafir

Bolir, brúsar og handklæðasett

Ákveðið var að selja boli þetta árið og varð fallegur blár litur valinn. Bolirnir seldust mjög vel. Einnig var hannaður nýr langerma bolur með orðunum „Í heimi þar sem þú getur orðið allt sem þú vilt, vertu Ölversstelpa“. Er óhætt að segja að þeir bolir hafi gjörsamlega slegið í gegn og var eftirspurnin mjög mikil en þeir voru aðeins hugsaðir fyrir starfsfólk, sjálfbóðaliða og unglingsflokk að þessu sinni. Einnig voru seldir vatnsbrúsar og handklæðasett frá fyrri árum.

Gjafir

Ölver virðist alltaf vera jafn heppið hvað varðar góða velunnara og hafa allnokkrir gefið Ölveri fastar peningagjafir mánaðarlega í Sveinusjóð. Eins og fyrri ár er á áætlun næsta starfsárs að fá fleiri velunnara til að gera slíkt hið sama. Ölver fékk einnig óvæntar peningagjafir á árinu og þar á meðal náðist að safna fyrir nýjum dýnum í Hamraver með átakinu „Dýnusjóður“ sem hófst á kaffisölunni, allt dýrmætum velunnurum að þakka.

Þá var Ölveri einnig gefinn glænýr bakaraofn í eldhúsið ásamt nýjum frystiskáp frá ónefndum velunnara. Þakkar stjórn kærlega fyrir allar þessar góðu, hugulsömu og notasamlegu gjafir sem staðurinn hefur heldur betur notið góðs af og hjálpar til við að tryggja sem bestar aðstæður fyrir dvalargestina.

Lokaorð

Stjórn Ölvers er þakklát eftir virkilega gott starfsár. Sumarstarfið var blessunarríkt og er það ekki síst að þakka frábæru starfsfólki, sjálfbóðaliðum og velunnurum. Stjórnin vill koma á framfæri kæru þakklæti til þeirra allra.

Þeir skipta tugum sem hafa lagt eitthvað af mörkum til starfsins í ár, hvort sem það er að biðja fyrir starfinu, vekja athygli á því, taka þátt í framkvæmdunum og ýmiskonar viðhaldsvinnu, sjá um staðinn yfir vetrartímann, taka þátt í sumarstarfinu, baka fyrir kaffisöluna og margt, margt fleira. Guð blessi áfram þennan yndislega stað sem er mörgum svo kær.



15. Kaldársel

Stjórn og stjórnarstörf

Aðalfundur

Aðalfundur var haldinn 27. mars 2019 í Þjónustumiðstöð KFUM og KFUK á Holtavegi 28. Fundarstjóri var Guðlaug Jökulsdóttir og fundarritari var Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson. Kjörnefnd skipuðu Sveinn Valdimarsson og Styrmir Magnússon.

Stjórn Kaldársels og aðrir kosnir fulltrúar

Stjórn Kaldársels á starfsárinu skipuðu:

Ástríður Jónsdóttir, meðstjórnandi
Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson, gjaldkeri
Guðni Natan Gunnarsson, ritari
Jóna Þórdís Eggertsdóttir, formaður
Þráinn Andreusson, kynningar- og ráðningarfylltrúi

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, varamaður og kynningarfulltrúi
Ísak Henningsson, varamaður og umhverfisfulltrúi

Á árinu voru haldnir 9 stjórnarfundir en milli funda átti stjórnin í virkum samskiptum í gegnum facebookhóp stjórnar.

Skoðunarmenn reikninga voru kosin þau Elín Jóhanna Elíasdóttir og Guðmundur Jóhannsson.

Helstu verkefni stjórnar

Meðal þeirra verkefna sem stjórnin sinni á starfsárinu eru:

Undirbúningur sumarstarfs: Undirbúningur sumarstarfsins hófst með áframhaldandi auglýsingaátaki sem hefur skilaði sér í frábærri skráningu síðastliðin ár. Auglýst var aðallega í gegnum Facebook í þetta skipti, en einnig var auglýst gegnum Fjarðarpóstinn(heitir í dag Hafnirðingur), Garðapóstinum og Kópavogspóstinum.

Að öðru leyti átti hefðbundinn undirbúningur sér stað að venju svo sem ráðningar, starfsmannaþjálfun, undirbúningur dagskrár, regluleg innkaup, almennt viðhald staðarins og bakvakt fyrir alla flokka. Sumarið 2020 verður Kaldársel 95 ára og því var ákveðið að halda sérstakan afmælisflokk í anda ævintýraflokka annarra sumarbúða. Fyrir þennan flokk þarf sérstakan undirbúning og hefur stjórnin tekið þátt í honum ásamt foringjum sem munu vinna í flokknum.

Samskipti við Hafnarfjarðarbæ: Líkt og undanfarin ár greiddi Hafnarfjarðarbær þrjá starfsmenn í sex vikur í sumarstarfi Kaldársels sem er mikil blessun fyrir starfið. Á síðasta ári var klárað að loka veginum að Kaldárseli frá Kaldárselshellunum þar sem að nýtt bílastæði hafði verið útbúið. Frá þeim stað er vegurinn núna orðinn að þjónustuvegi fyrir Kaldársel en lykklabox er á staðnum til að opna keðjuna sem lokar þjónustuveginum. Rætt var við Hafnarfjarðarbæ um að skipta út þessari keðju og lykklaboxi fyrir rafmagnshlið. Þetta var gert vegna þess að eins og staðan er nú þarf ætíð að vera starfsmaður að vakta hliðið þegar það er opið, og keðjan er óhentug í miklu frosti. Ætlun Hafnarfjarðar er að

stækka bílastæði við Kaldárselsveg, og bæta við rafmagnshliði. Þau tóku vel í hugmyndir varðandi að laga þjónustustiginn inn að Kaldárseli.

Samskipti við starfsmenn: Stjórn Kaldársels tók alla nýja starfsmenn sumarsins í starfsmannasamtal fyrir sumarið. Þá var haldið sérstakt starfsmannanámskeið í Kaldárseli þar sem farið var yfir allt sem skiptir mestu máli fyrir sumarstarfið t.d. samskipti, útvíst, eftirlit og hlutverk foringja. Haldin var uppskeruhátíð eftir sumarið þar sem starfsfólki var boðið í mat og leiki og auk þess var starfsfólki gefið tækifæri til að koma með athugasemdir og ábendingar fyrir starfið í Kaldárseli. Er það mat stjórnar Kaldársels að öflugur starfsmannakjarni sé að myndast sem við erum gríðarlega þakklát fyrir og vonandi næst að halda vel í hann.

Eftirfylgni með starfsemi Vinasetursins: Stjórn Kaldársels skipaði stjórn Vinasetursins sem samanstóð af Helga Gíslasyni, formanni stjórnar, Jónu Þórdísi Eggertsdóttur, Práinni Andreusyni og Arnóri Heiðarssyni. Framkvæmdastjóri Vinasetursins, Guðrún, og stjórn Vinasetursins hefur haldið utan um starfsemina og stjórn Kaldársels hefur fengið reglulegar fréttir af stöðu starfsins þar.

Velunnarar Kaldársels: Stjórn Kaldársels opnaði fyrir nýjan hóp á Facebook og er ætlunin að koma öllum velunnurum Kaldársels í þann hóp. Þá mundum við láta þar inn fréttir af starfinu ásamt mögulegum óskum eftir vinnuafli og/eða fjáröflun. Þá er ætlunin að byggja upp kjarna bakhjarla Kaldársels til komandi ára.

Grænfáninn: Stjórn Kaldársels tók þátt í verkefninu „Skólar á grænni grein“ síðasta sumar sem Landvernd sér um. Þá var sett saman umhverfisstefna þar sem meðal annars kom fram að Kaldársel muni flokka allan úrgang, og minnka óþarfa neyslu. Verkefnið snýst um fræðslu og framfylgni á náttúruvernd og heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna. Í vor ætlumst við til að fá að flagga grænfánum sem er merki verkefnisins, en hann er aðeins veittur ef fylgt er ströngum stöðlum verkefnisins.

Starfsemi – sumarstarf

Flokkar sumarsins

Flokkur	Dagsetningar	Aldur	Dagar	Fjöldi
1. Leikjanámskeið	11.-14. júní	6-9 ára	4	42
2. Dvalarflokkur	17-21. júní	8-11 ára	5	39
3. Dvalarflokkur	24.-28. júní	8-11 ára	5	43
4. Leikjanámskeið	1.-5. júlí	6-9 ára	5	40
5. Leikjanámskeið	8.-12. júlí	6-9 ára	5	39
6. Leikjanámskeið	15.-19. júlí	6-9 ára	5	29
7. Leikjanámskeið	6.-9. ágúst	6-9 ára	4	41
8. Leikjanámskeið	12.-16. ágúst	6-9 ára	5	40
		Samtals		313

Þær breytingar voru gerðar á flokkaskránni milli ára er annar flokkur varð að dvalarflokki en var áður leikjanámskeið og að einu leikjanámskeiði var bætt við í júlí, svo að það voru átta flokkar í heild yfir sumarið en þeir voru sjö sumarið 2018.

Tölfræði þátttöku

Heildarnýting: Allir flokkar sumarsins voru fyrir öll kyn. Þátttakendur voru samtals 313 í sumarstarfinu árið 2019 sem er 97,8% nýting á þeim plássum sem auglýst voru, en fjöldi þátttakenda hækkaði um 9% frá síðasta sumri, enda bættist við einn flokkur.

Búseta þátttakenda: Það er greinilegt að samstarf og auglýsingaáttak í Hafnarfirðinum er að skila sér vel en 48,9% þátttakenda var úr Hafnarfirði. Reykvikingar nýttu síðan 25,6% plássanna, Kópavogsbúar nýttu 15% plássanna og Garðbæingar nýttu 6,4%. Önnur sveitafélög og börn búsett erlendis nýttu síðan þau 4,1% plássanna sem eftir sitja.

Aldur þátttakenda: Aldursdrefingin var eftirfarandi: 5-6 ára 13,8%, 7-8 ára 57,8%, 9-10 ára 24,6%, 11-12 ára 3,8%. Kaldársel virðist höfða sérstaklega vel til barna á aldrinum 7-9 ára en á sama tíma eru flestir flokkanna miðaðir að þeim aldri. Börn á aldrinum 8 til 9 ára hafa getað tekið þátt í öllum flokkum Kaldársels undanfarin ár.



Starfsmenn

Við erum gríðarlega þakklát fyrir allt það starfsfólk sem hefur verið tilbúið að starfa fyrir okkur síðastliðin sumur enda gegna þau lykilhlutverki í upplifun barnanna af starfinu. Sumarið 2019 störfuðu eftirtaldir starfsmenn á leikjánaðmskeiðum og dvalarflokkum Kaldársels. Þar að auki keypti Bjarkey Heiðarsdóttir inn mat fyrir sumarstarfið.

Starfsmaður	Hlutverk	Fjöldi flokka
Ása Hrönn Magnúsdóttir	Foringi	2
Beata Jónsdóttir	Ráðskona	1
Elizabeth Björk Ásgeirsdóttir	Foringi	1
Guðlaug María Sveinbjörnsdóttir	Forstaða	4
Guðni Natan Gunnarsson	Foringi	2
Guðrún Ósk Gunnarsdóttir	Ráðskona	4
Helga Vilborg Sigurjónsdóttir	Forstaða	1
Ísak Henningsson	Foringi	4
Jóhann Pétur Herbertsson	Forstaða	1
Jóna Þórdís Eggertsdóttir	Ráðskona	1
Júlía Krista Helgadóttir	Foringi	5
Kristófer Ásgeirsson	Foringi	2,5
Kristrún Guðnadóttir	Foringi	1
Margrét Helga Kristjánsdóttir	Foringi	1
Monika Jónsdóttir	Ráðskona, Forstaða	4
Sara Dís Davíðsdóttir	Foringi	2
Sigríður Stella Gunnarsdóttir	Foringi	5
Sóley Adda Egilsdóttir	Foringi	3
Sveinn Elliði Björnsson	Foringi	7
Trausti Jónsson	Foringi	3
Práinn Andreuson	Foringi	3

Annað

Við viljum þakka sérstaklega þeim Kaldæingum sem hafa reglulega komið uppeftir og málað húsið að utan í fjölda ára. Verk þeirra hafa verið Kaldárseli dýrmæt.

Viðburðir

Vorhátíð Kaldársels var haldin sunnudaginn 19. maí 2019 og tókst vel til. Boðið var upp á pylsur og safa, andlistmálningu og leik í hoppuköstulum inn í íþróttasal. Gestir fengu þarna tækifæri til að kynna staðnum og var mjög góð þátttaka á vorhátíðinni. Skipulagning var í höndum stjórnar og tók sumarstarfsfólk einnig þátt í undirbúningi og framkvæmd.

Þann 30. janúar 2020 fór fram starfsmannahátíð Kaldársels. Hátíðin var haldin í Kaldárseli til að þakka starfsmönnum sérstaklega fyrir frábært sumar. Skipulagning og umsjón var í höndum stjórnar.

Framkvæmdir og starfsaðstaða

Framkvæmdir: Árið var litað af miklu viðhaldi. Brúin yfir Kaldánna var löguð, húsið var málað og var mikið viðhald á lagnakerfinu í Gamla Skálanum.

Síðan var stefnt að endurinnréttingu á Fjallaseli, fatahenginun þar fyrir utan, og geymslunni innan af íþróttahúsinu yfir í nokkur smærri herbergi sem að myndu gefa okkur 25-30 ný svefnpláss í stað þeirra 20 sem fyrir voru. Þetta verkefni er í bið vegna þess að kostnaðaráætlunin er of dýr til að hefja verkið núna, en í ljósi þess að teikningar eru til staðar sem hafa verið



Hellarnir í nágrenni Kaldársels þykja jafnan spennandi. Öll börnin fá reiðhjólaljálms að láni fyrir hellaferðirnar.

samþykktar af Hafnarfjarðarbæ, þá ætti að vera hægt að ganga til verks þegar nægilegir fjármunir verða til staðar. Einnig er gert ráð fyrir að þetta yrði samstarfsverkefni með Vínasetrinu en Vínasetrið gæti þá fengið leyfi fyrir fleiri börnum sem að myndi skila sér í meiri hagnaði til beggja aðila.

Ýmsum öðrum viðhaldsverkefnum var einnig sinnt af Vínasetrinu, stjórninni og mökum stjórnar en þau verða ekki öll talin upp hér. Það er þó enn nóg af verkefnum fyrir stafni og öllum þeim sem áhuga hafa á að leggja starfinu lið á einn eða annan hátt er tekið fagnandi.

Starfsaðstaða: Fyrir sumarið var geymslan á efri hæð tekin í gegn, sófar voru settir þar inn og var útbúin starfsmannaaðstaða. Komið var fyrir starfsmannaneti í samvinnu við Vínasetrið. Eins og stendur nær netið yfir rúmlega hálfu húsið, en stefnt er að því í sumar að breiða netinu yfir allt húsið.

Lokaorð

Eins og skýrsla þessi ber með sér var starfsárið 2019-2020 mjög ánægjulegt. Við erum sérstaklega þakklát fyrir mikla nýtingu sumarbuðanna síðastliðin sumur og fyrir hið góða starfsfólk sem hefur tekið þátt í enduruppbyggingu staðarins þessi síðastliðnu ár. Það er dýrmætt traust sem foreldrar sýna okkur þegar þau senda börnin sín í sumarbuðirnar okkar og við munum vinna hörðum höndum áfram að því að gera dvöl barnanna sem ánægjulegasta og að orðspor sumarbuðanna megi blómstra og þátttakan einnig um ókomin ár. Samstarfið við Vínasetrið hefur einnig gengið vel og það hefur verið gott að sjá rekstur þess vaxa á liðnu ári. Samstarf stjórnar Kaldársels við Hafnarfjarðarbæ er okkur líka mikilvægt og við munum halda áfram að sinna því af alúð. Loks voru ýmsar misstórar framkvæmdir gerðar á staðnum og við horfum björtum augum til framtíðar um að halda áfram að bæta og þróa staðinn og starfseminu í Kaldárseli á komandi árum.

Stjórn Kaldársels vill koma á framfæri kærum þökkum til allra þeirra fjölmörgu sem lagt hafa starfinu í Kaldárseli lið á árinu, starfsmönnum, sjálfboðaliðum, velunnurum og gestum.

16. KFUM og KFUK á Akureyri

Stjórn og stjórnarstörf

Aðalfundur

Aðalfundur KFUM og KFUK á Akureyri var haldinn 11. mars 2019 í félagsheimili KFUK og KFUK á Akureyri í Sunnuhlíð. Guðmundur Ómar Guðmundsson var kosinn fundarstjóri og fundarritari Telma Guðmundsdóttir.

Í stjórn KFUM og K á Akureyri voru eftirfarandi kosin:

Katrín Harðardóttir, formaður,
Ragnheiður Harpa Arnardóttir, gjaldkeri
Sindri Geir Óskarsson, ritari
Varamenn: Guðlaugur Sveinn Hrafnsson og Guðlaug Sigríður Hrafnisdóttir.

Haldnir voru 7 stjórnarfundir á starfsárinu, allir í fundaraðstöðu KFUM og KFUK á Akureyri í Sunnuhlíð nema einn sem haldinn var heima hjá Hörpu gjaldkera. Sindri Geir Óskarsson, svæðisfulltrúi í afleysingum, sat fundina á vormánuðum, sem starfsmaður, en í byrjun sumars kom Eydis Ösp Eypórsdóttir úr fæðingarorlofi og tók við hlutverki svæðisfulltrú á ný. Á milli funda voru ýmis mál rædd og leyst með tölvupóstssamskiptum.

Helstu verkefni stjórnar

Helstu verkefni stjórnar á árinu, fyrir utan hefðbundin stjórnarstörf, hafa líkt og undanfarin ár tengst barna- og unglíngastarfi félagsins en markmiðið var að styðja við fundi yngrideildar með umsjón þeirra í 2-3 skipti á önn. Á þeim fundum hefur gjarnan verið boðið upp á einhvers konar föndur eða bakstur.

Húsfélagið í Sunnuhlíð 12 lagði fram drög að nýjum eignaskiptasamningi fyrir húsnæðið og fór nokkur vinna í að skoða hann og bera saman við gögn félagsins til að tryggja að félagið kæmi ekki illa út úr ýmsum skipulagsbreytingum. Til aðstoðar komu m.a. Guðmundur Ómar Guðmundsson og Jóhann Þorsteinsson sem lásu gögnin yfir og komu með athugasemdir.

Húsnæði félagsins er 30 ára í ár og tímabært að vinna að ýmsum endurbættum og viðhaldi. Í sumar var ráðist í að mála og parketleggja salinn okkar, þar unnu Guðmundur Ómar Guðmundsson og Jóhann



Félagsheimili KFUM og KFUK á Akureyri er á annarri hæð í Sunnuhlíð 12.

Þorsteinsson mikið þrekvirki með dyggri aðstoð stjórnarmeðlima. Salurinn er nokkuð vinsæll til útleigu, því var ráðist í að kaupa ný glös og til skoðunar er að fara í frekari endurnýjun á kaffistelli og borðbúnaði. Með verkefna stjórnar til næstu ára er að skipuleggja næstu skref í viðhaldi á húsnæði félagsins.

Áfram var unnið í takti við framtíðarsýn félagsins til 2027, sem samþykkt var árið 2017, ásamt markmiðum til 2020, á svipaðan hátt og síðastliðið ár. Þar má nefna traust samstarf við Þjóðkirkjusöfnuði í nágrenninu, verkefnið jóll í skólkassa, góða leiðtogafræðslu, fjölskyldusamveru á vormisseri, hækkun á útleiguverði salar og fastar leigutekjur af hluta húsnæðisins. Bænastrandir yfir veturinn eru enn ekki orðnar vikulegar, eins og stefnt var að, en eru haldnar hálfsmánaðarlega yfir vetrarmánuðina. Efling innra starfs meðal fullorðinna félagsmanna var því miður lítið sinnt á árinu, en barna- og unglíngastarfið var í forgangi. Þó var haldin aðventu samkoma fyrir félagsfólk sem var vel sótt og verður vonandi að árlegum viðburði.

Starfsemi og viðburðir

Barna- og unglíngastarfið í vetur hefur verið með sama sniði og síðustu ár, það er einu sinni í viku fyrir hverja deild í 10 -11 vikur yfir misseri, nema deildirnar á Dalvík og Ólafsfirði sem hafa verið í 8 vikur á misseri.

Deildastarf

Vormánuðir: Réttur mánuður var eftir af deildastarfinu eftir aðalfund síðasta árs. Þátttakendur í Vinadeild á Akureyri voru 25 börn, í Leikjafjöri á Akureyri voru 13 börn, auk 16 barna á Ólafsfirði og 23 á Dalvík. Í unglíngadeildinni UD-Glerá voru 20 unglíngar á þessu tímabili. Í vetur hafa eftirfarandi deildir verið starfræktar á Norðurlandi:

- Vinadeild KFUM og KFUK á Akureyri – skráðir voru 65, en meðaltalsmæting um 28 börn. Leiðtogar: Eydis Ösp Eypórsdóttir og Guðlaug Sigríður Hrafnisdóttir.
- Leikjafjör KFUM og KFUK á Akureyri – skráðir voru 24, en meðaltalsmæting um 13 börn. Leiðtogar: Eydis Ösp Eypórsdóttir og Guðlaug Sigríður Hrafnisdóttir.
- Leikjafjör KFUM og KFUK á Dalvík – skráð 43 börn en meðaltalsmæting um 25. Leiðtogar: Eydis Ösp Eypórsdóttir, Elísabet Jóhannsdóttir og Guðlaug Sigríður Hrafnisdóttir.
- Leikjafjör KFUM og KFUK á Ólafsfirði – skráð 22 börn en meðaltalsmæting um 16. Leiðtogar: Eydis Ösp Eypórsdóttir, Sigríður Munda Jónsdóttir, Elísabet Jóhannsdóttir og Guðlaug Sigríður Hrafnisdóttir.
- Unglíngadeild í samstarfi við Glerárkirkju, UD-Glerá – skráðir þátttakendur alls 28, meðaltalsmæting á fund var um 20 unglíngar. Leiðtogar: Eydis Ösp Eypórsdóttir, Sunna Krístrún Gunnlaugsdóttir, Ingimar Baddi Ingimarsson Eydal, Guðlaug Sigríður Hrafnisdóttir, Guðlaugur Sveinn Hrafnsson, Hugufrún Birta Kristjánsdóttir og Dagbjört Lilja Björnsdóttir.



Frá fundi í unglingsdeildinni UD-Glerá.



Leiðtogar frá Akureyri sinna æskulýðsstarfinu á Dalvík og Ólafsfirði sem starfrækt er í samstarfi við kirkjurnar þar. Myndin er frá fundi í Dalvíkurkirkju.

Viðburðir

Helgina 15-17. mars tók Akureyrarfélagið á móti hópi ungmenna í KSS og KFUM&K þegar vetrarmót þessara félaga var haldið hér fyrir norðan. Hátt í 30 manns gistu í Sunnuhlíðinni og nutu þess að vera í góðum félagsskap hér í bænum. Margir fóru á skíði en þau sem kunna ekki við að bruna niður brekkur fóru í útsýnisferð um Eyjafjörð, kíktu í Jóláhúsið og Kaffi Kú. Á laugardagskvöldinu var sameiginleg kyrrðar og lofgjörðarsamkoma í Akureyrarkirkju með ungmönnum af fjórðungsmóti Æskulýðsfélaga Þjóðkirkjunnar á Norð-Austurlandi sem haldið var á Akureyri sömu helgi. Þar sá hljómsveit KSS um tónlist og stundin var í umsjón Sindra Geirs Óskarssonar svæðisfulltrúa KFUM&K á Akureyri.

9. apríl var haldin hæfileikasýning yngri deilda undir stjórn Sindra Geirs Óskarssonar. Sýningin tókst með miklum ágætum og þar sýndu krakkar úr starfinu á Akureyri, Dalvík og Ólafsfirði hina ýmsu hæfileika og listir. Sýningin var haldin í Sunnuhlíð 12, fjölmargir mættu og í lokin var pylsuveisla.

2. desember héldu KFUM&K á Akureyri og Hollvinir Hólavatsn adventu samveru sem lukkaðist vel og verður vonandi árlegur viðburður. Þar stigu margir félagar á stökk, m.a. Anna Ingólfssdóttir sem las úr bók sinni Þögn og Brynhildur Björnsdóttir sem las úr úr bók sinni og föður síns Bjarna Guðleifssonar, Náttúrþögnum.

12. febrúar lagði Hollenski guðfræðingurinn Theo van der Weele leið sína norður og talaði á sameiginlegri samkomu KFUM&K á Akureyri og Hvítasunnukirkjunnar. Samveran var vel sótt og vonandi verðum við duglegri að skipuleggja viðburði og samkomur í samstarfi við kirkjurnar hér á svæðinu.

Bænastundir hafa verið aðra hverja viku yfir veturinn og eru skipulagðar út maí. Fulltrúi frá KFUM&K á Akureyri hefur tekið að sér að flytja orð dagsins einn þriðjudag í mánuði á Lindinni, Sindri Geir Óskarsson hefur séð um það undandarna mánuði.

Í vetur hefur nokkur vinna fari í að skipuleggja "reunion" fyrir unglinga sem voru í starfinu á 9. og 10. áratug síðustu aldar. Þau ætla að hittast hér fyrir norðan laugardaginn fyrir páska og eiga skemmtilegt kvöld saman.

Framkvæmdir og starfsaðstaða

Nokkuð var um útleigu á salnum, einna helst fyrir fermingar- og útskriftarveislur, auk þess sem hópur kvenna frá Dalvík hefur fengið að nota salinn fyrir kaffisþjall einu sinni í mánuði yfir vetrartímann. Rússneska rétttrúnaðarkirkjan fékk að nýta salinn undir páskamessu og þá hafa samtökin Samhygð notað salinn fyrir sorgarhópastarf í fimm vikur á vormisseri.

Í sumar var farið í að skipta út gólfefni á sal félagsins auk þess sem salurinn var málaður og senan í austurenda salsins var fjarlægð. Þessar breytingar auka mjög notkunarmöguleika rýmisis og gera það aðgengilegra.

Gjafir og styrkir

Félagið stefnir að því að setja upp hjólastóla lyftu til að gera salinn aðgengilegri, því höfum við sent styrktarbeiðni á mörg fyrirtæki og stofnanir á starfsárinu og fengið styrki að upphæð 250.000 frá KEA og 150.000 frá Norðurlorku sem eyrnamerkir eru þessum framkvæmdum.

Í vetur hafa margir velunnarar styrkt félagið okkar, ýmist mánaðarlega eða með eingreiðslum. Við þökkum þessa góðu styrki og óskum ykkur Guðs blessunar.

Lokaorð

Árið hefur verið gjöfult og gott og þökkum við Guði fyrir blessun og handleiðslu. Mörg börn og unglingar hafa tekið þátt í starfinu sem hefur verið vandað, hressilegt, kærleiksrikt og miðast að því að efla jákvæða sjálfsmynd þeirra. Ungleiðtogarnir, aðrir sjálfbóðaliðar ásamt starfsmönnum Eydísi Ösp og Sindra Geir eiga þakkir skildar fyrir skemmtilegheit, hugmyndauðgi og dugnað sem hefur skilað sér í öflugum starfi. Megi Guð blessa þau í leik og starfi. Með gleði og trú um enn betra næsta ár ljúkum við þessu starfsári.

„Guð er þess megnugur að veita yður allar góðar gjafir ríkulega, til þess að þér í öllu og ávallt hafið allt sem þér þarfnist og getið sjálfir veitt ríkulega til sérhvers góðs verks.“ (II. Kor. 9:8)

17. KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum

Stjórn og stjórnarstörf

Aðalfundur

Aðalfundur KFUM og K í Vestmannaeyjum var haldinn 21. mars kl. 12:00 í safnaðarheimili Landakirkju. Fundinn sóttu 8 manns. Fundarstjóri var sr. Viðar Örn Stefánsson og Ragnheiður Perla Hjaltadóttir ritaði fundargerð. Hefðbundin aðalfundarstörf.

Stjórn KFUM & K í Vestmannaeyjum á starfsárinu skipuðu:

Guðmundur Örn Jónsson, formaður
Ragnheiður Perla Hjaltadóttir, ritari
Gísli Stefánsson, gjaldkeri
Brynja Halldórsdóttir, meðstjórnandi
Ásgeir Þór Þorvaldsson, meðstjórnandi

Stjórnin hélt þrjá stjórnarfundir á starfsárinu, alla í safnaðarheimili Landakirkju. Stjórnin hittist einnig við óformleg tilefni þar sem mál félagsins voru rædd.

Helstu verkefni stjórnar

Stjórnin nýtti fundi sl. starfsárs í að stilla félagið af við nýjan veruleika eftir sölu félagshússins árið áður. Ljóst er að breytingin eftir sölu er mikil viðbrigði fyrir félagið, sér í lagi hvað tengist fjármálum félagsins og svo fimmtudagskvöldunum yfir vetrartímann en þá voru opin hús í KFUM og KFUK húsinu. Sú starfsemi hefur nú verið færð í safnaðarheimili Landakirkju. Breytingarnar eru fyrst og fremst jákvæðar og hafa opnað nýjar dyr og nýja spennandi möguleika í starfsemi félagsins.

Stjórnin hélt áfram, eins og fyrr, að styrkja þátttakendur og leiðtoga í starfinu til þátttöku á mótum og viðburðum á vegum Þjóðkirkjunnar og KFUM og KFUK á Íslandi.

Starfsemi og viðburðir

Deildastarf

Opin hús í safnaðarheimili Landakirkju í Vestmannaeyjum er starfrækt unglingsdeild fyrir 8. og 10. bekk og fyrsta ár í framhaldsskóla. Á fimmtudagskvöldum var opið hús í safnaðarheimili Landakirkju og sóttu það um 10 unglingar að jafnaði í hverri viku. Þátttaka í opnu húsunum hefur minnkað milli ára og eru það tveir þætti sem ráð þar mestu um. Í fyrsta lagi eru opnu húsin á nýjum stað og breytingar taka tíma. Í öðru lagi eru færri í þeim árgöngum sem hafa verið að koma inn sl. 2 ár, en hafa verið árin þar á undan. Leiðtogarnir Ásgeir Þór Þorvaldsson og Ingi Þór Halldórsson héldu utan um opnu húsin á starfsárinu með aðstoð Gísla Stefánssonar æskulýðsfulltrúa og eiga heiður skilið fyrir það. Árið var notað í að þróa opnu húsin enn frekar í nýjum heimkynnum og nokkrar nýjungar kynntar til leiks.

Æskulýðsfundir í Landakirkju

Á sunnudagskvöldum eru haldnir æskulýðsfundir í Landakirkju og að jafnaði sækja um 20 þá fundi. Krakkar úr 8. og 10. bekk eru máttarstólpar starfsins ásamt leiðtogahópnum sem samanstandu að mestu af



KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum er starfrækt í nánu samstarfi við Landakirkju.

menntaskólakrökkum. Stór hluti þátttakenda eru einnig í leiðtogaþjálfun í Landakirkju og hjá KFUM og KFUK á Íslandi og starfa sem ungleiðtogar í einum af krakkaklúbbum Landakirkju.

Sjálfbóðaliðar í starfinu

Sjálfbóðaliðar í starfinu: Arnar Gauti Egilsson, Aron Kristinn Smáráson, Ásgeir Þór Þorvaldsson, Brynja Halldórsdóttir, Gabríel Guðmundsson, Guðný Emilíana Tórshamar, Guðmundur Örn Jónsson, Jóhannes Þór Jóhannesson, Per Henrik Haraldsson, Ragnheiður Perla Hjaltadóttir, Rósa Kristín Friðriksdóttir, Sandra Dögg Valgeirsdóttir, Sigurlás Máni Hafsteinsson, Snorri Rúnarsson, Trausti Mar Sigurðarson og Veigar Máni Vattnes Sævarsson.

Viðburðir

Friðriksmótið í Vatnaskógi

8 þátttakendur og 5 leiðtogar á vegum Æskulýðsfélags Landakirkju og KFUM og K í Vestmannaeyjum fóru á Friðriksmótið sem haldið var í Vatnaskógi dagana 22. – 24. febrúar 2019. Mótið var framúrskarandi og hvetjandi, vel skipulagt og þeir stjórnendur og leiðtogar sem sáu um að skipuleggja og keyra mótið áfram eru augljóslega mikil gersemi fyrir félagið. Þetta mót er án nokkurs vafa einn af hápunktum ársins hjá þátttakendum og leiðtogum í Æskulýðsfélagi Landakirkju og KFUM og K í Vestmannaeyjum.

Tölvuleikjamessa á æskulýðsdegi Þjóðkirkjunnar

3. mars, á æskulýðsdegi Þjóðkirkjunnar var haldin tölvuleikjamessa í samstarfi við æskulýðsfélagið. Leikin voru lög og stef úr þekktum tölvuleikjum og sungu kór Landakirkju og Karlakór Vestmannaeyja. Okkar einlægi leiðtogi, Ásgeir Þór Þorvaldsson predikaði í messunni og komst vel að orði. Hann hafði meðal annars orð á því að Jesús Kristur og Super Mario ættu það sameiginlegt að hafa fengið aukakall!



Vorhátíð Landakirkju

Árleg vorhátíð Landakirkju var haldin 5. maí og heppnaðist gríðar vel. Vorhátíðin markar lok vetrarstarfsins og hefst með sunnudagskóla í Landakirkju. Að henni lokinni er haldið út á kirkjulóðina þar sem kirkjugestum er boðið upp á grillaðar pylsur og ungvíðinu boðið í leiki og fjör sem leiðtogar safnaðarins og KFUM og K halda utan um.

Landsmót ÆSKP í Ólafsvík

12 þátttakendur og 3 leiðtogar á vegum Æskulýðsfélags Landakirkju og KFUM og K í Vestmannaeyjum fóru norður á Ólafsvík dagana 25. – 27. október til að taka þátt í árlegu Landsmóti ÆSKP. Mótið var í alla staði vel heppnað og ut anumhald gott. Þrátt fyrir langt ferðalag og miklar keyrslur komu ferðalangarnir sælir og sáttir heim eftir gott mót.

Framkvæmdir og starfaðstaða

Starf félagsins fer nú allt fram í safnaðarheimili Landakirkju. Fræðslustofa safnaðarheimilisins er heimili félagsins á fimmtudagskvöldum en þar eru opnu húsin nú starfrækt og á sunnudagskvöldum eru helgistundir í kirkjunni og leikir og smíðjur í sal safnaðarheimilisins. Stjórn KFUM og K í Vestmannaeyjum er afar þakklát fyrir það góða samstarf sem félagið á við söfnuðinn og sóknarnefnd og vonar að það megi vera áfram um ókomna tíð.

Lokaorð

Árið 2019 var gleðilegt hjá Æskulýðsfélagi Landakirkju og KFUM og K í Vestmannaeyjum og horfum við fram á enn gleðilegra ár árið 2020. Framundan er ferð félagsins á norrænt mót í Lapplandi í norður Finnlandi þar sem við fáum að eyða tíma með krökkum frá hinum norðurlöndunum. Þær ferðir eru alltaf skemmtilegar og skilja mikið eftir sig.

Stjórn KFUM og K í Vestmannaeyjum vill koma á framfæri þökkum til þeirra fjölmörgu sem lagt hafa starfinu lið og ber þar helst að nefna sjálfboðaliða félagsins sem eiga að baki mikla og óeigingjarna vinnu til stuðnings féluginu.

18. KFUM og KFUK á Suðurnesjum

Stjórn og stjórnarstarf

Aðalfundur KFUM og KFUK á Suðurnesjum var haldinn 12.mars 2019.

Stjórn KFUM og KFUK á Suðurnesjum á starfsárinu skipuðu:

Sigurbjört Kristjánsdóttir – formaður
Sveinn Valdimarsson – gjaldkeri
Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir – ritari
Blær Elíasson – varamaður
Erla Guðmundsdóttir – varamaður

Skóðunarmenn reikninga voru:

Páll Skaftason
Sigvaldi Björgvinsson

Stjórnarstörf

Stjórnin hélt 7 fundi á árinu og voru verkefni hennar margvísleg. Fólust þau í almenntri umsjón með deildarstarfi á Suðurnesjum, en starfsstöðvarnar eru 4 talsins: fjórar deildir í félagsheimili KFUM og KFUK í Keflavík, ein deild í safnaðarheimili kirkjunnar í Innri-Njarðvík og ein deild á Ásbrú í samstarfi við Njarðvíkursókn og þrjár deildir í Grindavík í samstarfi við Grindavíkursókn. Hlutverk stjórnar var að fá leiðtoga til að leiða starfið í Reykjanesbæ og gekk það mjög vel. Haldin voru fjögur leikjanámskeið sumarið 2019. Einnig bar stjórnin ábyrgð á umsjón og viðhaldi félagsheimilisins að Hátúni 36 í Reykjanesbæ.

Leiðtogar

Leiðtogar og ungleiðtogar starfsins í Reykjanesbæ og Grindavík voru 32 talsins.

Starfsemi starfsstöðvar

Skráðir þátttakendur í deildarstarfi KFUM og KFUK á Suðurnesjum haustið 2019 voru 261 talsins.



Frá fundi í Vinadeildinni.

Deildarstarfið

Deildarstarfið gekk mjög vel og ánægjulegt er hversu margir leiðtogar, börn og unglingar hafa áhuga á starfinu. Dagskrá fundanna var fjölbreytt og skemmtileg þar sem vel var hugað að hvað hentar hverjum aldurshópi. Til þess að hafa gott upplýsingastreymi voru eins og áður fésbókarsíður notaðar sem leiðtogar starfsins hafa aðgang að. Auk þess voru reglulega settar inn fréttir og myndir af starfinu á fésbókarsíðu sem foreldrar og velunnarar starfsins á Suðurnesjum hafa aðgang að. Sú síða hefur vakið góð viðbrögð og ánægju hér á svæðinu.

Æskulýðsfulltrúar

Enginn æskulýðsfulltrúi er starfandi á Suðurnesjum en mjög góð tengsl voru við æskulýðsfulltrúana frá þjónustumiðstöð KFUM og KFUK á Holtavegi og upplýsingaflæðið var mjög gott.

Leiðtogafræðsla.

Hluti af leiðtogum á Suðurnesjum hafa sótt leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK (sjá kafla 3) sem haldin er í sumarbúðum KFUM og KFUK tvisvar á ári. Þar fá leiðtogar góða fræðslu sem nýtist þeim í deildarstarfi. Við hvetjum alla ungleiðtoga okkar til þess að taka þátt í þjálfuninni. Um 10 leiðtogar sóttu námskeiðið „Verndum þau“ nú í janúar sem er frábært námskeið um barnavernd og barnaverndarlög.

Leikjanámskeið

Fjögur leikjanámskeið voru haldin í júní 2019. Forstöðufólk voru Jóhanna María Kristinsdóttir og Íris Guðnadóttir. Aðstoðarmaður þeirra var Guðbjörg Ylfa Elvudóttir. Auk þeirra unnu á námskeiðunum Aron Bjarki Róbertsson, Berggrún Dögg Bjarnadóttir, Elísabet María Kristinsdóttir, Eliza Liv Taylor, Ólafur Þór Gunnarsson, Ragnar Snær Sigurðsson, Arnþór Ingi Arnarsson, Jón Arnar Birgisson, Eyþór Ingi Brynjarsson, Þórunn Fríða Unnarsdóttir og Helga Rut Guðjónsdóttir. Þátttakendur á námskeiðunum voru 80 talsins. Leikjanámskeiðin gengu vel og vöktu góða athygli í bæjarfélaginu þar sem bæði börn og leiðtogar settu svip sinn á bæinn.

Önnur starfsemi

Eins og undanfarin ár hefur húsið verið lánað fyrir fáeina viðburði.

Ýmsir viðburðir

Í apríl var haldið í Vatnaskóg í vorferð yngri deilda KFUM og KFUK. Stór hópur barna úr deildunum í Keflavík, Innri-Njarðvík og Grindavík fór í ferðina sem gekk mjög vel.

Leiðtogum í KFUM og KFUK í Reykjanesbæ var boðið í óvissuferð í maí sem þakklætisvott fyrir dýrmætt og óeigingjarnt starf í þágu félagsins. Haldið var til Reykjavíkur þar sem hópurinn skemmti sér dagspart og borðaði saman.

Í júlí fóru 9 ungmenni í ungmennaskiptaverkefni til Slóvakíu, þar sem hópar ungmenna frá Þýskalandi, Íslandi og Slóvakíu hittust. Ferðin var í sjö daga og snerist verkefnið aðallega um þátttöku ungmenna í lýðræðslegu samfélagi. Gist var í sumarbúðum í litlu þorpi sem heitir Vel'ky Slavkov. Ferðin gekk ljómandi vel og stefnt er að því að þessi tiltekni hópur hittist aftur á Íslandi 2020.



Hópur úr unglíngadeildinni fór einnig til London í ágúst til að fagna 175 ára afmæli KFUM. Mikil fjöldi þátttakenda á aldrinum 16 – 35 ára frá 6 heimsálfum og yfir 100 löndum mætti á svæðið og tók þátt í fjölbreyttri dagskrá og fjölda viðburða við allra hæfi. Ferðin gekk mjög vel og ungmennin færðu margt í reynslubankann sinn.

Haustið 2019 fór vel af stað. Stofnuð var unglíngadeild á Ásbrú í samstarfi við Ytri- Njarðvíkursókn.

Þátttakendur úr yngri deildum í Keflavík, Innri-Njarðvík og Grindavík fóru í haustferð í Vatnaskóg sem gekk mjög vel. Börnin voru mjög ánægð og sæl með þá ferð.

UD-Keflavík og UD-Grindavík fóru á miðnæturíþróttamót í Vatnaskógi sem haldið var í nóvember. Þar komu saman fjölmargir unglíngar og tóku þátt í fjölbreyttri dagskrá. UD-Grindavík tók þátt í landsmóti ÆSKP í Ólafsvík í lok október.

Í janúar ár hvert er leiðtogum eldri en 20 ára boðið í kvöldverð og eiga huggulega kvöldstund sem þakklætisvott fyrir starfið um haustið. Leiðtogar yngri en 20 ára fá jólagjöf sem þakklætisvott fyrir sin góðu störf. Nýja árið fór ágætlega af stað en í febrúar fóru unglíngadeildirnar í Keflavík og Grindavík á Æskulýðsmótið Friðrik í Vatnaskógi. Dagskráin var fjölbreytt og áhugaverð og skemmtu unglíngarnir sér konunglega.

Gjafir og styrkir

Stærstur hluti tekna KFUM og KFUK á Suðurnesjum kemur frá Reykjanesbæ samkvæmt samstarfssamningi við bæinn og frá Keflavíkursókn. Einnig fær félagið styrki frá ýmsum fyrirtækjum og velunnurum starfsins. Þá er ótalinn hinn mikli styrkur sem felst í starfi sjálfboðaliða sem koma að starfinu.

Viðhald félagsheimilisins að Hátúni 36

Á liðnu starfsári var haldið áfram að endurnýja innri salinn í félagsheimilinu. Loftið var klætt og nýjir innveggir settir upp fyrir leiðtogaherbergi, lögð voru ný gólfefni, gluggar og útihurð að aftanverðu endurnýjuð auk þess var ný eldhúsinnrétting sett upp ásamt nýjum tækjum.

Framtíðarsýn

Vinna við framtíðarsýn KFUM og KFUK í Reykjanesbæ og ýmis verkefni samhliða henni eru í gangi. Stefnt er að því að halda áfram að efla drengjastarfi með því að byggja upp öfluga leiðtoga með fræðslu og leiðsögn. Ný unglíngadeild á Ásbrú hóf starfssemi á árinu og vonast er til að það eflist starfið enn frekar. Við eigum vinum okkar á samskiptasiðu okkar margt að þakka við að koma markmiðum okkar og fréttum á framfæri enda er hún frábær leið til að auglýsa starfið okkar á svæðinu. Tengslum við Reykjanesbæ verður haldið áfram m.a. með því að taka þátt í hinum ýmsu menningarviðburðum Reykjanesbæjar.

Lokaorð

Við finnum stöðugt fyrir blessun og varðveislu Guðs í öllu okkar starfi. Hann gengur á undan og leiðir okkur þann veg sem við eigum að ganga. Við erum rík af hæfileikaríkum leiðtogum sem gefa starfinu mikið gildi. Þakklæti er okkur efst í huga og sú víska að með hjálp Drottins tókumst við á við áskoranir framtíðarinnar.



Leikjanámskeiðin genngu vel sumarið 2019.



19. Vinagarður leikskóli KFUM og KFUK

Stjórn og stjórnarstörf

Aðalfundur

Aðalfundur Vinagarðs, leikskóla KFUM og KFUK, var haldinn þann 20. mars 2019 á Holtavegi 28, en 16 manns sóttu fundinn. Magnús Viðar Skúlaason var settur fundarstjóri og Bára Sigurjónsdóttir ritaði fundargerð. Magnea Sverrisdóttir og Nina Björg Þórsdóttir voru í kjörnefnd fyrir aðalfund.

Skoðunarmenn reikninga voru Einar Helgi Ragnarsson og Anna Kristín Guðmundsdóttir. Skoðunarmaður reikninga til vara var María Aðalsteinsdóttir.

Stjórn

Stjórn leikskólans á starfsárinu skipuðu:

- Guðmundur Karl Einarsson, formaður
- Anna Guðný Hallgrímsdóttir, varaformaður
- Erna Guðmundsdóttir, gjaldkeri
- Jóhanna María Z. Friðriksdóttir, ritari og fulltrúi KFUM og KFUK á Íslandi
- Anna Elísa Gunnarsdóttir, meðstjórnandi og fulltrúi foreldra
- Berglind Ólög Sigurvinsdóttir, varamaður
- Fjölur Guðmundsson, varamaður

Á árinu hélt stjórnin átta stjórnarfundum. Stjórnin hélt einn fund með starfsfólki leikskólans þar sem farið var yfir starfið og framkvæmdir í leikskólanum. Stjórn KFUM og KFUK kom einnig á einn fund með stjórninni þar sem þau fengu kynningu á starfi leikskólans.

Helstu verkefni stjórnar

Stjórn leikskólans hefur á árinu haldið áfram að bæta starf leikskólans og aðstöðuna þar með ýmsum framkvæmdum. Unnið var áfram að hugmyndum um stækkun leikskólans en sú vinna biður niðurstöðu um framtíðarskipulag lóðarinnar.

Fenginn var sérfræðingur frá Rauða Krossinum til þess að halda stutt námskeið fyrir starfsfólk. Námskeiðið snérist um áföll og afleiðingar þeirra og var það vel sótt af starfsfólki leikskólans.

Starfsmenn leikskólans

Við leikskólann eru rúmlega 20 stöðugildi, en starfsmenn leikskólans á árinu voru María Sighvatsdóttir leikskólastjóri, María Jónsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjóri og Brynjar Kristinsson matráður. Deildarstjórar voru Alma Auðunardóttir, Sesselja Kristinsdóttir, Eva Dögg Sveinsdóttir, Ingibjörg Leifsdóttir og Hulda Björg Jónasdóttir. Deildarstjórar eru allir með uppeldismenntun. Sérkennslustjóri er Ragnhildur Gunnarsdóttir.

Háskólamenntaðir starfsmenn eru Anna Jóhanna Hilmarsdóttir BA í þjóðfræði, María Sigurðardóttir BA í umhverfis- og auðlindafræði og nemi í kennslufræði við HA, Einar Sigurmundsson kerfisfræðingur og Gerður Bolladóttir leikskóla- og tónlistakennari.

Leiðbeinendur eru Aðalheiður Sighvatsdóttir, Anna Peta Guðmundsdóttir, Anna Kristín Gunnlaugsdóttir, Gunnhildur Fjöla Ágústsdóttir, Guðrún Ragna Karlsdóttir, Gyða Rut Arnmundsdóttir, Sigrún Ásta Kristinsdóttir, Victoria Sigurðardóttir og Þorbjörg Tómasdóttir.

Veikindi starfsmanna, þ.e. flensur, umgangspesir og aðrir kvillar hafa sett sitt mark á starf leikskólans í vetur. Það var oft þó nokkuð þúsluspil að skipuleggja dagana svo við værum ekki undirmönnuð í deildarvinnunni en með jákvæðni tókst það. Kom þar glöggst í ljós það viðhorf sem við tileinkuðum okkur fyrir nokkrum árum að vilji og viðhorf er allt sem þarf þegar breyta þarf skipulagi með litlum sem engum fyrirvara.



Leikskólastarfið

Á Vinagarði er vináttan í viðum skilningi rauði þráðurinn í starfinu og eitt af sérkennum skólans. Markmið starfsins er að efla kristið siðgæði, virðingu og sjálfstæði, frumkvæði og sköpunargleði. Gildi leikskólans eru trú, von og kærleikur.

Lögð er rík áhersla á að í leikskólanum sé notalegt andrúmsloft og að þar ríki gleði og væntumþykja. Börnunum er kennt að við erum hluti af sköpunarverki Guðs og að bera skuli umhyggju fyrir náttúrunni og öllu því sem Guð hefur skapað. Einnig er lögð áhersla á að börnin beri umhyggju fyrir öðrum og þau læri að verða sjálfstæðir einstaklingar með góða og sterka sjálfmynd.

Á hverri önn er unnið með ákveðin áhersluatriði sem hafa áhrif á allt starf leikskólans hvort sem það er hópastarf, hreyfing, málörvun, myndsköpun, tónlist o.s.frv. Síðastliðið haust unnu yngstu börnin með litina og eftir áramót unnu þau með moldina, ánamaðka og krumma. Eldri börnin fengu einnig fræðslu um lífið í moldinni og unnu margvísleg verkefni því tengt. Einnig var unnið með umhverfisvitund og mátti finna að börnin vildu láta til sín taka í þeim efnum. Við tókum upp þá nýbreytni að hafa þemavinnuna í lotum á hvorri önn fyrir sig og gafst það mjög vel. Kristinfræðsla skipar alltaf stóran þátt í starfinu þar sem daglega er lesið úr Barnabíbliunni og börnum kenndar bærir, minnisvers og söngvar.

Um jól og páska fara börnin í leikskólanum í heimsókn til sr. Sigurðar í Áskirkju þar sem einstaklega vel hefur verið tekið á móti hópnun. Kristný Rós djákni í Áskirkju lét af störfum í haust og söknum við hennar mikið en starf hennar auðgaði sannarlega leikskólalífið.

Hinrik Valsson danskennari sá um danskennslu fyrir börnin, eins og undanfarin ár, sem endar á danssýningu þar sem foreldrum og forráðamönnum er boðið.

Í vetur hefur Gerður Bolladóttir séð um tónlistastundir fyrir öll börn á leikskólanum. Þetta eru mjög fjölbreyttar og skemmtilegar stundir. Börnin læra ýmsa söngva, spila á hljóðfæri og læra að dansa við lögin. Einnig hefur hún unnið mikið með takt og nótur, t.d. göngunótur og hlaupanótur. Einnig hefur hún frætt þau um ýmis hljóðfæri og þjáfað þau í að hlusta á tónlist. Bæði spilar hún á hljóðfæri fyrir börnin og þau hlusta á tónlist af geisladiskum. Í lok annar er foreldrum boðið að koma með í tónlistastund.

Börnin á Vinagarði tóku þátt í verkefninu Jól í skókassa og skiluðu þau 80 kössum að þessu sinni. Verkefni er einstök leið til að kenna börnunum samkennd og ábyrgð, að okkur kemur náunginn við.

Dagur leikskólans, 6. febrúar, var haldinn hátíðlegur í leikskólanum og meðal annars var foreldrum boðið að vera með okkur í söngstund.



Í vetur höfum við haldið áfram að þróa útikennsluna sem við höfum með elstu börnunum fyrir nokkrum árum og nú eru allir árgangar skólans komnir með útikennslu en mismikið eftir aldri.

Börn á elstu deild Vinagarðs

Elstu börnin í leikskólanum fara mánaðarlega í Friðuhús sem er dagvistun fyrir fólk með heilabilun. Þar syngja börnin fyrir fólkið og í lokin er svo boðið upp á hressingu og börnin setjast hjá fólkinu og spjalla. Þessar stundir hafa gefið öllum aðilum mikið og verið mjög þroskandi fyrir börnin, svo ekki sé nú talað um ánægjuna sem fylgir strætóferðunum.

Eins og undanfarin ár var haldið sundnámskeið fyrir elstu börn leikskólans í lok vorannar. Börnin fara gangandi eða í strætó úr leikskólanum í Laugardalslauginna þar sem sundkennari sér um námskeiðið. Oft er sundferðunum fléttað saman við vettvangsferðir um Laugardalinn á heimleiðinni.

Suðurlíðaskóli hefur boðið elstu nemendum Vinagarðs í dagsheimsókn og endurgjalda nemendur þar heimsóknina með því að koma í heimsókn á Vinagarð í einn dag.

Nokkrum sinnum yfir veturinn fara elstu börnin á Sólheimabókasafn á kynningu og sögulestur og hefur það tekist mjög vel.

Elstu börnin taka þátt í ýmsum menningarviðburðum. Til dæmis var Hallgrímskirkja heimsótt og fengu börnin þar fræðslu um „Jólin hans Hallgríms“. Einnig var farið á sýningar hjá Borgarleikhúsinu og Þjóðleikhúsinu.

Í maí fóru elstu börnin í útskriftarferð á Suðurnesin þar sem Skessuhellir í Reykjanesbæ og Hvalsneskirkja voru skoðuð. Ferðin endaði í Smiðshúsum þar sem grillaðar voru pylsur, börnin léku sér og fóru í fjöruferð. Elstu börnin enda skólaárið á hátíðlegri útskriftarathöfn þar sem foreldrum er boðið að vera með.

Samstarf

Samstarf er á milli elsta árgangs leikskólans og Langholtsskóla. Á degi íslenskrar tungu var börnunum boðið á samverustund í Langholtsskóla og í desember var þeim boðið á leiksyningu hjá nemendum skólans.

Gott samstarf er á milli leikskólanna í hverfinu, Langholtsskóla og frístundarinnar í Glaðheimum. Samstarfið er í þróun og hefur gengið mjög vel. Eitt af markmiðum samstarfsins er að börnin í hverfinu fái að kynna áður en grunnskólagangan hefst og einnig að þau fái að kynna Langholtsskóla. Elstu börnum Vinagarðs er boðið í heimsókn í skólann þar sem skólastjórinn sýnir börnunum skólann. Á vorönn var í fyrsta sinn



haldinn fundur með foreldrum tilvonandi grunnskólubarna í þeim tilgangi að foreldrar fengju fræðslu um skólann og einnig svör við spurningum sínum. Mörg ný skref hafa verið tekin í að þróa og bæta samstarfið. Má þar nefna að börnum í frístund í Dalheimum hefur vikulega boðist að heimsækja Vinagarð og leika við leikskólubörnin eða lesa fyrir þau. Einnig hefur samstarf við Glaðheima aukist. Ein hugmynd að frekara samstarfi er sú að leikskólarnir hittist í Glaðheimum og verði með vinnusmiðjum þar sem leikskólarnir skiptast á að sjá um verkefni í smíðjunum. Einn leikskóli kynnir Lausnahringinn sem er ákveðin leið til að kenna börnunum að leysa deilur. Annar leikskóli kynnir ýmis stærðfræðiverkefni til að vinna með börnunum og svo framvegis.

Í vetur hefur verið unnin undirbúningsvinna að samstarfi allra leikskólanna í hverfinu og Langholtsskóla. Um er að ræða Erasmus verkefni sem gengur út á upphaf grunnskólagöngunnar eða skólaskilin milli leikskóla og grunnskóla og er HLJÓM-2 okkar framlag í þetta verkefni. Hljóm-2 er próf í leikjaformi sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barnanna í leikskólanum. Verkefnið er í samstarfi við leikskóla- og grunnskóla í Króatíu, Grikklandi, Noregi, Danmörku og Írlandi. Það er áhugavert að kynnast því hvaða áherslur eru í hverju landi og alltaf getum við lært hvert af öðru. Aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri sóttu ráðstefnu til Þessaloníku í Grikklandi á vordögum 2019 þar sem hvert land kynnti verkefnið sitt.

Framkvæmdir og starfsaðstaða

Starf stjórnarinnar hefur á árinu snúist að miklu leyti um að bæta umhverfi leikskólans. Þannig héldu framkvæmdir og endurbætur á húsnæði leikskólans áfram. Um sumarið var fataklefinn á Uglugarði endurnýjaður, milliveggur rifinn niður og er fataklefinn nú eitt stórt rými. Þá var nýtt gólfefni lagt og hljóðloft til að bæta hljóðvist. Rýmið var jafnframt málað og ný hólfi sett upp. Þvottahús leikskólans var jafnframt endurbætt. Framkvæmdir tóku lengri tíma en áætlað var og því þurfti að færa innganginn á Uglugarð um tíma. Starfsfólk á mikið hrós skilið fyrir þolinmæli og jákvæðni meðan á framkvæmdum stóð. Mikil ánægja er með nýju fataklefanum meðal starfsfólks, foreldra og barna. Á árinu voru einnig gerðar endurbætur á leikskólalóðinni. Gömul leiktæki sem voru ónýt og gömul voru fjarlægð og keypt ný í staðin. Rólurnar á lóðinni voru lagfærðar, sandkassasvæðið var stækkað og afmarkað betur. Verkinu er að mestu lokið, en skipt verður um sand á sandkassasvæði þegar vorar. Mikil ánægja er meðal barna með nýju leiktækin og þær breytingar sem gerðar voru á leikskólalóðinni.

Fjármál

Árið 2019 kom illa út fjárhagslega hjá leikskólanum og liggja nokkrar ástæður þar að baki. Nokkur hluti framkvæmda á árinu 2018 var greiddur árið 2019, fjarvera starfsmanna vegna langtímaveikinda var nokkur, launakostnaður jókst vegna hækkana kjarasamninga og ekki tókst að fullnýta öll leikskólaplássin, m.a. þar sem Reykjavíkurborg fjölgaði verulega leikskólaplássum í hverfinu. Stjórn Vinagarðs hefur unnið að því í lok starfsársins að greina nánar ástæður afkomunnar og gera, í samstarfi við leikskólastjóra, viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja áfram farsælan rekstur eins og verið hefur undanfarin ár. Eitt af því sem unnið er að er viðbótarsamningur við Reykjavíkurborg svo hægt sé að taka inn börn frá 12 mánaða aldri í stað 18 mánaða eins og nú er.

Foreldrasamstarf


Foreldrafélag Vinagarðs hefur starfað síðan í febrúar 2001 en starfsár foreldrafélagsins er 1. október – 30. september ár hvert. Foreldrafélagið stóð fyrir nokkrum viðburðum á árinu. Skipulögð var skautuferð á starfsdegi leikskólans, 8. mars og fjölmargir krakkar mættu ásamt forráðamönnum og skemmtu sér vel á skautum. Fræðslukvöld var haldið 9. apríl og var yfirskrifin skyndihjálp, en sjúkraflutningamaðurinn Kristján Sigfússon kom og kenndi bæði foreldrum og kennurum. Foreldrafélagið stóð einnig fyrir myndatökum af nemendum en kostnaður var lítil og ágóðinn rann allur í starf foreldrafélagsins. Vorhátíð Vinagarðs var haldin 11. maí en þar skipulagði foreldrafélagið viðburði utandyra og stóð fyrir sælkerabasar. Skömmu fyrir vorhátíðina hafði foreldrafélagið einnig staðið fyrir vorhreingerningu á leikskólalóðinni. Þá var skipulögð hópsýning á Litlu hafmeyjuna í uppsetningu Leikhópsins Lottu. Foreldrafélagið bauð börnum og foreldrum upp á rútuferð í Vatnaskóg í október en leikskólinn greiddi fyrir leigu á staðnum og veitingar. Í nóvember komu foreldrar saman til þess að pakka inn jólagjöfum fyrir börnin sem þau fengu afhent fyrir jól. Jólballið var haldið í byrjun desember og stóð foreldrafélagið þar fyrir basar.

Foreldrafélagið hélt viðtekinni venju og gaf hverjum starfsmanni einn launaðan frídag en þá hlupu foreldrar í skarðið og unnu á leikskólanum. Óhætt er að halda því fram að samstarf við foreldra sé til fyrirmyndar á leikskólanum og koma foreldrar að starfi leikskólans á nánast öllum sviðum.

Lokaorð

Eins og sjá má á þessari skýrslu er starf leikskólans yfirgripsmikið og líflégt. Það er alltaf eitthvað skemmtilegt um að vera og margt spennandi framundan. Stjórn leikskólans þakkar starfsfólki leikskólans fyrir framúrskarandi störf á árinu með börnunum og fyrir að hafa skapað þeim hlýlegt og kærleiksrikt umhverfi.





Allir eiga þeir að vera eitt
(Jóh. 17:21)

Ekki með valdi né krafti,
heldur fyrir anda minn!
-segir Drottinn allsherjar
(Sak. 4:6)